











FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. apríl 2005 – 113. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


FIMMTUDAGUR



**SKOÐA FYRNINGAR** Björn Bjarnason vill að litið verði á afnám fyrningar kynferðisbrota gegn börnum í samhengi, en í ráðuneyti hans liggja fyrir tillögur í þeim efnum. Hann segist munu taka því vel ákveði allsherjarnefnd að vísa frumvarpi sama efnis til ráðuneytisins. **Sjá síðu 4**

**BIÐLAÐ TIL ALMENNINGS**
Forystumenn Almennings ehf. biðla til þeirra sem hyggjast kaupa með þeim í Símanum að veita sér umboð til að taka við trúnaðargögnum. Ella segjast þeir ekki geta boðið í Símann. **Sjá síðu 2**

**UNGT FÓLK DREKKUR MEIRA** Lýðheilsustofnun varar við auknu aðgengi almennings að áfengi þrátt fyrir að nýleg könnun sýni að Íslendingar drekki mun minna af áfengi en aðrar þjóðir Evrópu. Neysla ungs fólks er þó að aukast. **Sjá síðu 6**

VEÐRIÐ Í DAG




**BJARTVIÐRI NYRÐRA** Skýjað með köflum annars staðar og stöku skúrir. Hiti 6-14 stig, mildast Suðvestanlands en svalast á Vestfjörðum. **Sjá síðu 4**

DAGURINN Í DAG



**ÚRSLITIN GETA RÁÐIST** Haukar eiga kost á að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn í handbolta kvenna í kvöld. Þá taka Haukar á móti ÍBV að Ásvöllum. Haukastúlkur hafa unnið tvo fyrstu leikina og þurfa aðeins einn sigur enn til að tryggja sér titilinn.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 46 | Myndlist | 38 |
| Tónlist | 42 | Íþróttir | 30 |
| Leikhús | 38 | Sjónvarp | 48 |



73%

20-49 ára fólks á svhorninu lesa Fréttablaðið á laugardögum.*

Hver vill ekki fá þetta fólk í heimsókn í sína verslun?

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ


# Stórhert eftirlit með örorkusvikurum

**Tryggingastofnun ríkisins er nú að skera upp herör gegn þeim sem svíkja út örorkulífeyri. Þar er um að ræða fólk sem er á bótum en vinnur „svart“. Einnig lífeyrisþega með börn sem eru fráskildir á pappírunum og fá þar með hærri barnalífeyri.**

**LÍFEYRISMÁL** Tryggingastofnun ríkisins er nú að herða mjög eftirlit sitt, meðal annars með því hvort fólk á örorkubótum fer í kringum þær reglur sem þarf að uppfylla til að fá slíkar bætur greiddar, að sögn Sigurðar Thorlacius tryggingayfirlæknis.

Eins og fram kemur í nýrri skýrslu Tryggva Þórs Herbertssonar hefur öryrkjum fjölgað mjög mikið og útgjöld hins opinbera hafi aukist úr 3,8 milljörðum króna í 12,7 milljarða á 13 árum. Á sama tíma hafi bótaþegum fjölgað um 82 prósent.

Fréttablaðið hefur staðfestar heimildir fyrir því að fólk á örorkubótum taki að sér að vinna „svart“, það er að tekjurnar séu ekki gefnar upp til skatts. Barnapössun í



**TRYGGINGAYFIRLÆKNIR**
Sigurður Thorlacius segir að þeir sem svíki út örorkulífeyri rýri kjör hinna sem séu upp á bæturnar komnir.

heimahúsum og hreingerningar eru meðal þeirra starfa sem þessir einstaklingar sækja í. Væru tekjurnar gefnar upp til skatts myndi það skerða örorkulífeyrinn.

„Það er ekki bara svarta vinnan sem rætt er um að eigi sér stað hjá einstaklingum á örorkubótum,“ sagði Sigurður. „Það eru margir að segja okkur ósatt. Þar er um að ræða einstaklinga sem eru með börn en þykjast ekki vera í sambúð. Það þýðir að þeir fá miklu hærri bætur hjá okkur. Það hefur aftur í för með sér að þeir fjölmörgu sem eru í sárri neyð og algerlega upp á bæturnar komnir, líða fyrir hina sem eru að ljúga að okkur um sínar aðstæður. Nú verður kannski gripið til þess að lækka barnalífeyrinn og það bitnar illilega á þeim sem fá hann á réttum forsendum.“

Spurður um hvort sá örorkumatsstaðall sem tekinn var upp 1999 hefði gefist vel hvað varðaði að sía þá úr sem sannarlega þyrftu á örorkubótum að halda sagði Sigurður það ljóst, að hluti af vandamálinu væri krafa vinnumarkaðarins um aukna arðsemi. Þeir sem hefðu skerta færni gæfust ef til vill upp eða væru látnir fara. Íslensk rannsókn hefði leitt í ljós að mjög sterk tölfræðileg tengsl væru á milli atvinnuleysis og nýgengis örorku. Staðallinn ætti að greina á milli atvinnulausra og öryrkja, en geri það hugsanlega ekki eins og til væri ætlast. Til greina kæmi að herða hann eða athuga einnig félagslegar og fjárhagslegar aðstæður umsækjenda um örorku, en það væri heilbrigðisráðherra að ákveða það.

jss@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**BYGGT OG BÚIÐ** Gunnar Friðriksson, smiður frá Egilsstöðum, var að störfum á Hvanneyri þar sem verið var að byggja bæði einbýlis- og parhús enda er vaxandi eftirspurn eftir slíkum eignum. Eru verktakar á svæðinu óhræddir við að byggja enda sífellt fleiri nemendur Landbúnaðarháskólans sem óska eftir að búa þar í stað þess að dvelja í nemendaálmum skólans.

Íbúafjölgun á Hvanneyri:

## Fjöldi húsa í byggingu

**FASTEIGNIR** Mikill uppgangur er á Hvanneyri. Allnokkur ný hús hafa risið þar að undanförnu og er ráðgert að byggja allt að 20 í viðbót á næstu mánuðum vegna aukinna vinsælda Landbúnaðarháskólans, en einnig er verið að byggja fjórðu svefnálmu skólans til að taka við fleiri nemendum.

Virðist Borgarfjörðurinn heilla sífellt fleiri en hröð uppbygging hefur verið að Bifröst undanfarin ár auk þess sem verið er að byggja húsnæði að Reykholti. Sömu sögu má segja um Borgarnes en þar er eftirspurn eftir lóðum talsvert umfram framboð.

Grétar Einarsson, bútæknifræðingur að Hvanneyri, sagði gleðiefni að verktakar sæju sér hag í að reisa ný hús því lítið hefði verið af slíku undanfarin ár. -aöe

Stjórnarformaður Stoke Holding hefur fengið nóg:

## Íslendingar vilja út úr Stoke

**FÓTBOLTI** Knattspyrnufélagið Stoke City, sem er að langmestu leyti í eigu íslenskra fjárfesta, er til sölu og verður stuðningsmönnum félagsins og öðrum sem að því koma tilkynnt það á aðalfundi félagsins á laugardaginn.

Magnús Kristinsson, stjórnarformaður Stoke Holding, fjárfestingafyrirtækisins sem séð hefur um að koma langmestu fjármagni inn í félagið á síðustu árum, sagði við Fréttablaðið í gær að Stoke væri lélegasta fjárfesting sem hann hefði farið í á síðustu tíu árum. „Fjárfestingin hefur ekki gefið af sér neinn arð svo að það er ekki hægt að halda öðru fram,“ segir Magnús sem ætlar ekki að eyða meiri fjármunum í félagið.

Það var í september árið 1999 sem hópur íslenskra fjárfesta tilkynnti um þau áform sín að taka við rekstri hins fornfræga knattspyrnufélags Stoke City, sem þá var miðlungs 2. deildar lið í Englandi. Í nóvember varð yfirtakan að veruleika þar sem langtímamarkmiðið var að koma Stoke upp í ensku úrvalsdeildina. Nú, tæpum sex árum og þremur knattspyrnustjórum síðar, hefur Stoke fest sig í sessi í ensku 1. deildinni en það breytir litlu – íslensku fjárfestarnir hafa fengið nóg.

- vg / Sjá síðu 32

Lögreglan í Reykjavík:

## Líkfundur rannsakaður

**LÍKFUNDUR** Lík fannst við Sólfarið við Skúlagötu í gærkvöldi og stóð rannsókn lögreglunnar í Reykjavík yfir þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Lögreglan vildi ekki gefa upp neinar upplýsingar aðrar en þær að málið væri í rannsókn og ekki lægi fyrir hvenær viðkomandi lést eða með hvaða hætti. Gert var ráð fyrir að rannsókn stæði yfir fram eftir nóttu. -aöe



## SPURNING DAGSINS

*Birkir, er peningalykt af þér?*

**„Nei, um mig leika ferskir vindar framsóknar.“**

Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins, er hluthafi í Loðnuvinnslunni á Fáskrúðsfirði. Bræðslulykt er stundum kölluð peningalykt.

Halldór Ásgrímsson um eftirlaunalögin:

# Forsætisnefnd geri tillögur um breytingar

**EFTIRLAUNAMÁLIÐ** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra telur eðlilegt að tillögur um breytingar á eftirlaunalögunum verði gerðar í forsætisnefnd. „Breytingar á eftirlaunalögunum voru ákveðnar með samkomulagi allra flokka á sínum tíma og mér finnst eðlilegt að þessar breytingar nú verði því ákveðnar af sömu aðilum. Frumvarpið var flutt af fulltrúum í forsætisnefnd og ég tel því eðlilegt að breytingartillögur komi þaðan líka,“ segir Halldór.

Hann segir að samkvæmt nýframkomnu lögfræðiáliti sé hægt að gera breytingar á eftirlaunalögunum. „Varað er við því að gera breytingar á virkum réttindum, það er að segja réttindum sem þegar hafa hafist og síðan að það verði að vera ákveðinn aðlögunartími. Því liggur að mínu mati ekkert á að gera þetta á þessu vori og eðlilegt að flokkarnir hafi þetta til athugunar í sumar og við getum litið á þetta aftur í haust,“ segir Halldór.

Halldór segir það vilja allra flokkanna að fara yfir málið og taka á því í ljósi möguleikans á tvöföldum launum. „Frumvarpið sjálft er mjög einfalt. Þegar er að finna skerðingar í lögunum ef menn byrja að taka eftirlaun frá 55 ára aldri, sem gilda fram að 65 ára aldri. Þetta er fyrst og fremst spurning um það ákvæði. Það tekur ekki nema hluta úr degi að ganga frá frumvarpinu, það er fyrst og fremst spurning um hvað menn vilja gera,“ segir Halldór. - sda



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA:** „Frumvarpið sjálft er mjög einfalt. Það tekur ekki nema hluta úr degi að ganga frá frumvarpi, það er fyrst og fremst spurning um hvað menn vilja gera.“

Fyrningarfrumvarp:

## Afgreiðsla ekki útilokuð

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson, formaður allsherjarnefndar, segir ekki útilokað að frumvarp um afnám fyrningar kynferðisbrota gegn börnum verði afgreitt á þessu þingi.



**BJARNI BENEDIKTSSON**

Í forsíðufrétt í Fréttablaðinu í gær sagði að ekki kæmi til greina að samþykkja frumvarp Ágústs Ólafs Ágústssonar en Bjarni vill taka fram að það eigi einungis við eins og það er í núverandi mynd. Hann segir allmargar athugasemdir hafa komið fram við frumvarpið og nefndin hafi lagt umtalsverða vinnu í það. Til greina komi að vísa því til dómsmálaráðuneytis, þar sem vinna um sama efni sé að fara í gang. - jss

### FRAKKLAND

**HÓTELBRUNI BANAR TVEIMUR** Par lét lífið og átta aðrir slösuðust þegar eldur kom upp í hóteli í Nancy í Austur-Frakklandi snemma í gærmorgun. Rannsókn á upptökum eldsvoðans stendur yfir. Í eldsvoða í hóteli í París fyrir hálfum mánuði fórust 24 manns.

### HÆSTIRÉTTUR

Brot á endurskoðendalögum Aðalmeðferð í máli ákæruvaldsins á hendur Gunnari Erni Kristjánssyni, fyrrum forstjóra SÍF og endurskoðanda Tryggingasjóðs lækna, fór fram í Hæstarétti í gær. Gunnari Erni er gefið að sök að hafa brotið lög um endurskoðendur vegna þess að um 80 milljón króna fjárdráttur úr Tryggingasjóðnum átti sér stað í endurskoðandatíð hans.

# Mega ekki upplýsa um rekstur Símans

**Almenningur ehf. biðlar til þeirra sem hyggjast kaupa með þeim Símann að veita sér umboð til að taka við útboðsgögnum. Trúnaðar er krafist við afhendingu gagnanna, en rík upplýsingaskylda er til hluthafa Almennings.**

**EINKAVÆÐING** Almenningur ehf. sem hyggst bjóða í hlut í Símanum er í klemmu milli þess að undirrita trúnaðareið vegna útboðsgagna við sölu Símans og þess að upplýsa væntanlega hluthafa félagsins.

Söluferli Símans gerir kröfur til þess að þeir sem fá útboðsgögn Morgan Stanley skrifi undir trúnaðareið. Forsvarsmenn Almennings ehf., þau Agnes Bragadóttir, Ingvar Guðmundsson og Orri Vigfússon, hafa neitað að skrifa undir slíkt, enda myndi það binda hendur þeirra við að upplýsa væntanlega hluthafa um rekstur Símans, áform og aðstæður. Slíkt stangast á við lög um verðbréfaviðskipti sem kveða á um að upplýsingar sem nauðsynlegar eru fjárfestum svo þeir geti metið fjárfestingu sína verði að koma fram í útboðslýsingu.

„Útboðið er greinilega ekki almenningsvænt,“ segir Orri Vigfússon, einn forsvarsmanna Almennings. „Ég vil vekja upp spurningu um hvort útboðið almennt standist lög og reglur. Þetta vekur upp spurningar um hvort einkavæðingarnefnd sé starfi sínu vaxin eða þá ríkisstjórnin.“ Orri segir lögfræðinga hafa farið yfir málið með þeim og reglur útboðsins bindi hendur þeirra. Hann segir að ef sú leið yrði farin að stofna hlutafélag með útboðslýsingu, þá þyrfti að koma fram hvaða verð þau myndu bjóða. „Þá myndu allir samkeppnisaðilar okkar vita hvaða verð við værum að bjóða.“



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**AGNES OG ORRI VORU BARÁTTUGLÖÐ Í GÆRKVÖLDI** Agnes Bragadóttir og Orri Vigfússon fara fram á umboð þeirra þúsunda sem hafa lýst vilja til að kaupa með þeim Símann. Þau efast um að söluferlið standist lög og almenningi sé gert erfitt fyrir að kaupa Símann eftir reglum útboðsins.

Ein leið er fær að mati forsvarsmanna Almennings og í yfirlýsingu segir Agnes Bragadóttir fyrir hönd stjórnarinnar: „Því sjáum við okkur engan annan leik færan, í þeirri stöðu sem nú er upp komin, en að biðja hvert og eitt ykkar að rita okkur tölvubréf, þar sem þið með nafni, heimilisfangi og kennitölu, veitið okkur umboð til þess að óska eftir því við Morgan Stanley og einkavæðingarnefnd, að í ykkar nafni, verði ofangreind trúnaðargögn afhent.“

Orri segir ekki á dagskránni að leggja árar í bát. „Þetta er catch 22, en við ætlum að gera okkar besta til þess að almenningur fái að kaupa Símann í fyrsta áfanga; ekki bíða í tvö til þrjú ár,“ segir Orri.

hafliði@frettabladid.is



**VETTVANGUR SLYSSINS** Rútan gjöreyðilagðist í árekstrinum.

Árekstur lestar og rútu:

## Banvænn kappakstur

**SRÍ LANKA, AP** 35 manns biðu bana þegar farþegalest ók á rútu skammt utan við Colombo, höfuðborg Srí Lanka, í gær. Yfir 60 manns slösuðust, sumir þeirra alvarlega.

Svo virðist sem bílstjóri rútunnar hafi verið í einhvers konar kappakstri við starfsbróður sinn á annarri rútu og því ekið hratt. Þegar kom að mótum vegarins og teinanna ók rútan yfir rétt áður en hlið þeirra lokuðust en í sama vetfangi kom lestin á fleygiferð.

Við áreksturinn splundraðist rútan í smátt og lá farangur farþeganna eins og hráviði á veginum. Hinir slösuðu voru fluttir á sjúkrahús í nágrenninu. ■

Fjöldafæðing:

## Fimm á verði eins

**PHOENIX, AP** Teresa Anderson, 25 ára gömul kona frá Phoenix, fæddi í fyrradag fimmbura. Slíkt væri ekki í frásögur færandi nema fyrir þá sök að Anderson hafði tekið að sér að ganga með börnin fyrir hjón sem ekki gátu gert það sjálf.

Fimm fósturvísum frá hjónunum var komið fyrir í legi konunnar í þeirri von að minnsta kosti einn þeirra næði að dafna en meðgangan tókst framar vonum. Snáðunum fimm hafa verið gefin nöfnin Enrique, Jorge, Gabriel, Victor og Javier.

Fyrir viðvikið fær Anderson um eina milljón króna. Hún fór ekki fram á viðbótargreiðslu þótt börnin hafi verið fleiri en í upphafi stóð til. ■




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
laugardaga: 11–15

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Banaslys við Egilsstaði:

## Kona lést í bílveltu

**BANASLYS** Rúmlega fimmtug kona lést þegar bíll sem hún ók fór út af og valt nokkrum sinnum á Upphéraðsvegi um einn kílómetra frá Egilsstöðum á leiðinni inn í Hallormsstað á tíunda tímanum á þriðjudagskvöldið. Bremsuför á vettvangi benda til þess að konan hafi misst stjórn á bílnum en að öðru leyti eru tildrög slyssins ókunn. Konan var ein í bílnum.

Konan hét Guðrún Sigurðardóttir. Hún var búsett á höfuð-borgarsvæðinu en var gestkomandi á Egilsstöðum.

Vegfarandi gerði Neyðarlínu viðvart um slysið tuttugu mínútur fyrir klukkan tíu um kvöldið og var þá kvödd til lögregla og sjúkralið. Að ögn lögreglunnar á Egilsstöðum úrskurðaði læknir konuna látna á staðnum. Rannsókn lögreglu beinist meðal annars að því hvort um ölvunarakstur hafi verið að ræða, en bílinn hafði konan tekið ófrjálsri hendi fyrir utan veitingastaðinn Kaffi Nielsen á Egilsstöðum. - óká



**GUÐRÚN SIGURÐARDÓTTIR** Guðrún lét lífið í umferðarslysi nærri Egilsstöðum.

### HOLLAND

**VARAÐI VIÐ MORÐINU Á VAN GOGH** Vitni í réttarhöldunum vegna morðsins á kvikmyndagerðarmanninum Theo van Gogh tjáði dómurum í gær að hann hafi varað öryggislögreglu landsins við að Mohammed Bouyeri hygðist drepa kvikmyndagerðarmanninn. Það kom einmitt á daginn.

**MEIRIHLUTI VILL ALGERA LÖGLEIÐINGU MARIJÚANA** Tvær skoðanakannanir sem kunngjörðar voru í gær sýna að tveir þriðju hlutar Hollendinga vilja algera lögleiðingu fíkniefnisins marijúana. Neysla efnisins er ekki lögleg en þó er það látið óátalið hafi menn lítilræði í sínum fórum eða reyki það á sérstökum kaffihúsum.

# Verðstríð gegn mosa

## Grasáburður 5 kg
**299 kr.** (verð áður 549 kr.)




## Allt sem þarf

### Grasfræ 1 kg
**599 kr.**




### Úrvals gróðurmold 10 lítrar
**249 kr.**



### Kalkbætir 5 kg
**399 kr.**




# GEGN MOSA

## Svona gerum við:

1. Tætum, rökum eða klórum mosann í grasflötinni
2. Berum grasáburð á grasflötina
3. Berum kalkbæti á grasflötina
4. Sáum grasfræi í sárin
5. Gott að blanda grasfræi saman við úrvals gróðurmold áður en sáð er
6. Græn og falleg grasflöt eftir 2-3 vikur

blómaval
HEILLANDI HEIMUR

Reykjavík • Kópavogi • Akureyri
Selfoss • Reykjanesbær
www.blomaval.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS BLO 28203 4/2005

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 27.04.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 63,48 | 63,78 |
| Sterlingspund | GBP | 120,64 | 121,22 |
| Evra | EUR | 81,97 | 82,43 |
| Dönsk króna | DKK | 11,01 | 11,07 |
| Norsk króna | NOK | 10,08 | 10,14 |
| Sænsk króna | SEK | 8,97 | 9,02 |
| Japanskt jen | JPY | 0,60 | 0,60 |
| SDR | XDR | 95,92 | 96,50 |

*Gengisvísitala krónunnar*
113,23 -0,06%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Fjögurra prósenta verðbólga og hærri viðskiptahalli:

# Spá sex prósenta hagvexti næstu ár

**EFNAHAGSMÁL** Fjármálaráðuneytið spáir nær sex prósenta hagvexti bæði í ár og á næsta ári og telur ekki útlit fyrir að hann fari lækkandi fyrr en dregur úr stóriðju árið 2007. Eftir það á meira jafnvægi að komast á efnahagslífið. Verðbólga verður nálægt fjórum prósentum samkvæmt spánni, 3,9 prósent í ár og 3,8 prósent á næsta ári.

Stóriðjuframkvæmdir, hátt gengi krónunnar og aukið framboð á íbúðalánum verða til þess að viðskiptahalli eykst verulega og verður tólf prósent af landsframleiðslu í ár að mati fjármálaráðuneytisins.

Heldur dregur úr atvinnuleysi nái spá fjármálaráðuneytisins fram að ganga. Því er spáð að rúmlega tvö prósent vinnuafls verði án atvinnu á næsta ári.

Hagvöxtur nam 5,2 prósentum í fyrra, 0,6 prósentustigum minna en síðasta áætlun gerði ráð fyrir. **- bþg**



**STÓRIÐJUFRAMKVÆMDIR**
Framkvæmdir fyrir austan og aðgangur að ódýrari lánum til íbúðakaupa ýta undir hagvöxt og verðbólgu.

Evrópsk rannsókn:

# Hálf milljón Dana kvíðin

**SJÚKDÓMAR** Fjórði hver Evrópubúi þjáist af sjúkdómum sem tengjast heilastarfsemi. Rannsóknir sýna að 127 milljónir Evrópubúa glíma við sjúkdóma á borð við Parkinsonveiki, kvíða eða mígreni. Í Danmörku er talið að 1,4 milljónir manna þjáist af sjúkdómunum.

Rannsóknin sem leiðir þetta í ljós er ein sú viðamesta sem fram hefur farið á þessu sviði í Evrópu, en niðurstöður hennar voru kynntar nýverið á ráðstefnu heilasérfræðinga í Brussel. Þar kom meðal annars fram að um hálf milljón Dana þjáist af einhvers konar kvíðaröskunum. ■



**Í HÉRAÐSDÓMI**
Jón Trausti Lúthersson mætti í Héraðsdóm Reykjavíkur í gærmorgun þar sem þingfest var mál á hendur honum vegna meintrar líkamsárásar á starfsmann DV í október sl.

Héraðsdómur Reykjavíkur:

# Kærður fyrir kverkatak

**DÓMSMÁL** Þingfest var fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær mál Lögreglustjórans í Reykjavík á hendur Jóni Trausta Lútherssyni fyrir líkamsárás.

Honum er gefið að sök að hafa miðvikudaginn 20. október síðastliðinn ráðist á starfsmann DV á skrifstofu blaðsins í Reykjavík. Jón Trausti er sagður hafa tekið starfsmanninn kverkataki og hert að með þeim afleiðingum að manninum sortnaði fyrir augum, auk þess sem hann hruflaðist og marðist á hálsi. Brotið er talið varða við 217. grein almennra hegningarlaga. Dómari í málinu er Símon Sigvaldason. **- óká**

## ÍTALÍA

**STÓÐST ATKVÆÐAGREIÐSLU** Ný ríkisstjórn Silvios Berlusconi stóðst atkvæðagreiðslu um stuðning við hana í ítalska þinginu í gær. Berlusconi hét því í ræðu fyrir atkvæðagreiðsluna að gera mikið átak í að efla efnahagslífið og lofaði „frábærum“ árangri fyrir þingkosningar að ári.

# Ráðuneyti skoðar fyrningarákvæði

**Björn Bjarnason vill að litið verði á afnám fyrningar kynferðisbrota gegn börnum í samhengi, en í ráðuneytinu liggja fyrir tillögur í þeim efnum. Hann segist taka því vel vísi allsherjarnefnd frumvarpi sama efnis til ráðuneytisins.**

**ALÞINGI** „Ég tæki því að sjálfsögðu vel ef allsherjarnefnd fæli ráðuneytinu að fara yfir fyrirliggjandi frumvarp um afnám fyrningar kynferðisbrota gegn börnum, og gera síðan sínar tillögur,“ sagði Björn Bjarnason dómsmálaráðherra, spurður um afstöðu sína til þess að nefndin myndi vísa málinu til ráðuneytis hans.

„Ráðuneytið mundi skoða málið vel,“ sagði ráðherra. „Síðan yrði niðurstaða þess kynnt. Mér þætti slíkt eðlilegur gangur máls af þessum toga.“

Hann sagði að um miðjan apríl hefði komið hópur fólks til sín í ráðuneytið og kynnt sér aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi á Íslandi. Þar kæmu fram tillögur að úrbótum sem gagnast mættu við endurskoðun laga gegn slíku ofbeldi.

Tillögurnar vörðuðu málefni sem heyrðu undir verksvið ráðuneyta heilbrigðis-, dóms-, félags- og menntamála. Þær væru í fimm köflum. Í viðamesta kaflanum væru kynnt sjónarmið og lagðar fram breytingar sem tengdust réttarkerfinu.

„Þar er meðal annars lagt til að unnið verði að heildarendurskoðun löggjafar, meðal annars hegningarlaga og laga um meðferð opinberra mála þar sem tekið verði sérstaklega á kynbundnu ofbeldi. Í því sambandi er lagt til að kynferðisbrotakafli hegningarlaga verði tekinn til heildarendurskoðunar og lögð á það áhersla að kynferðisbrot gegn börnum fyrnist ekki.“ sagði ráðherra. „Ég hef tilkynnt allsherjarnefnd og formanni hennar að ég hafi hug á því að vinna úr þessum tillögum.“

Björn kvaðst vita til þess að aðgerðaáætlunin hefði þegar verið tekin til umfjöllunar í samráðsnefnd um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum, sem sett hefði verið á laggirnar 2003 og starfaði í umboði félagsmálaráðuneytisins.

„Þessu máli er á þennan veg farið,“ sagði ráðherra „Ég vil að litið sé á þessi mál í þessu stóra samhengi, en menn séu ekki að taka eitt mál fyrir og síðan annað, heldur hljóti að vera skynsamlegt að reyna að ná utan um málaflokkinn allan og fella þá fyrningarþáttinn að heildarniðurstöðunni.“

**jss@frettabladid.is**



**DÓMSMÁLARÁÐHERRA**
Björn Bjarnason hefur hug á að láta vinna úr tillögum sem liggja fyrir í ráðuneyti hans og taka meðal annars til kynferðisbrotakafla hegningarlaganna. Í tillögunum er lögð áhersla á að kynferðisbrot gegn börnum fyrnist ekki.



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**RJÚPA Í VAÐLAHEIÐI**
Rjúpan er að mestu leyti enn í vetrarbúningi og því auðveld bráð fálka og annarra ránfugla.

Norðurland:

# Rjúpunni fjölgar

**RJÚPA** Meira hefur sést af rjúpu í nágrenni Húsavíkur í vor en undanfarin ár, sem bendir til að stofninn sé í vexti á Norðurlandi. Þorkell L. Þórarinsson, forstöðumaður Náttúrustofu Norðausturlands, segir að í maí fari fram árleg fuglatalning á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands og þá komi í ljós hversu mikið stofninn hafi stækkað.

Eitt ár er eftir af rjúpnaveiðibanninu en ef í ljós kemur að stofninn hafi stækkað verulega, og Alþingi samþykkir að banna sölu á rjúpu, er líklegt að veiðar verði leyfðar að nýju í haust. **- kk**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**BÍLVELTA Á KIRKJUBÆJARKLAUSTRI**
Ökumaður slapp ómeiddur eftir að jepplingur hans valt við Skaftárbrú á á Kirkjubæjarklaustri. Maðurinn missti stjórn á bílnum þegar hann lenti í lausamöl. Að sögn lögreglu slapp bíllinn furðu vel, þó að nokkrar rúður hafi brotnað.

## RÚSSLAND

**DÓMSÚRSKURÐI YFIR KHODORKOVSKY FRESTAÐ** Dómstóll í Moskvu ákvað í gær að fresta því að kveða upp dóm yfir Mikhail Khodorkovsky, eiganda Yukos-olíufélagsins, en búist hafði verið við honum í dag. Málið er talið af pólitískum rótum runnið en það hefur valdið óróa á meðal fjárfesta, hleypt upp olíuverði og vakið efasemdir um heilindi Pútíns Rússlandsforseta.


SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN



ÓTVÍRÆÐIR YFIRBURÐIR
Gerðu fyrst gæðasamanburð. Svo skaltu gera verðsamanburð.

LEGACY
Subaru Legacy Wagon sjálfskiptur
Verð nú 2.460.000
Verð á mán 29.447,-*

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is
*Bilasamningur með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði


## Veðrið

**GAMAN Í HRÍSEY**
Veðrið verður einna best við Eyjafjörðinn og þar í kring í dag. Þar gæti orðið sæmilega bjart og milt og vindur hægur. Svona veður minnir mann á tíma ferðalaganna. Alltaf ljúft í minningunni. Það er ógleymanlegt að fara út í Hrísey og skoða þar mannlífið og veðrið í dag ætti ekki að draga úr manni kjarkinn að fara þangað!!

**NÆSTA HELGI?**
Svalar norðlægar áttir með skúrum eða slydduéljum nyrðra en bjart með köflum syðra. Frostlaust víðast að deginum.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Um hádegi í dag




### Á morgun




Víða allhvasst, síst þó suðvestan til

### Laugardagur




Strekkingur allra austast annars hægari. Áfram kólnandi veður.

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 15°C | léttskýjað | París | 20°C | hálfskýjað | Alicante | 23°C | hálfskýjað |
| Osló | 15°C | léttskýjað | Berlín | 15°C | hálfskýjað | Milano | 20°C | hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 13°C | hálfskýjað | Amsterdam | 15°C | hálfskýjað | New York | 18°C | skýjað-skúr |
| Helsinki | 12°C | hálfskýjað | Madrid | 26°C | hálfskýjað | San Francisco | 18°C | skýjað |
| London | 13°C | léttskýjað | Barcelona | 20°C | léttskýjað | Orlando/Florida | 28°C | léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



# GERUM GARÐINN KLÁRANN!




TILBOÐ

Nýja
GARÐBLÓMABÓKIN
-yfir 100 nýjar tegundir!
**3.990kr**



TILBOÐ

GEISLASÓPUR
**980kr**



TILBOÐ

IÐNA LÍSA
**495kr**

## TILBOÐSTORGIÐ

| | |
|---|---|
| Laufhrífa | kr. 680,- |
| Ruslasekkir 10 í pk. | kr. 295,- |
| Stråkústar 50 cm breiðir | kr. 790,- |
| Garðhanskar (dömu og herra) | kr. 150,- |
| Handklippa | kr. 495,- |
| Stórgreinaklippur | kr. 1995,- |



TILBOÐ

CASARON
**1.980kr**




TILBOÐ

KORNAÐ KALK **1.780kr**
GRÓÐURKALK **990kr**

GARÐHÚSGÖGNIN VINSÆLU



TILBOÐ



TILBOÐ

PALLAHITARI
**19.990kr**

15% afsláttur



KURLARAR

15% afsláttur



GINGE RAFMAGNS-MOSATÆTARAR

15% afsláttur



MOLTUKASSAR



-og þú grillar áhyggjulaust!

TILBOÐIN GILDA FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS

**HVER Á:**

1. BEST ÚTFÆRÐA MATJURTAGARÐINN?
2. STÆRSTU MATJURTINA SUMARIÐ 2005?

**VEGLEG VERÐLAUN Í BOÐI!**

GARÐHEIMAR

*allt í garðinn á einum stað!*

**Góð Ráð Garðheima:**

Kjöraðstæður þegar Casaron er stráð á jarðveg:
1. logn
2. heinn og rakur jarðvegur
3. þurrir trjástofnar

Stekkjarbakka 4-6 - Reykjavík - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is



## KJÖRKASSINN

*Eiga allir þingmenn að upplýsa um eigna- og hagsmunatengsl sín?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 86% |
| Nei | 14% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að afnema fyrningu kynferðisbrota gegn börnum?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Landspítali-háskólasjúkrahús:

# Minni samdráttur í sumar

**HEILBRIGÐISMÁL** Áætlað er að samdráttur í starfsemi Landspítala-háskólasjúkrahúss í sumar verði heldur minni en undanfarin sumur eða 13 prósent af mögulegum legudögum. Á síðasta ári var hann 15 prósent og 16 prósent árið 2003, að því er fram kemur í upplýsingum frá spítalanum.

Minni samdráttur verður á öldrunarsviði nú heldur en undangengin ár. Hann var 26 prósent sumarið 2004 en er nú áætlaður 15 prósent. Einnig verður minni samdráttur á skurðlækningasviði. Hann var 28 prósent á síðasta ári en er áætlaður 21 prósent í sumar. Á lyflækningasviði I er áætlaður meiri samdráttur í ár en undanfarin sumur eða 14 prósent nú en var 5 prósent sumarið 2004. Ákveðið hefur verið að fjölga dagdeildarrýmum á lyflækningasviði I til að mæta, að hluta, meiri samdrætti í starfseminni í sumar.

„Það er skortur á hjúkrunarfræðingum og samdrátturinn er einkum tilkominn af því að við höfum ekki mann í manns stað,“ sagði Eydís Sveinbjarnardóttir, starfandi hjúkrunarforstjóri á LSH. Hún sagði að skýringin á miklum samdrætti í starfsemi lyflæknissviðs I væri sú að þar yrðu viðgerðir á húsnæðinu í sumar.

-jss



**LANDSPÍTALINN**
Minni samdráttur verður á starfsemi spítalans í sumar heldur en undangengin ár.

Bætur vegna vinnuslyss:

# Fékk rúma milljón

**DÓMSMÁL** Grandi var í gær dæmdur til að greiða 33 ára manni rúma milljón ásamt vöxtum auk 250 þúsund króna í málskostnað. Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur en málið höfðaði maðurinn á hendur Granda og Sjóva-Almennum tryggingum.

Maðurinn krafðist tæplega 62 milljóna í bætur fyrir vinnuslys sem hann varð fyrir við störf í einum togara Granda í apríl árið 2002. Á manninn hrapaði tómt fiskikar þar sem hann var að störfum í lest skipsins. Varanleg örorka mannsins af slysinu er talin 50 prósent og hann framvegis ófær til starfa á sjó. **- óká**

flugfelag.is | 570 3075

Suður Grænland
- paradís útivistarmannsins



Suðvesturströnd Grænlands, Eystribyggð, er heillandi heimur fyrir þá sem vilja njóta stórkostlegrar náttúrufegurðar á sólríkum sumardögum. Þarna eru góðar laxveiðiár og kjörlendi til gönguferða.

Leitið nánari upplýsinga um það sem er í boði á Suður-Grænlandi, ferðamöguleika, skipulagðar ferðir, gistingu og aðra ferðaþjónustu á **www.flugfelag.is**

Narsarsuaq við Eiríksfjörð
í beinu flugi tvisvar í viku í sumar (17. júní til 2. sept.), á þriðjudögum og föstudögum.

Sumartilboð á netinu:
Frá aðeins 13.500 kr.*
flugfarið á manninn aðra leiðina þegar bókað er á netinu – **takmarkaður sætafjöldi**

Þessi auglýsing er styrkt af SAMIK - samstarfi Íslands og Grænlands um ferðamál.

*Innifalið: Flugfar og flugvallarskattar.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Taktu flugið

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS FEU 28205 04/2005

# Áfengisneysla ógnar heilsu landans

**Lýðheilsustofnun varar við auknu aðgengi almennings að áfengi þrátt fyrir að nýleg könnun sýni að Íslendingar drekki mun minna af áfengi en aðrar þjóðir Evrópu. Neysla ungs fólks er þó að aukast.**

**LÝÐHEILSUMÁL** „Það sem er mesta áhyggjuefnið eru þær hugmyndir sem uppi eru um að auka aðgengi að áfengum drykkjum,“ segir Rafn M. Jónsson, verkefnisstjóri áfengis og vímuvarna hjá Lýðheilsustöð. Niðurstöður könnunar um áfengisneyslu Íslendinga sem kynntar voru í gær benda meðal annars til að ungt fólki drekki oftar en áður og meira magn í hvert sinn.

Sams konar könnun var gerð fyrir fjórum árum og þrátt fyrir að um frumniðurstöður sé að ræða telja forsvarsmenn Lýðheilsustöðvar ljóst að vaxandi áfengisneysla ógni lýðheilsu Íslendinga. Fram kemur að þó að fjöldi þeirra sem neyta áfengis standi nokkuð í stað á þessu tímabili hefur magnið aukist og sérstaklega á það við um unga karlmenn. Drekka þeir að meðaltali tæpa tvo lítra af bjór meðan konurnar láta 1.3 lítra duga í hvert sinn. Bæði kyn hafa þó aukið neysluna síðan 2001.

Hlutfall sterkra drykkja í neyslumynstrinu heldur áfram að minnka og fleiri drekka léttvín eða bjór í staðinn. Þó ber að taka fram að í þeim niðurstöðum sem birtar voru eru ekki tölur yfir drykkju heimabruggs né heldur drykkju svokallaðra blandaðra drykkja en slíkir drykkir eru afar vinsælir meðal ungs fólks.



**MEIRI DRYKKJA Í HVERT SINN**
Karlmenn drekka að meðaltali 52 sinnum á ári en konur bragða áfengi 40 sinnum að meðaltali á sama tímabili.





**NEYSLA SÍÐUSTU ÁRA**
Línuritið sýnir þróun drykkju síðustu árin en neysla bjórs og léttvína hefur aukist til muna á kostnað sterkra drykkja.

Ýmsir aðilar á borð við Samtök verslunarinnar og Samtök ferðaþjónustunnar hafa barist fyrir auðveldara aðgengi og lækkun gjalda á áfengi hér á landi og segist Rafn hafa af því vissar áhyggjur. „Þrátt fyrir að hugmyndin sé ekki að vera með neina forræðishyggju þá hefur það ítrekað sýnt sig að auðveldara aðgengi að áfengi, til að mynda í matvöruverslunum, eykur neyslu í stað og það þrátt fyrir að eftirlit hafi verið aukið til muna á sama tíma. Við óttumst að hið sama verði hér uppi á teningnum en aukinni drykkju fylgir svo margt annað óæskilegt eins og heilsukvillar, ölvunarakstur og þar fram eftir götunum.“

**albert@frettabladid.is**

Stuðningsyfirlýsingar embættismanna:

# Borgarkerfið notað til stuðnings Ingibjörgu

**STJÓRNMÁL** „Afskipti æðstu embættismanna af innanflokksátökum í ákveðnum stjórnmálaflokki með svona áberandi hætti hafa ekki tíðkast til þessa,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti Sjálfstæðismanna í borgarstjórn, vegna stuðningsyfirlýsingar þriggja af æðstu embættismönnum borgarinnar, sviðsstjóranna Láru Björnsdóttur og Gerðar G. Óskarsdóttur auk Hildar Jónsdóttur jafnréttisráðgjafa, við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur í formannskjöri Samfylkingar.

„Þarna er litla ljóta klíkan í ráðhúsinu, eins og Helgi Hjörvar kallaði hana, að nota sína aðstöðu til stuðnings fyrrverandi borgarstjóra, segir Vilhjálmur. Hann segir að þó fólki megi taka afstöðu verði æðstu embættismenn að muna að þeir vinni fyrir alla borgarfulltrúa og borgarbúa og verði að kappkosta að njóta trausts þeirra allra. Hann segist þess fullviss að ef Sjálfstæðismaður í sömu stöðu beitti sér með svipuðum hætti yrði hann kallaður á teppið og dregið úr áhrifum hans eins og kostur er. „Enginn embættismaður þorir að tjá sig nema vera í náðinni hjá ráðhússtjórninni.“ **- bþg**



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON**
„Mikil reiði og óánægja ríkir hjá fjölmörgum starfsmönnum borgarinnar vegna ruglingslegra stjórnsýslubreytinga. Embættismenn þora ekki að tjá sig nema menn í leyni við borgarfulltrúa þar sem óttast þeir um stöðu sína.“

# Ótrúlegt verð



**Einungis tvö verð!**

**299** kr/stk **499** kr/stk

Diskar • Skálar
Könnur • Föt
Ílát • Eldföst mót

**TAKMARKAÐ MAGN**
**Fyrstir koma fyrstir fá!**

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

Sláandi góður réttur



Það er slagkraftur í öllu sem Ragnhildur golfmeistari, kennari og hestakona tekur sér fyrir hendur og því hentar Lamba-tortilla einkar vel á hennar heimili. Kraftmikil, frumleg og fljótleg máltíð úr afgöngum af lambakjötinu síðan í gær. Allir sem eitthvað hafa fylgst með golfi kannast við lukkudýrin hennar Ragnhildar – sem eru að sjálfsögðu með henni á myndinni.



Lamba-tortilla

Kartöflubátar

600 g mjöllitlar kartöflur
2 msk. ólífuolía
1/2 tsk. salt
ögn af pipar
1/2 tsk. af óreganó

Hitið ofninn í 220 °C.
Öllu blandað vel saman í skál og sett í ofnskúffu. Bakað í u.þ.b. 20–30 mín. eða þar til kartöflurnar eru meyrar í gegn.

Lamba-tortilla

4 tortilla-kökur
400 g eldaðir lambakjötsafgangar, t.d. af læri
1 bolli Tsaziki-sósa (jógúrt-sósa með hvítlauk og agúrkum)
1 rauðlaukur, skorinn í sneiðar
1 búnt klettasalat
1 avókadó, afhýtt og skorið í bita
1 msk. chilimauk, t.d. sambal oelek

Ristið tortilla-kökurnar léttilega á þurri pönnu. Skerið lambakjötið í þunnar sneiðar og raðið þeim jafnt á kökurnar. Smyrjið sósu yfir kjötið, dreifið lauk, avókadó og klettasalati jafnt yfir og rúllið upp. Skerið í tvennt og setjið á disk með kartöflubátum.

lambakjöt – léttur réttur
Uppáhald íslensku þjóðarinnar
Fjöldi uppskrifta á www.lambakjot.is

Fíton/SÍA F111955

Ofbeldi í íslensku samfélagi:

# Akureyringum ofboðið

**OFBELDI** Ungt fólk á Akureyri hefur boðað til þögullar mótmælastöðu gegn ofbeldi á Ráðhústorgi klukkan 17 á morgun. Kornið sem fyllti mælinn hjá ungum Akureyringum var að 17 ára piltur í bænum var fyrir hálfum mánuði skotinn 11 skotum með loftskammbyssu vegna fíkniefnaskuldar.

Birting, hópur ungs fólks á Akureyri sem vill stuðla að betra samfélagi og betri ímynd ungs fólks, stendur að mótmælunum og segir Valdís Anna Jónsdóttir að Akureyringar verði að spyrna strax gegn auknu ofbeldi. „Við viljum senda skýr skilaboð til stjórnvalda og almennings og vekja landsmenn til umhugsunar um hve stórt vandamálið er. Saklaust fólk hefur ítrekað orðið fyrir barðinu á ofbeldismönnum sem virðast geta vaðið uppi í samfélaginu án þess að gripið sé til nokkurra aðgerða. Þetta viljum við stöðva,“ segir Valdís.

Birting hvetur almenning á Akureyri til að fjölmenna á Ráðhústorg á morgun, taka þátt í mótmælastöðunni og hlýða á tónlistarmanninn KK leika nokkur lög. **- kk**



**VALDÍS ANNA JÓNSDÓTTIR** „Mótmælunum er ekki bara beint gegn ofbeldi í fjölskyldubænum Akureyri heldur á landinu í heild,“ segir Valdís.



**LÚÐUELDI** Starfsmenn Fiskeldis Eyjafjarðar í Þorlákshöfn vigta eldislúðu.

# Samherji í fiskeldi í Færeyjum

**Hundruð þúsunda laxaseiða og 35 þúsund lúðuseiði flutt frá Íslandi til Færeyja. Eldistíminn er styttri í Færeyjum en á Íslandi og í Færeyjum er hagkvæmt að kaupa eða leigja eldisstöðvar sem farið hafa í þrot.**

**ÚTRÁS** Á undanförnum dögum hefur hátt í hálf milljón laxaseiða verið flutt frá Íslandi til Færeyja þar sem ætlunin er að rækta þau í sláturstærð í eldisstöð sem félag í eigu Samherja hefur tekið á leigu af Færeyjarbanka. Í fyrradag fóru 35 þúsund lúðuseiði utan þar sem þau verða alin í sömu fiskeldisstöð. Jón Kjartan Jónsson, framkvæmdastjóri fiskeldis Samherja, segir þetta lið í útrás Samherja auk þess sem minni kostnaður er við eldið í Færeyjum en á Íslandi.

Norskur brunnbátur, Kristine, er notaður við seiðaflutningana og alls voru flutt með honum 450 þúsund laxaseiði, í þremur ferðum, en seiðin komu frá Íslandslaxi og voru 70 til 90 grömm að þyngd. Jón Kjartan segir að það taki 15 til 20 mánuði að ala þau í sláturstærð í Færeyjum en um tvö ár á Íslandi. „Sjávarhiti er hærri við Færeyjar og því er eldistíminn styttri sem gerir eldið hagkvæmara. Seiðin voru flutt í ferskvatni og sett í ferskvatn í Færeyjum þar sem þau verða næstu 50 dagana en fara þá í sjókvíar. Flutningurinn gekk mjög vel; engin afföll urðu á leiðinni og erfiðasti hjallinn að baki,“ segir Jón Kjartan.

Fyrirtækið sem stendur að eldinu í Færeyjum heitir North Salmon og er í eigu Samherja og Framherja en Samherji á tæplega þriðjung í Framherja á móti færeyskum aðilum. North Salmon leigir fiskeldisstöð af Færeyjarbanka en bankinn eignaðist stöðina eftir að Vestlax lenti í rekstrarerfiðleikum. „Með því sparast miklir fjármunir sem ella hefðu farið í kostnaðarsamar fjárfestingar,“ segir Jón Kjartan en hann vill ekki gefa upp hversu miklir fjármunir sparast.

Norski brunnbáturinn lagði af stað til Færeyja á þriðjudag með 35 þúsund lúðuseiði sem framleidd voru hjá Fiskeldi Eyjafjarðar á Hjalteyri en alin í eldisstöð félagsins í Þorlákshöfn. Hvert lúðuseiði er 300 til 500 grömm að þyngd og er ekki áformað að flytja fleiri lúðuseiði að sinni til Færeyja.

**kk@frettabladid.is**

Tillögur stjórnvalda um aðlögun innflytjenda.

# Setja innflytjendaráð á fót

**INNFLYTJENDUR** Innflytjendaráð verður sett á fót verði nýjar tillögur nefndar um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi að veruleika. Árni Magnússon félagsmálaráðherra lagði fram ítarlega skýrslu nefndarinnar á ríkisstjórnarfundi á þriðjudag. Nefndin leggur til að innflytjendaráðið hafi aðsetur í félagsmálaráðuneytinu og hafi það hlutverk að móta tillögur um stefnu stjórnvalda í málefnum innflytjenda og hafa umsjón með framkvæmd hennar.

Meginniðurstaða nefndarinnar er að brýnt sé að móta heildstæða stefnu í málefnum innflytjenda. Lagt er til að ráðuneyti menntamála, félagsmála, dómsmála, heilbrigðis- og tryggingarmála og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni fulltrúa í innflytjendaráðið.

Í lokaorðum skýrslunnar segir að þótt útlendingar komi til þess að vinna þurfi að sinna aðlögun. Gæta þurfi þess að misrétti skapist ekki milli fólks eftir því hvaðan það komi eða eftir útliti og trúarbrögðum. Loks segir, að festist misrétti í sessi ýti það undir aðskilnað og einangrun og þar með fordóma. Því sé gagnkvæm aðlögun lausnarorðið.

**- jh**



**INNFLYTJENDUR** Heilstæð stefna verður mótuð.

# ÖLL Í SAMA NÚMERI




## 4 11 11 11

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

**ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG!**

Reykjavíkurborg

ENNEMM / SIA / NM16134



JACKSON MÆTIR
Poppgoðið Michael Jackson mætir í dómhús Santa Barbara-sýslu í Santa Maria í Kaliforníu í gær, í fylgd bróður síns Jackie og föðurins Joe Jackson. Réttarhaldið hefur nú staðið í tvo mánuði.

Tregða bankafyrirtækja að afhenda skattayfirvöldum upplýsingar:

# Angi af miklu stærra máli

**EFNAHAGSMÁL** „Menn verða að spyrja sig hvers konar fjármálaumhverfi á að ríkja hér í næstu framtíð,“ segir Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, vegna gagnrýni Indriða H. Þorlákssonar, ríkisskattstjóra, á tregðu bankastofnanna við að veita skattayfirvöldum upplýsingar um viðskiptavini sína.

Guðjón bendir á að eigi bankar að opna allar bækur fyrir skattayfirvöldum eins og Indriði gerir kröfu um sé borin von að hér dafni alþjóðlegt fjármálaumhverfi eins og vonir margra standa til. „Þessi ósk Indriða er angi af miklu stærra máli. Ef við viljum vera samkeppnishæfir við lönd í kringum okkur á borð við Lúxemborg og Sviss þá verður að vera hér lágmarks bankaleynd. Skattstjóri getur óskað upplýsinga um einstaka viðskiptamenn sem grunur leikur á að telji ekki rétt fram en að slíkt gangi yfir allan almenning er of langt gengið.“



FRÁ LÚXEMBORG
Afar ströng lög um bankaleynd gilda þar og engar upplýsingar eru veittar um viðskiptamenn.

Í leiðara Tíundar, fréttablaðs Ríkisskattstjóra, segir Indriði bankaleynd ekki vera málefnaleg rök fyrir því að meina skattayfirvöldum aðgang að hlutabréfaupplýsingum almennings og að tregða bankastofnanna við að verða við þeim óskum gagnist þeim einum sem vilja hafa rangt við.

Ríkisskattstjóri svaraði ekki skilaboðum blaðamannsins. -aöe

Kosningafundur:

# Ráðist á ráðherrann

**BRETLAND** Ruth Kelly, menntamálaráðherra Bretlands, fékk ekki góðar móttökur þegar hún mætti til kosningafundar í kjördæmi sínu í Bolton á Englandi í fyrrakvöld. Þegar hún var í þann mund að ganga upp á sviðið viku tveir menn sér að henni, hrifsuðu í handlegg hennar og reyndu að setja í járn.

Pólitískir andstæðingar Kelly komu henni til hjálpar en þá hentu fautarnir í hana eggjum og hlupu svo á brott. Enginn hefur verið handtekinn vegna málsins en að sögn dagblaðsins The Independent er talið að mennirnir séu félagar í samtökunum Fathers4Justice. ■

Mogens Glistrup:

# Afplánar dóm fyrir fordóma

**DÓMSMÁL** Mogens Glistrup, stofnandi danska Framfaraflokksins, þarf á næstunni að afplána tuttugu daga fangelsisdóm fyrir brot á lögum um kynþáttafordóma.

Glistup, sem orðinn er 79 ára gamall, hefur alla tíð verið ákafur andstæðingur þeirrar stefnu sem dönsk stjórnvöld hafa lengstum haft í innflytjendamálum. Hann hefur nokkrum sinnum fengið dóma vegna ummæla sinna í garð innflytjenda og er þessi síðasti dómur frá 2003.

Þrátt fyrir að vera hjartasjúklingur segist Glistrup ekki ætla að auðmýkja sig með því að óska eftir náðun. Hann segist auk þess standa við öll þau ummæli sem hann er dæmdur fyrir. ■

Danskur her í Írak:

# Verður átta mánuði enn

**DANMÖRK** Danska ríkisstjórnin hefur ákveðið að lengja dvöl danskra hersveita í Írak um átta mánuði. Per Stig Møller utanríkisráðherra skýrði frá þessu í vikunni í danska þinginu. Hann hafnaði þar með um leið kröfu stjórnarandstöðunnar um að binda enda á dvöl danskra hersveita í Írak.

Núverandi samningur Dana um veru hersveita í Írak rennur út í byrjun júní en vegna þingkosninga í Írak í desember telja dönsk stjórnvöld eðlilegt að framlengja dvöl hermannanna um átta mánuði til að byrja með.

Fyrstu dönsku hermennirnir voru sendir til Írak um mitt ár 2003. ■

# Nýr kafli í flugsögunni skrifaður í frönsku skýin

**Nýr kafli í sögu farþegaflugsins hófst í gær þegar Airbus A380 flaug sitt fyrsta flug. 555 farþegar rúmast hæglega í þessari risaþotu en ekki er víst hvort smíðin muni nokkurn tímann svara kostnaði.**

**BLAGNAC, AP** Stærsta farþegaþota sem smíðuð hefur verið, Airbus A380, flaug jómfrúarflug sitt í gær. Kostnaður við þróun og smíði vélarinnar er ríflega 800 milljarðar króna og er óvíst hvort framleiðslan muni nokkurn tímann borga sig.

Yfir 30.000 manns fylgdust með Airbus A380 risaþotunni hefja sig til flugs í fyrsta sinn frá Blagnac-flugvelli í útjaðri Toulouse í Frakklandi og gleði fólksins þegar vélin lenti heilu og höldnu fjórum tímum síðar var óblandin. Engir farþegar voru þó um borð að þessu sinni heldur einbeitti áhöfnin sér að því að kanna flughæfni þotunnar til hlítar. Til vonar og vara voru allir með fallhlífar á bakinu. Þúsundum mælitækja hafði verið komið fyrir í vélinni en auk þess var farangursrýmið fullt þannig að aðstæður væru allar sem raunverulegastar.



MYND/AP

Í LÁGFLUGI YFIR BLAGNAC-FLUGVELLI
Yfir 30.000 manns fylgdust með jómfrúarflugi Airbus A380. Búist er við að vélin verði tekin í notkun árið 2006 og mun Singapore Airlines ríða á vaðið.

Airbus A380 er sannkölluð risaþota. Hún er 73 metrar á lengd og vegur fullhlaðin 560 tonn. Staðalútgáfa hennar rúmar 555 farþega en hægt er að breyta farþegarýminu þannig að allt að 840 komist þar fyrir.

Forsvarsmenn Airbus-fyrirtækisins voru hinir ánægðustu svo og ráðamenn í löndunum sem aðild eiga að verkefninu. „Þetta eru frábærar fréttir fyrir Evrópusamvinnu á sviði iðnaðar,“ sagði Jacques Chirac Frakklandsforseti, eflaust góðum fréttum feginn mitt í kosningabaráttunni um stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins.

Flugið markar endalok ellefu ára þróunarstarfs sem hefur kostað ríflega 800 milljarða króna. Nálega þriðjungur þess er greiddur af skattfé þjóðanna sem að verkefninu standa. 154 pantanir hafa þegar borist en talsvert fleiri þarf til að verkefnið standi undir kostnaði. Enda þótt A380 sé mun hagkvæmari í rekstri en júmbóþotan Boeing 747 þá benda sérfræðingar á að tími slíkra risaþotna sé senn liðinn.

Framtíðarmöguleikarnir liggi í smærri en langdrægari þotum á borð við Boeing 787 Dreamliner. Yfir 287 slíkar vélar hafa verið pantaðar af fjölda flugfélaga og er Icelandair þar á meðal.

Vinsældirnar ættu að vera Boeing-fyrirtækinu kærkomnar því í gær tilkynnti bandaríski flugvélarisinn að hagnaður fyrirtækisins hefði dregist saman um 14 prósent á fyrsta ársfjórðungi 2005. ■

## Airbus afhjúpar risaþotu sína

Nýja Airbus A380 þotan hefur skákað Boeing 747 sem stærsta farþegaþota heims en í tveggja hæða farrými hennar má koma fyrir 555 farþegum.

**Há í loftinu**
A380 þotan er aðeins litlu lengri en keppinautur hennar en þar sem farþegarýmið er tveggja hæða nær stél vélarinnar upp í 25 metra hæð. Stél Boeing 747 nær hins vegar aðeins upp í 20 metra hæð.




**Á vængjum þöndum**
Breidd farþegarýmis þotnanna er svipuð en vænghaf Airbus-þotunnar er talsvert meira en á Boeing 747.

**Airbus A380**
Farþegar 555
Vænghaf 79,8 metrar
Breidd farþegarýmis:
Neðri hæð 6,7 metrar
Efri hæð 5,8 metrar

**Boeing 747**
Farþegar 416
Vænghaf 64, 3 metrar
Breidd farþegarýmis 6,1 metrar

Athugasemd: Visað er til Boeing 747-400ER í samanburðinum.

Heimild: AP





Skrifstofumarkaður:
Hallarmúla 2-4, **Reykjavík**, sími 540 2060
Hafnarstræti 91-93, **Akureyri**, sími 461 5050

Verslanir Pennans:
• Akranesi • Akureyri • Hafnarfirði
• Ísafirði • Keflavík • Kópavogi
• Reykjavík • Selfossi • Vestmannaeyjum

www.penninn.is


Skattayfirvöld í Norður-Noregi:

# Íslendinga leitað vegna gjaldþrots

**NOREGUR** Norsk skattayfirvöld í Narvik í Norður-Noregi leita íslenskra eigenda tveggja fyrirtækja, sem lýst hafa verið gjaldþrota. Leikur grunur á að eigendurnir hafi forðað sér úr landi til Íslands.

Fyrirtækin sem um ræðir heita Balis og GLM og voru staðsett í Narvík og Ballangen sem er skammt sunnan Narvíkur. Sömu eigendur voru að fyrirtækjunum en á pappírunum var Balis í eigu GLM.

Ætlunin var að fyrirtækin framleiddu nýja gerð fiskikerja úr plastefni en ekki tókst að framleiða svo mikið sem eitt fiskikar áður en skattayfirvöld fóru fram á fyrirtækin yrðu tekin til gjaldþrotameðferðar. Þau segja ýmislegt vafasamt í rekstri fyrirtækjanna og aukinheldur leikur grunur á undanskotum á virðisaukaskatti.

Skattayfirvöld fóru fram á að Balis-fyrirtækið yrði tekið til gjaldþrotaskipta í nóvember í fyrra en dótturfyrirtækið GLM, var lýst gjaldþrota fyrir skemmstu.

Heildarupphæð gjaldþrots fyrirtækjanna liggur ekki fyrir þar sem allar kröfur í þrotabúin eru ekki komnar fram. -ssal

## HÆSTIRÉTTUR

**STAÐFESTI GÆSLUVARÐHALD** Hæstiréttur staðfesti í gær dóm Héraðsdóms Reykjavíkur um gæsluvarðahald yfir manni og geðrannsókn vegna árásar á lækni sem borið hafði vitni í barnsfaðernismáli hans. Manninum var gert að sæta gæsluvarðhaldi til föstudagsins 20. maí. Verjandi mannsins vildi fá úrskurðinum breytt í það veru að manninum yrði gert að sæta nálgunarbanni í stað gæsluvarðhaldsins.

## JAPAN

**95 LÍK HAFA FUNDIST** Nú er talið útilokað að fleiri finnist á lífi í flaki lestarinnar sem fór út af sporinu í Amagasaki í Japan. Tólf lík fundust í brakinu í gær og því er fjöldi látinna kominn upp í 95. Enn á eftir að ná nokkrum líkum út, þar á meðal líki lestarstjórans sem hefur verið kennt um slysið.




## Penninn-Eymundsson Hallarmúla

Miklar breytingar hafa verið gerðar á verslun Pennans við Hallarmúla. Á neðri hæðinni hefur **Eymundsson opnað glæsilega bóka- og tímaritadeild** og þar er **myndlistar- og gjafadeildin** okkar einnig ásamt **sýningarsal skólahúsgagna**. Á efri hæðinni er ein stærsta og **glæsilegasta ritfangaverslun landsins, fullkomin tölvu- og tækjadeild** ásamt stærri **Ritsmiðju og ferðatöskudeild**. Gott úrval skrifstofustóla er einnig að finna á hæðinni.



# Eitthvað fyrir alla í Hallarmúla

Í Pennanum í Hallarmúla er ein stærsta ritfangadeild landsins og nú höfum við bætt um betur og opnað glæsilega bókadeild. Ertu að leita að tímaritum, skrifstofuvörum, myndlistarvörum, gjöfum, bókum, töskum, spilum eða ritföngum? Dúndurtilboð eru í gangi núna og hjá okkur geturðu gengið að fjölbreyttu úrvali, frábærri þjónustu og fínum verðum.

FERÐATÖSKUSETT
3 TÖSKUR Í SETTI
LITIR: BLÁTT OG SVART
**Tilboðsverð:**
**9.900 kr.**









LÉTT OG FREISTANDI
**Fullt verð 3.990**
**1.790 kr.**

HÄUSER
TÍMARIT UM HÖNNUN
**Fullt verð 1.245**
**775 kr.**

DVD- OG GEISLADISKAMIÐAR
100 STK. Í PAKKA
**Fullt verð 3.490**
**999 kr.**




BLÁIR KÚLUPENNAR
12 STK. Í PK.
**Fullt verð 399**
**99 kr.**




PENNINN Eymundsson

Tilboðin gilda aðeins í Pennanum-Eymundsson, Hallarmúla, til 10. maí eða á meðan birgðir endast.

Fíton/SÍA FI011381

# Fínir bílar
Gerðu góð kaup!



Hyundai Santa FE
Nýskr. 10.2001 2700cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 96 þ.



LAND ROVER RANGE ROVER
Nýskr. 12.1997 4600cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 142 þ.



Mercedes ML 400
Nýskr. 03.2002 4000cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 62 þ.



RENAULT MEGANE II
Nýskr. 04.2004 1600cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 29 þ.



RENAULT MEGANE RX4
Nýskr. 02.2002 2000cc,
5 dyra, bsk., ekinn 91 þ.



Citroen C3
Nýskr. 11.2002 1400cc,
5 dyra, bsk., ekinn 44 þ.

bílaland B&L notaðir bílar

Grjóthálsi 1
bilaland.is

Opi mán-fös 10-18
og lau 12-16

575 1230


Fyrsti vetnisknúni einkabíllinn til landsins

# Halda tilraunum áfram

**VETNISBÍLAR** Tilraunaverkefni um vetnisknúna strætisvagna lýkur í sumarlok en frá því að það hófst í október 2003 hafa vetnisvagnarnir ekið rúmlega 65 þúsund kílómetra. Nú stendur yfir alþjóðleg ráðstefna þar sem niðurstöður verkefnisins eru kynntar. Af því tilefni var fyrsti vetnisknúni fólksbíllinn fluttur til landsins, Mercedes Bens A-class, sem notar svipaða gerð efnarafala og vetnisvagnarnir og geymir vetni undir þrýstingi.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra segir að stjórnvöld hafi áhuga á því að hér á landi verði haldið áfram að gera tilraunir með vetnisknúna bíla. Hann segir að fyrir Alþingi liggi frumvarp um að virðisaukaskattur verði ekki innheimtur af slíkum bílum nema að hluta til og jafnframt sé til athugunar í efnahags- og viðskiptanefnd að fella hann niður að fullu.

„Við getum tekið þátt í ráðgjöf og þróun á þessu sviði. Við erum samfélag sem byggir að verulegu leyti á endurnýjanlegum orkugjöfum og meira en nokkurt annað land. Því er ljóst að við getum, sem þekkingarsamfélag á þessu sviði, tekið þátt í þessari þróun inn í framtíðina,“ segir Halldór. - sda


**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON ÓK Í NÝJA VETNISBÍLNUM Í GÆR**
„Við getum tekið þátt í ráðgjöf og þróun á þessu sviði. Við erum samfélag sem byggir að verulegu leyti á endurnýjanlegum orkugjöfum og meira en nokkurt annað land. Því er ljóst að við getum, sem þekkingarsamfélag á þessu sviði, tekið þátt í þessari þróun inn í framtíðina,“ segir Halldór.

# Umfangsmesta friðun hér á landi

**Nú eru á lokastigi umfangsmestu friðunaraðgerðir sem gerðar hafa verið hér á landi. Allt sauðfé í Landnámi Ingólfs verður girt inni í beitarhólfum, en svæðið verður að öðru leyti friðað. Þau 20. til 30.000 tonn af hrossataði sem falla til á höfuðborgarsvæðinu geta farið til uppgræðslu.**

**LANDVERND** „Þarna er að verða til stærsta friðaða svæðið á landinu,“ segir Ólafur Dýrmundsson landnýtingarráðunautur um eitt stærsta átak í landvernd og uppgræðslu hér landi. Á næstunni verður lokið við umfangsmikla girðingarvinnu í Landnámi Ingólfs. Þar með verður allt fé á svæðinu lokað inni á sérstökum beitarhólfum. Allt annað land á svæðinu verður friðað. Unnið hefur verið að þessu máli í meira en 20 ár en nú er það á lokastigi. Svæðið nær allt frá Reykjanestá upp að Kjalarnesi, yfir um Þingvallavatn og að Ölfusá. Þeir sem eiga hlut að þessu máli eru viðkomandi sveitarfélög, Vegagerðin, Landgræðslan og Bændasamtökin sem veitt hafa ráðgjöf.


**ÓLAFUR**
Til er að verða stærsta svæði landsins friðað með girðingum.

„Það veit enginn hve stórt þetta svæði er,“ sagði Ólafur, „en þetta eru allavega einhver hundruð ferkílómetra. Þarna verða allir vegir friðaðir fyrir ágangi fjár. Þá verða stór landsvæði aðgengilegri til skógræktar og uppgræðslu.“

Ólafur sagði, að á nýafstöðnum aðalfundi Landverndar hefði verið samþykkt ályktun um náttúruvernd á höfuðborgarsvæðinu. Mikil spjöll hefðu verið unnin utan vega á svæðinu, bæði af torfærumótorhjólum og bílum. Það vandamál hefði farið vaxandi á síðari árum. Þá væri mikið álag af umferð hesta. Malartekja víða á svæðinu færi illa og í sumum tilvikum hörmulega með landið.

„Skipuleggja þarf uppgræðslu og ræktun þessa svæðis til framtíðar,“ sagði Ólafur




Samtökin Gróður fyrir fólk hafa beitt sér fyrir því að hrossatað sem til fellur í hesthúsahverfunum á þessu svæði verði notað til uppgræðslu. Það hefur verið flutt á urðunarstaði í Álfsnesi. Björn Halldórsson hjá Sorpu tjáði Fréttablaðinu að magnið sem bærist væri 20 – 30.000 tonn á ári. Móttökugjald væri ein króna á hvert kíló.

„Núna skapast skilyrði með tilkomu þessara girðinga til að nota hrossataðið til uppgræðslu,“ sagði Ólafur. „Það hefur ekki verið hægt til þessa vegna sjúkdómavarna, þar sem hey hefur verið flutt af ýmsum stöðum í hesthúsahverfin. Menn hafa óttast að það gæti dreift riðu. En nú verður hægt að dreifa taðinu á friðuð svæði að teknu tilliti til vatnsbóla og annarra viðkvæmra svæða.“

jss@frettabladid.is







FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN
**ÚTLÁN AUKAST UM FJÓRÐUNG**
Þórður Már Jóhannesson.

Tekjur af arði 1.400 milljónir

# Í takt við spár

**DÖGG HJALTALÍN** Hagnaður Straums fjárfestingarbanka á fyrsta ársfjórðungi var 4,6 milljarðar króna og er það rúmlega tvöföldun hagnaðar frá því á sama tíma í fyrra. Hagnaðurinn var í takt við spár bankanna. Stór hluti hagnaðarins skýrist af gengishagnaði af stórum eignarhlutum Straums í TM og Íslandsbanka. Einnig fékk bankinn tæpa 1,4 milljarða greidda í arð af hlutabréfaeign sinni á fyrsta ársfjórðungi.

Heildareignir bankans í lok mars námu 109 milljörðum króna og höfðu vaxið um 22 prósent frá áramótum. Hlutabréfaeign bankans í lok ársfjórðungsins nam 55 milljörðum króna og er það 129 prósent af eigin fé bankans.

Bankinn hefur verið að byggja upp fjárfestingarbankastarfsemi sína og jukust útlán bankans um 25 prósent á fyrsta ársfjórðungi. Straumur hefur fjármagnað hlutabréfakaup að hluta með lántöku og var vaxtamunur bankans því neikvæður á fyrsta ársfjórðungi. ■

**SPÁ UM AFKOMU STRAUMS – Í MILLJÓNUM KRÓNA**

| Banki | Hagnaður |
|---|---|
| Íslandsbanki | 3.132 |
| KB banki | 4.460 |
| Landsbankinn | 5.265 |
| Hagnaður | 4.577 |

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 28186 04/2005

## Nýr Corolla - fjölskyldubíll sumarsins

Komdu og sjáðu. Nýr Corolla uppfyllir ströngustu kröfur vandlátra kaupenda um gæði, háþróaðan tæknibúnað og frábæra aksturseiginleika. Þess vegna hafa Íslendingar tekið Corolla fram yfir aðrar tegundir. Þeir vilja fá það sem skiptir mestu máli: Hagstætt verð, traust, öryggi og bíl sem er frábær í endursölu.

**Verð frá 1.755.000 kr.**

**Komdu við, skoðaðu og fáðu að reynsluaka nýjum Corolla.**

TODAY **TOMORROW** **TOYOTA**

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070

# Jamis verðlaunahjólin



Ár eftir ár hefur Jamis fengið verðlaun fyrir hjól sín, m.a. sæmdarheitið besta hjólið, enda þykir Jamis sameina ótrúleg gæði og hagstætt verð.

## Jamis barnahjól

Það er hvergi slegið af gæðunum í Jamis barnahjólum. Öll hönnunin miðar að því að öryggi barnanna okkar sé sem mest.

Stellin eru t.d. sérstaklega lág við sætið til að auðvelda þeim að ná tökum á hjólinu.
Og svo spillir ekki fyrir hvað þau eru flott.

**Concept barnahjól**

Verð frá **7.990 kr.**



**Jamis Explorer 2.0 götuhjól**

Þægindi og fullkomin fjallahjólatækni,
-þetta er hjólið fyrir þig!
6061 álstell
Shimano Altus afturskiptir
Shimano 21 gíra Revo skiptar
SR 2000 framdempari, dempun í sætispósti
Stillanlegur stýrisás
Til með dömu- og herrastelli

Verð **27.990 kr.**



**Jamis Miss Daisy**

16", 3-6 ára

Verð **11.990 kr.**

# Línuskautar fyrir alla

Með Rollerblade gengur þú að gæðunum vísum á góðu verði.



**Vigor ABEC 7**

Vel búnir línuskautar á ótrúlegu verði
Lokun: Reimar og kraftstrappar
Rammi: Ál
Hjól: Uretan 72 mm/80 mm eftir stærð
Legur: ABEC 7
Stærðir frá 35

Verð **7.990 kr.**



**Vigor barnaskautar**

Stækkanlegir barnaskautar
Hjól: Uretan
Legur: ABEC 3
Stærðir: 30-33 og 34-37

Verð **3.990 kr.**

**VIGOR línuskautarnir eru vel búnir og á afar hagstæðu verði.**



**Rollerblade TRS A3**

Góðir palla og „street" skautar
Sokkur: PFS Specialized.
Lokun: Málmsmellur, reimar og kraftstrappar
Rammi: Rollerblade UFS Nylon og trefjaplast
Hjól: Rollerblade 55mm/89A
Legur: ABEC 5

Verð **19.990 kr.**



**Rollerblade Microblade XT**

Rollerblade Microblade XT
Stækkanlegir barnaskautar
Rammi: Trefjaplast
Hjól: 72mm/80A
Legur: ABEC 3
Stærðir: 30-34, 33-37,5 og 36-40

Verð **9.990 kr.**


ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS UTI 28109 04/2005


**ÚTILÍF**

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 ○ GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 ○ KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

# fást hjá Útilíf



**Jamis Cross Country 2.0 fjallahjól**
*6061 álstell*
*SRAM 5.0 afturskiptir*
*SRAM 27 gíra X-7 skiptar*
*SR XC-60 framdempari, 75 mm færsla*
Verð **36.990** kr.



**Jamis Durango Sport SX**
*7005 álstell*
*Manitou Six framdempari, 80 mm færsla*
*Shimano Deore aftur og framskiptar*
*Shimano Acera EZ fire skiptar, 24 gíra*
*Tectro IO diskabremsur*
Verð **49.990** kr.



**Ranger SX**
*7005 álstell*
*Shimano EZ fire skiptar, 21 gíra*
*SR M2000 framdempari*
Verð **23.900** kr.
Einnig til með stálstelli án framdempara
Verð 17.990 kr.



**Jamis Capri 2.0**
*20", 6-9 ára, álstell, 6 gíra*
Verð **17.990** kr.



**Jamis Ranger SX 2.4**
*24", 8-12 ára, álstell,*
*21 gíra, framdempari*
Verð **19.990** kr.



**Concept Bantu**
*20", 6-9 ára, 6 gíra,*
*dempari að framan og aftan*
Verð **12.990** kr.



**Concept Banzai**
*24", 8-12 ára, 18 gíra,*
*dempari að framan og aftan*
Verð **14.990** kr.

# fjölskylduna



**Rollerblade Geoblade 1.3**
*Skel: Bio Dynamic Triforce*
*Sokkur: PFS Comfort*
*Lokun: Hraðreimar, smellur og kraftstrappar*
*Rammi: Trefjaplast*
*Hjól: 78 mm/80A Rollerblade*
*Legur: ABEC 5*
*Einnig til í dömuútfærslu*
Verð **9.990** kr.



**Rollerblade Geoblade 1.5**
*Skel: Bio Dynamic Triforce*
*Sokkur: PFS Training*
*Lokun: Hraðreimar, smellur og kraftstrappar*
*Rammi: Trefjaplast*
*Hjól: 78 mm/80A Rollerblade*
*Einnig til í dömuútfærslu*
Verð **13.990** kr.



**Rollerblade AERO 6W**
*Skel: Triforce Lite*
*Sokkur: PFS Training*
*Lokun: Smellur og kraftstrappi*
*Rammi: Ál*
*Hjól: 80 mm/80A Rollerblade LITE*
*Legur: ABEC 5*
*Einnig til í herraútfærslu*
Verð **15.990** kr.



**Rollerblade AERO 90**
*Skel: Triforce Lite. Extra Vented perforated toe.*
*Sokkur: PFS Specialized XV, Coolmax® í tungu*
*Lokun: Hraðreimar, smellur og kraftstrappar*
*Rammi: Ál*
*Hjól: 90 mm/84A Rollerblade*
*Legur: ABEC 7*
*Einnig til í dömuútfærslu*
Verð **19.990** kr.

*Reiðhjólin fást eingöngu í Útilíf Kringlunni og Smáralind.*

24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GUNNAR KVARAN SELLÓLEIKARI

# *Í frí frá hljóðfærinu í sumar*



„Ég var að koma heim frá Turku í Finnlandi þar sem ég var að kenna í tónlistarakademíunni,“ segir Gunnar Kvaran sellóleikari, sem fannst ferðin geysilega áhugaverð þar sem nemendurnir voru mjög agaðir en samt galopnir fyrir nýjum hugmyndum sem þeir tileinkuðu sér strax og án mótstöðu. Gunnar segir Finna vera mjög framarlega í öllu sem lítur að menntun, þeir séu metnaðarfullir og leggi fjármuni og orku í að mennta sitt fólk. Það hafi skilað sér í því að þessi fimm milljón manna þjóð eigi fjöldann allan af heimsnöfnum í tónlistarheiminum. „Ég tel að það sé eitthvað sem Íslendingar ættu að læra og taka eftir,“ segir Gunnar sem fór í þriggja daga frí til Kaupmannahafnar eftir Finnlandsferðina. Þar tóku börnin hans á móti honum á flugvellinum en þau eru búsett í Danmörku. „Það var ljúf og góð tilfinning,“ segir Gunnar sem er þó alltaf feginn að koma heim.

„Ég er óforbetranlegur Íslendingur og þegar ég kom út úr Leifsstöð og sá í fjarska fjöllin og birtu hafs og himins varð ég gagntekinn eins og alltaf þegar ég kem heim frá útlöndum. Það eru einhverjir töfrar við Ísland sem hitta mig alltaf í hjartastað.“

Sumarið verður allsérstakt hjá Gunnari. Hann þarf að gangast undir uppskurð á öxl og má ekki snerta hljóðfærið í fimm vikur. „Ég held ég hafi aldrei þurft að taka jafn langt frí frá sellóinu,“ segir Gunnar sem telur þó að þetta gefi góða möguleika fyrir hann til að opna sig fyrir öðrum hlutum.

## SVONA ERUM VIÐ



**16.710 BÖRN ERU Á LEIKSKÓLUM LANDSINS**
Heimild: Hagstofan

## SJÓNARHÓLL

**FRAMLÖG TIL MANNRÉTTINDASKRIFSTOFUNNAR**



**KORMÁKUR GEIRHARÐSSON**

### *Ósáttur við forgangsröðun*

„Þetta er bara dauði og djöfull rétt eins og allt annað sem þessi ríkisstjórn hefur gert í mannréttindamálum og öðru,“ segir Kormákur Geirharðsson veitingamaður, en framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands sér fram á að loka þurfi skrifstofunni eftir að ríkisstjórnin ákvað að skerða styrki til hennar.

Hingað til hefur skrifstofunni verið skammtað fé í fjárlögum, en nú ákvað ríkisstjórnin að hverfa frá því fyrirkomulagi og útdeila styrkjum til einstakra verkefna. Í ár fær staða sérfræðings í mannréttindum hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu styrk. Kormáki finnst þetta afleitt. „Þessi ríkisstjórn hefur enga tilfinningu fyrir því hvað á að vera forgangsverkefni og hvað ekki.“

Kormákur prísar sig þó sælan að Íslendingar séu ágætlega staddir hvað mannréttindi varðar en segir brýnt að sofna ekki á verðinum.

# Stungið í samband eins og gsm-síma

**Steinar Sörensson og Sigurður Finnsson hefja í haust innflutning á rafmagnsbílum frá Indlandi. Þeir reikna með að bílarnir kosti í kringum eina milljón og nái um 120 kílómetra hraða.**

„Í þessu felst fyrst og fremst mikill sparnaður. Það er dýrt að reka hefðbundinn bíl og þess vegna held ég að það sé stór markaður fyrir rafmagnsbíla,“ segir Steinar Sörensson sem um nokkurt skeið hefur unnið að markaðs- og viðskiptaáætlun ásamt Sigurði Finnssyni félaga sínum. Stefna þeir á innflutning indverskra rafmagnsbíla af Reva gerð og eiga von á fyrsta bílnum með haustinu.

„Indverjarnir hafa hingað til aðeins framleitt bíla með stýrinu hægra megin en eru að koma með bíla fyrir hægri umferð,“ segir Steinar og á von á fyrsta rafmagnsbílnum til landsins í haust.

Bílarnir hafa tekið miklum framförum, fyrsta útgáfa þeirra náði 65 kílómetra hraða á klukkustund og komst 80 kílómetra vegalengd á einni hleðslu. Nýjasta týpan kemst hins vegar upp í 120 og fer 200 kílómetra á hleðslunni.

Steinari reiknast til að indversku rafmagnsbílarnir frá Reva kosti í kringum eina milljón króna komnir á götuna á Íslandi. „Það þarf ekki að greiða af þeim tolla og í gangi eru viðræður um að fella niður hluta virðisaukaskatts. Fari svo býst ég við að verðið verði innan við milljón.“

Og rekstur rafmagnsbílsins ætti ekki að koma illilega við pyngju eigendanna, Steinar telur hann verða um 25 þúsund krónur á ári. „Bílnum er bara stungið í samband eins og gsm-síma.“

Og markaðssetningin er þegar hafin. „Við finnum þegar fyrir talsverðum áhuga og höfum heyrt hljóðið í fólki og fyrirtækjum. Margir sjá fyrir sér að nota rafmagnsbílinn í fyrirtækjasnatt og svo er hann tilvalinn sem annar bíll á heimili.“ Að auki nefnir Steinar að rafmagnsbíll henti vel námsmönnum og þeim sem hafa minna milli handanna. bjorn@frettabladid.is



**REVA** Svona lítur nýjasta gerðin af hinum indverska Reva rafmagnsbíl út.



**STEINAR SÖRENSSON** Hyggur á innflutning Reva rafmagnsbíla og segir þá henta vel námsmönnum og þeim sem hafa lítið milli handanna.


# ÁRSFUNDUR

LANDSPÍTALA - HÁSKÓLASJÚKRAHÚSS
29. APRÍL 2005 Í SALNUM Í KÓPAVOGI
KL. 14:00 - 16:30

SÖNGUR
Ólafur Kjartan Sigurðarson syngur og Jónas Ingimundarson leikur á píanó

ÁRSREIKNINGAR LSH
Anna Lilja Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri fjárreiðna og upplýsinga

ÁVÖRP
Birna Kr. Svavarsdóttir formaður stjórnarnefndar LSH
Jón Kristjánsson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra

ERINDI
Magnús Pétursson forstjóri LSH: Samfélagslegt gildi heilbrigðisþjónustu

VIÐURKENNINGAR
Afhending verðlauna fyrir vísindastörf
Starfsmenn á LSH heiðraðir fyrir vel unnin störf

FRAMTÍÐARSPÍTALINN
Jóhannes M. Gunnarsson settur forstjóri LSH: Nýtt sjúkrahús, ný hugsun

Susan Frampton forseti Planetree samtakanna í Bandaríkjunum og einn af höfundum bókarinnar „Putting Patients First: Designing and Practicing Patient-Centered Care“ flytur erindi um nýjustu strauma í hönnun sjúkrahúsa og sjúklingamiðaða heilbrigðisþjónustu

ALLIR VELKOMNIR



LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS


Raularinn 2005:

# Allt vitlaust í Vík í Mýrdal

Mannlíf er nú með öðru móti en vanalega í Vík í Mýrdal því Raularinn 2005 fer fram á laugardag. Raularinn er söngvakeppni þar sem keppt er um besta söngvarann, bestu sviðsframkomuna og besta umboðsmanninn og eru skilyrði um sönghæfileika keppenda ekki í forgrunni.

„Þetta gengur út á að umboðsmenn keppenda auglýsa sinn umbjóðanda vikuna fyrir keppni og hefur bærinn tekið stakkaskiptum þessa daga fyrir keppni,“ segir Sædís Ína Elíasdóttir skipuleggjandi Raularans.

Því til sönnunar má nefna að starfsemi KB banka í bænum lamast degi fyrir mót því þar er slegið upp Raularakaffi sem starfsfólkið sér um. Ku baksturinn vera eins og í meðal fermingarveislu og allir velkomnir.

Sjö atriði eru skráð til keppni þetta árið en mismargir taka þátt í hverju atriði. Allir syngja við undirleik hljómsveitarinnar Granít en þar fer fremstur í flokki gítarleikarinn Sveinn Pálsson sem auk þess er sveitarstjóri í Mýrdalnum.

Raularinn varð til þegar Sædís Ína var í fæðingarorlofi fyrir níu árum og langaði að brydda upp á einhverju skemmtilegu. Hún hafði numið við Samvinnuháskólann á Bifröst þar sem hin þekkta keppni Bifrovisjón er haldin ár hvert. Sædís Ína sendi bréf til fólks og fyrirtækja í Vík og kynnti hugmyndina og fékk slík viðbrögð að Raularanum var komið á fót. Hann er nú haldinn í níunda sinn og er löngu orðinn að hápunkti skemmtanalífsins í Vík og nágrenni. - bþs



**SVEINN SVEITARTJÓRI** Leikur á gítar í hljómsveitinni Granít.


Opel. Þýski gæðingurinn.
Astra
KYSSTU MIG
Opel Astra er frábær, alhliða heimilisbíll. Hann er sterkur, rúmgóður, lipur, vandaður, öruggur og skemmtilegur. Ef þú trúir okkur ekki, komdu þá og fáðu hann lánaðan í heila 3 daga. Farðu hvert sem þér sýnist. Sýndu vinum þínum hann, og ekki gleyma fjölskyldunni. Snertu hann, snúðu honum, klappaðu honum og vertu með honum þangað til þú þekkir hann út og inn. Svo skaltu skila honum – ef þú getur.
Listaverð frá 1.795.000,-
3ja daga reynsluakstur: Kostar ekkert.
www.opel.is
Nánari upplýsingar um Opel hjá Ingvari Helgasyni færðu á www.opel.is
Skráning í síma 525 8005
eða á millionmiles@ih.is
Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is
Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00



# Lamb á grillið í sumar!

**LAMBAHRYGGUR ÚR KJÖTBORÐI**

**899 kr. kg**

*Þú sparar 399 kr.*

*Venjulegt verð í Nóatúni er 1.298 kr./kg.*

## BETRI KAUP Í NÓATÚNI!



**LAMBA-KÓTILETTUR ÚR KJÖTBORÐI**

**1.198 kr. kg**

*Þú sparar 200 kr.*

*Venjulegt verð í Nóatúni er 1.398 kr./kg.*



**LAMBA FRAMHRYGGJA-SNEIÐAR**

**998 kr. pk.**

*Þú sparar 300 kr.*

*Venjulegt verð í Nóatúni er 1.298 kr./pk.*



**RÆKJA ÓPILLUÐ SOÐIN**

**599 kr. kg**

*Þú sparar 200 kr.*

*Venjulegt verð í Nóatúni er 799 kr./kg.*



**MELÓNA GRÆN**

**99 kr. kg**




**ÍSLENSK AGÚRKA**

**99 kr. kg**


UNGNAUTA-
HAKK
698 kr. kg
Þú sparar 400 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 1.098 kr./kg.
25% afsláttur við kassa
SS
RAUÐVÍNSLEGNAR
SVÍNAKÓTILETTUR
1.161 kr. kg
Þú sparar 387 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 1.548 kr./kg.
Cocoa Puffs
Doritos
Sweet Chilli Pepper
Doritos
Dippas
Natural
Ristorante
Pizza Hawaii
Ristorante
Pizza Mozzarella
Ristorante
Pizza Salame
DORITOS FLÖGUR
CHILLI EÐA DIPPAS
149 kr. pk.
COCA PUFFS
249 kr. pk.
Þú sparar 100 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 349 kr./pk.
OEKTER
PIZZA 4 TEG.
299 kr. stk.
SPARAÐU
7UP FREE
2 L
119 kr. 2l.
Þú sparar 80 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 199 kr./2l.
NÓATÚNS
HEILSUBRAUÐ
199 kr. stk.
CROISSANT
BRAUÐ 2 TEG.
59 kr. stk.
Þú sparar 40 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 99 kr./stk.
Mundu Chester Fried
NÓATÚN
OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA

360 gráður

**FBL-GREINING:** SAGA FARÞEGAFLUGS

# Þróunin gerist í stökkum



**CONCORDE** Hljóðfráa farþegaþotan Concorde var tímamótaflugvél í sögu farþegaflugsins.

Blað var brotið í sögu farþegaflugs heimsins í gær þegar hin nýja ofurþota Airbus A380 fór í sitt fyrsta flug. Þessi stærsta farþegaþota heims ber hvorki fleiri né færri en 800 farþega þegar mest lætur en það samsvarar öllum íbúum Seyðisfjarðar og gott betur.

**Fyrsta farþegaþotan 1952**

Fyrstu farþegaflugvélarnar tóku aðeins nokkra farþega en um 1930 voru komnar fram á sjónarsviðið vélar sem gátu tekið allt að 13 farþega. Ein þekktasta og öruggasta farþegavél sögunnar, Douglas DC-3 eða þristurinn, kom á markað 1936 en sú vél tók 21 farþega og náði 270 km hraða á klukkustund.

Í síðari heimsstyrjöldinni þróuðust flugvélar ört og þotuhreyfillinn kom til sögunnar. Fyrsta farþegaflugið í flugvél knúinni þotuhreyflum var á milli London og Jóhannesarborgar árið 1952. Um var að ræða vél af gerðinni De Havilland sem tók 36 farþega. Í kjölfarið fylgdu farþegaþotur á borð við Boeing 707, Convair 880. Douglas DC-8 og Lockheed Electra.

Um 1960 voru farþegaþotur orðnar nánast allsráðandi á öllum helstu millilandaflugleiðum heims og Bandaríkjamenn voru leiðandi í framleiðslu stórra farþegaþotna.

**Bylting í lok sjöunda áratugarins**

Í lok sjöunda áratugarins varð algjör bylting í sögu farþegaflugs þegar júmbóþotan Boeing 747 var tekin í notkun en hún gat flutt allt að 500 farþega í einu. Keppinautar Boeing svöruðu þessu með vélum eins og Lockheed 1011 og McDonnell Douglas DC-10 sem gátu flutt allt að 400 farþega.

Önnur bylting í farþegaflugi átti sér stað á sama tíma eða 1969 þegar Bretar og Frakkar kynntu hljóðfráu farþegaþotuna Concorde. Með henni náðu Evrópumenn að rétta hlut sinn nokkuð í smíði farþegaþotna en Concorde var tekin í almenna notkun 1976. Síðan hafa ekki gerst stórtíðindi í sögu farþegaflugs fyrr en í gær eins og áður segir þegar Airbus A380 hóf sig til flugs frá Toulouse í Frakklandi.

## SPURT & SVARAÐ

VETNISSTRÆTISVAGNAR



### Einstakt verkefni

Þriggja ára tilraunaverkefni NýOrku og aðildarfyrirtækja um rekstur vetnisknúinna strætisvagna er að ljúka. Þorsteinn Sigfússon er ráðgjafi NýOrku.

**Heppnaðist verkefnið vel?**
Þetta hefur tekist betur en nokkur þorði að vona og sem dæmi hafa erlendir aðilar hrósað okkur mikið fyrir hvernig til hefur tekist. Þetta var einstakt verkefni þegar það hófst fyrir nokkrum árum og skömmu síðar hófust svipuð verkefni í öðrum borgum Evrópu en ekkert þeirra jafnast á við íslenska verkefnið.

**Af hverju lýkur því nú**
Daimler Chrysler, framleiðandi þeirra vagna sem við höfum notað hingað til, eru ekki tilbúnir með næstu kynslóð vetnisvagna. Þessum sem nú eru í umferð var ekki ætlað að vera mjög lengi starfandi en þeim vögnum sem hér eru hefur verið ekið mun meira en sambærilegum vögnum annars staðar.

**Hvenær verða vetnisbílar algengir?**
Við erum þegar búnir að óska eftir að hingað verði fengnir 50 vetnisknúnir bílar til almenningsnota á næstunni.

# Tveir játa obbann af sakargiftunum

**Aðalmeðferð í einum anga eins stærsta fíkniefnamáls síðustu ára fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Fjórir ungir menn eru þar sakaðir um stórfelldan fíkniefnainnflutning.**



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**MÁLFLUTNINGAR AÐ HEFJAST** Sakborningar og verjendur í einum anga Dettifossmálsins, einhvers stærsta fíkniefnamáls síðustu ára, koma sér fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Tveir sakborningar af fjórum játuðu á sig stærstan hluta sakargifta í einum anga stóra Dettifossmálsins svokallaða. Aðalmeðferð í málinu fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Dettifossmálið er eitt umfangsmesta fíkniefnamál síðustu ára.

Sá angi málsins sem fjallað var um í gær snýst að mestu um tæp þrjú kíló af amfetamíni og tæp 600 grömm af kókaíni sem reynt var að smygla með Dettifossi frá Rotterdam um miðjan mars í fyrra, en efnin voru haldlögð við komu skipsins til Reykjavíkur. Þá var ákært fyrir tilraun til smygls á að minnsta kosti 400 grömmum af amfetamíni frá Danmörku í júní sama ár.

**Tveir játa mest**

Hinrik Jóhannsson og Jón Arnar Reynisson, fyrrum skipverji á Dettifossi, játuðu á sig þennan hluta málsins að mestu, þó með þeim fyrirvara að Hinrik sagðist bara eiga kíló af efnunum sem fundust um borð í skipinu. Einnig var ákærður annar skipverji af Dettifossi fyrir aðild, en hann aðstoðaði Jón Arnar við að koma efnunum um borð í Rotterdam og varð honum annað hvort úti um innsigli, eða innsiglaði sjálfur gáminn sem efnin voru falin í um borð. 400 grömmin frá Danmörku bárust aldrei til landsins, en Jón Arnar



**Í DÓMSALNUM**
MÁLFLUTNINGUR
Í DETTIFOSSMÁLINU

ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON,
BLAÐAMAÐUR

kvaðst hafa óttast að upp um sig kæmist og því hent efnunum í ruslið. Skipverjinn sem aðstoðaði var einnig ákærður fyrir smygl á munntóbaki og fínkorna neftóbaki.

Þá var Jóhanni Einari Björnssyni gefið að sök að hafa keypt amfetamínið sem hent var. Eins var hann sakfelldur fyrir tæp 17 grömm af kókaíni sem fundust við húsleit heima hjá honum og fyrir anabólíska stera sem þar voru gerðir upptækir. Hinrik og Jón Arnar sitja enn í gæsluvarðhaldi vegna málsins.

Stóra Dettifossmálið er þó heldur umfangsmeira í heild sinni, því alls snýst það um innflutning á um 11 kílóum af amfetamíni, því átta kíló til viðbótar fundust í vörusendingu í júlí, auk þess sem gerð var tilraun til að smygla til landsins í pósti tvö þúsund skömmtum af LSD.

Hinrik Jóhannsson breytti í gær fyrir dómi fyrri framburði sínum varðandi þátt Jóhanns Einars Björnssonar og vildi sjálfur taka ábyrgð á því að hafa keypt í Kaupmannahöfn amfetamíngrömmin 400 sem hann svo fól Jóni Arnari að smygla til landsins í lítilli flösku. „Mér þykir leitt að segja það, en ég ætlaði að koma þessu á Jóhann Einar. Ég vissi að hann var úti á sama tíma,“ sagði Hinrik fyrir dómi. Daði Kristjánsson, fulltrúi Lögreglustjórans í Reykjavík, sem sótti málið, tók þessa breytingu þó lítt trúanlega og taldi „blasa við“ að Hinrik og Jóhann Einar hefðu getað talað sig saman um að Hinrik tæki á sig sökina, eftir að hann var fluttur í óbundið gæsluvarðhald. Hann vísaði jafnframt til símtala milli þeirra félaga morguninn sem Jóhann Einar flaug til Kaupmannahafnar, en Hilmar starfaði á bónstöð hjá Jóhanni. „Það er fjarstæðukennt að menn séu að sækja bíla til að bóna eldsnemma að morgni, tveimur tímum áður en annar á að fara í flug,“ sagði hann. Hinrik sagði aðspurður um hvort illt hafi verið á milli hans og Jóhanns Einars: „Ég bara þoldi hann ekki ....á tímabili.“ Jóhann Einar flaug til Kaupmannahafnar að morgni, en Hinrik að kvöldi.



**MÆTTIR Í HÉRAÐSDÓM** Hinrik Jóhannsson og Jón Arnar Reynisson, sakborningarnir tveir sem enn eru í gæsluvarðahaldi og játað hafa á sig bróðurpart sakargiftanna í einum anga stóra Dettifossmálsins, mæta hér í Héraðsdóm í gær í fylgd gæslumanna af Litla-Hrauni.

**„Eyvi“ er ófundinn**

Sakborningum bar að mestu saman um atburðarás í Rotterdam í mars þegar sótt voru tæp þrjú kíló af amfetamíni og tæp 600 grömm af kókaíni. Þó bar þeim ekki saman um hversu mikið skipverjinn sem aðstoðaði Jóhann kom að málum. Jón Arnar og skipverjinn fóru að hitta Hinrik fyrir utan sjómannaheimilið í Rotterdam, en þar kveðst skipverjinn hafa farið inn og pantað bjór og hitt svo Jón Arnar eftir að hann var búinn að sækja efni hjá Hinriki. Þeir hafi svo farið út og grafið upp plastpoka með meira amfetamíni sem var undir tré í grenndinni. Þau efni munu hafa verið komin frá þriðja aðila, „Eyva“, en hann hefur ekki fundist. Jón Arnar og Hinrik bera hins vegar að skipverjinn hafi beðið álengdar meðan þeir funduðu og hann hafi svo grafið upp efnin undir trénu eftir ábendingu Jóns. Þá vill Jón Arnar meina að skipverjinn hafi aðstoðað við að koma efnunum fyrir um borð og hafi innsiglað gáminn þar sem efnin voru falin. Þessu neitar skipverjinn þó staðfastlega, hann kveðst bara hafa aðstoðað við að koma efnunum um borð í skipið og svo útvegað Jóni innsigli til að innsigla gáminn.

Jón Arnar sýndi mikla eftirsjá í máli sínu í gær og kvaðst hafa skammast sín mikið „enda búinn að vera 13 ár til sjós.“ Hann skýrir hegðun sína með því að hann hafi verið langt leiddur í fíkniefnaneyslu og hann hafi leiðst út í smyglið til að fá niðurfellda hálfrar milljón króna fíkniefnaskuld við Hinrik. Þetta staðfesti Hinrik í Héraðsdómi. Jón Arnar sagði jafnframt að hann hefði litla fyrirhyggju sýnt í gjörðum sínum. Til að mynda hafi hann rofið innsiglið á gáminum þar sem amfetamíninu hafði verið komið fyrir til að stelast í efnið á leiðinni yfir hafið. Hann lét svo hjá líða að innsigla gáminn aftur. ■


DV

ÓLÉTT EFTIR KANADÍSKAN LÆKNI

LINDA P. KOMIN HEIM TIL AÐ FÆÐA



*Á sjöunda mánuði og í sjöunda himni*

DV – hefur þú séð DV í dag?



FRYSTIVARA
Hamborgarar
UNGNAUT 10x115g
999 KR.
10x115g
UNG naut
Frábært úr frystinum
EKKERT BRUÐL
Hrásalat
Kartöflusalat
99 KR.
350g
FROSNIR ROÐLAUSIR BEINLAUSIR
Laxa BITAR
FROSNIR LAXABITAR
699 kg KR.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 999kr.
Komdu í Bónus!
30% afsláttur við kassann
pasta ZARA
HÁLFT KÍLÓ SKRÚFUR
39 KR.
HÁLFT KÍLÓ SPAGETTÍ
39 KR.
KOMIÐ AFTUR!
250g TORTELLINI
99 KR.
3 tegundir tortellini
Tortellini
Pipar sósa
Hvítlauks sósa
99 KR.
200g
29 KR.
340g
Boonsith
PESTO SNEIÐAR
599 kg KR.
PESTO rosso
KF FRAMPARTSSNEIÐAR
Pesto rosso
LAMBASNEIÐAR
ÚTVATNAÐIR
Sporðar
SALTFISKUR
SALTFISKSSPORÐAR
499 kg KR.
EKKERT BRUÐL
29 KR.
420g
Baked beans
29 KR.
400g
Anna
59 LÍTRI KR.
EPLA SAFI
VILLI GRILLSNEIÐAR KF
599 KÍLÓVERÐ KR.
Villikryddaðar
GRILLSNEIÐAR
100g
Kisu MATUR
BILANX
Best Friend
39
100g KR.
Lasagna bolognese
STEFANO TOSELLI
HEILT KÍLÓ
599 BEINT Í OFNINN! KR.
Lasagna
HEILT KÍLÓ
Cannelloni
Cannelloni
HEILT KÍLÓ
HEILT KÍLÓ
599 BEINT Í OFNINN! KR.
Bónus býður betur!
99
500 ml KR.
500 ml
Hand SÁPA
Hand Fruits
75 ml
ULTRA FRESH tannkrem
99
75 ml KR.
Salernis HREINSIR
99
750 ml KR.
Clean Fresh
Fimm KÍLÓ
universal washing powder
yplon
299
5 KÍLÓ KR.
5kg
EKKERT BRUÐL
59
500 ml KR.
Washing Up Liquid
Blick
-hugsum fyrir öllu...
Tilboðin gilda fimmtudag 28. apríl til sunnudags 1. maí eða meðan birgðir endast
BÓNUS
ERAN/Landlist

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Umsóknum um örorkumat fjölgaði um sjötíu af hundraði á tveimur árum

## Hér eru of margir ungir öryrkjar

Hvers vegna eru svona margir ungir öryrkjar hér á landi sem raun ber vitni? Er það þenslan á vinnumarkaði og í efnahagslífinu sem hefur orðið til þess að fólk sem er eitthvað vanmáttugt er hrakið af vinnumarkaði eða er orsakanna að leita annars staðar? Þetta eru spurningar sem vakna í kjölfar úttektar Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, kynnti í fyrradag. Samkvæmt henni eru mun fleiri ungir öryrkjar hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum, en aftur á móti eru þar hlutfallslega fleiri 50 ára og eldri á örorkubótum en hér.

„Það getur verið að eitthvað af fólki sé að þrýstast á milli kerfa hjá okkur þar sem örorkubæturnar eru hærri heldur en atvinnuleysisbætur,“ sagði Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra um þá miklu aukningu sem orðið hefur á fjölgun öryrkja á allra síðustu árum. Hann sagði að hættan væri sú að þeir sem ættu í tímabundnum erfiðleikum festust inni á örorkubótunum. Þá væru komnar upp spurningar um endurhæfingu og hvernig atvinnulífið væri í stakk búið til að taka við þessu fólki. Einnig þyrfti að athuga hvort leiðin í gegnum matið væri of auðveld.

**Það er ekki aðeins að það sé slæmt fyrir ungt fólk að fara á örorkubætur, heldur aukast útgjöld samfélagsins til þessa málaflokks mjög ef fólk er á örorkubótum lungann úr starfsævinni.**

„Ég vil undirstrika að við viljum hjálpa þeim sem þurfa á hjálp að halda,“ sagði ráðherra þegar skýrsla Hagfræðistofnunar var kynnt.

Í skýrslunni kemur fram að frá árinu 2002 og þar til á síðasta ári fjölgaði umsóknum um örorkumat úr 944 í 1622 eða um rúmlega 70 af hundraði. Þetta getur átt sér margvíslegar skýringar, en aðaláhyggjuefnið hlýtur að vera hin mikla fjölgun ungra öryrkja hér á landi. Sú hætta er alltaf fyrir hendi að ungt fólk sem fer á örorkubætur eigi erfitt með að fara aftur á almennan vinnumarkað. Stjórnvöld þurfa því að huga sérstaklega að þessum þætti og láta kanna hann nánar ef allar upplýsingar um málið koma ekki fram í skýrslu Hagfræðistofnunar. Eru þessir ungu öryrkjar í þéttbýli eða dreifbýli? Ef þeir eru í þéttbýli, hvar er þá aðallega að finna? Eru þeir á höfuðborgarsvæðinu eða á litlum stöðum sem hafa orðið illa úti vegna sameiningar fyrirtækja eða tilflutnings á kvóta? Það er ekki aðeins að það sé slæmt fyrir ungt fólk að fara á örorkubætur, heldur aukast útgjöld samfélagsins til þessa málaflokks mjög ef fólk er á örorkubótum lungann úr starfsævinni. Samtök öryrkja þurfa líka að líta raunsæjum augum á þær staðreyndir sem fram koma í skýrslunni, þótt það geti verið sárt fyrir suma skjólstæðinga þeirra. Það er vitað að viss hluti þjóðfélagsþegnana þarf á aðstoð samfélagsins að halda, og þeim á að hjálpa svo þeir geti lifað mannsæmandi lífi, en aðrir fara kannski á örorkubætur aðeins vegna þess að þær eru hærri en atvinnuleysisbætur. ■

OPIÐ HÚS Í DAG Á MILLI 17.00 - 19.00
GALTALIND 20
SÖLUMAÐUR Á STAÐNUM • SÍMI 862-3377



Flott 103 fm íbúð á fyrstu hæð í litlu fjölbýli. Sér inngangur, falleg gólfefni og innréttingar. Sturta og baðkar á baðherbergi. Rúmgóð tvö herbergi. Fallegt útsýni, rólegt hverfi en stutt í alla þjónustu.
**Verð 22.9 millj.**
Vinsæl staðsetning.

ÁS FASTEIGNASALA
Hafnarfirði
Fjarðargata 17
Sími 520 2600
Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða
www.as.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Allt er illt sem kemur að sunnan

Björn Þorláksson fréttamaður Ríkisútvarpsins á Akureyri setti ofan í við Hjörleif Hallgríms, ritstjóra Vikudags, í stuttri Morgunblaðsgrein um daginn. Björn hafði hnotið um frétt í Vikudegi undir fyrirsögninni „Íbúðarheildsalar frá Reykjavík teygja arma sína til Akureyrar“.Hvað með það, spyr Björn og vitnar áfram í Vikudagsfréttina: „Það er slæmt til þess að vita að gróðabraskarar úr Reykjavík ætli að fara að sprengja upp íbúðaverð hér í okkar fallega bæ og gera þá til dæmis ungu fólki erfitt með að eignast eigin íbúð, nóg er samt.“ Og svo þetta: „Það eru tilmæli Vikudags til væntanlegra íbúðarkaupenda að þeir eigi ekki viðskipti við gróðabraskara að sunnan sem væntanlega hækka íbúðaverðið um milljónir króna.“ Þarna ofbýður Birni og hann skrifar: „Ritstjórinn má skrifa greinar og leiðara um eigin þröngsýni en hlífum fréttunum við slíku. Ég sem íbúi á Akureyri skammast mín fyrir að eini fréttaprentmiðill Akureyrar skuli ekki standa sig faglegar en raun ber vitni.“



### Agavandamál hjá útvarpi þjóðarinnar

Hjörleifur Hallgríms lætur fréttamann RÚV, sem kallaður er Björn Mývetningur í greininni, ekki eiga neitt inni hjá sér og svarar honum í síðasta tölublaði Vikudags. Og spyr: „Í hvaða ástandi varstu Björn Þorláksson þegar þú last forsíðufréttina í Vikudegi og í framhaldi af því skrifaðir greinina í Moggann sem er uppfull af rógburði og rangfærslum.“ Og Hjörleifur telur að hann megi eitt og annað sem fréttamönnum RÚV leyfist ekki: „Ég vil að lokum segja við þig Björn að við sem vinnum á héraðsfréttamiðlunum höfum óformlegt leyfi til að tjá okkar eigin skoðanir í fréttum jafnt sem öðru efni, en fréttamaður eins og þú, sem vinnur hjá Ríkisútvarpinu, útvarpi þjóðarinnar, hefur ekki leyfi til þess eins og þú gerir og ert jafnvel með leiðandi spurningar. Til þess hefur þú ekkert leyfi. Þér færi líklega betur að halda þig við skáldsöguskriftir.“

johannh@frettabladid.is

## Lengi býr að fyrstu gerð

Í DAG
ÓVINIR LÝÐRÆÐISINS
ÞORVALDUR GYLFASON



Í fyrri viku velti ég fyrir mér áhrifum einstaklinga á framvindu sögunnar og tók dæmi af Indlandi og Pakistan, sem voru eitt land undir stjórn Breta og skiptust árið 1947 í tvö lönd (þrjú með Bangladess 1971). Löndin tvö stefndu eftir það í ólíkar áttir, sem virtust í hvoru landi fyrir sig ríma vel við upplag landsfeðranna. Indverjar tóku upp fulltrúalýðræði, enda hefði Mahatma Gandí aldrei tekið annað í mál, ekki frekar en t.a.m. Nelson Mandela. Pakistan er á hinn bóginn harðsvírað einræðisríki. Lönd eru eins og annað fólk: lengi býr að fyrstu gerð.

Hugsum þessa hugsun aðeins lengra. Jesús Kristur og Múhameð voru býsna ólíkir menn. Kristur var friðflytjandi, Múhameð var stríðsherra. Er það þá nokkur furða, að flest lönd kristinna manna á okkar dögum eru friðsæl lýðræðisríki? – og öfgamenn í ríkjum múslíma heita ófriði í guðs nafni og nærast á heift. Vandinn í ríkjum múslíma er þó ekki bundinn við öfgamenn þar, öðru nær. Lýðræði er sjaldgæft meðal múslíma, einræði er reglan. Lönd Araba hafa mörg hver orðið viðskila við nútímann; æðsti draumur ofsatrúarmanna þar er að hverfa aftur til miðalda eins og þeim tókst í Afganistan í stjórnartíð talíbana.

Hvers vegna er lýðræði reglan meðal kristinna manna og einræði meðal múslíma? Svarið virðist ekki vera að finna í inntaki trúarbragðanna, enda eru þau upp runnin á sömu slóðum í Austurlöndum nær með nokkurra alda millibili og eiga þar að auki margt annað sameiginlegt. Friðarboðskapur og fyrirgefning í anda Krists eru að vísu ekki rúmfrek í Kóraninum, en það skiptir þó varla sköpum í nútímanum, enda gegnir umburðarlyndi lykilhlutverki í íslam líkt og í okkar trú. Er svarið þá heldur að finna í fordæmi spámannanna? Kannski.

**Vandinn í ríkjum múslíma er þó ekki bundinn við öfgamenn þar, öðru nær. Lýðræði er sjaldgæft meðal múslíma, einræði er reglan.**

Fjölmennasta ríki múslíma nú er Indónesía, og þar situr nú lýðræðislega kjörin stjórn. Tyrkland er einnig lýðræðisríki og stefnir á inngöngu í Evrópusambandið innan tíðar. Hvorugt landið fær þó hæstu einkunn í lýðræðismælingum stjórnmálafræðinga, þar vantar enn talsvert á. Arabalöndin eru annar handleggur. Í þeim hópi er ekkert lýðræðisríki. Arabalöndin liggja nálægt botni á lýðræðislistum stjórnmálafræðinganna ásamt þeim fimm kommúnistaríkjum, sem enn eru uppistandandi. Hvers vegna? Einræði kommúnista liggur í hlutarins eðli: kommúnistar stjórna jafnan með þvílíkum yfirgangi á landsvísu og svo illa, að ekkert nema einræði og ofbeldi getur haldið þeim við völd. (Á landsvísu, segi ég, því að kommúnistum hefur sums staðar tekizt að afla sér virðingar meðal kjósenda í einstökum borgarstjórnum og héraðsstjórnum, t.d. á Ítalíu og Indlandi).

En hvernig stendur þá á því, að Arabalönd fylla sama flokk og kommúnistalöndin? Arabalöndin búa sum að miklum olíulindum, sem ráðandi öflum hefur tekizt að sölsa undir sig. Þeim, sem hefur tekizt að leggja undir sig svo mikinn auð til eigin nota, hugnast yfirleitt ekki að deila honum með öðrum. Konungsfjölskyldan í Sádi-Arabíu sér því ýmis tormerki á frjálsum kosningum þar í landi, enda myndi sú góða fjölskylda þá missa völdin yfir landinu í einu vetfangi – og þá um leið umráðin yfir olíulindunum. Ríkisstjórn Sádi-Arabíu eys fé í ofsatrúarhópa einmitt til þess að geta skýlt einræðisstjórninni á bak við þörfina á að halda þeim í skefjum. Svipað á við um Pakistan, enda þótt engri olíu sé þar til að dreifa: þar eru tíu þúsund trúarskólar, enda þótt aðra skóla skorti allt til alls.

Sumir halda, að lýðræði sé lúxusvara og hæfi því ekki fátæku fólki. Þessi skoðun orkar tvímælis eins og dæmi Indlands vitnar um, því að þar býr tæpur milljarður manna við lýðræði og þekkir ekki aðra stjórnskipan af eigin raun. Það er að vísu rétt, að fátækt hamlar lýðræði – og ekki bara lýðræði: fátækt er óvinur alls, sem lifir. Hún dregur svo þrótt úr fólki, að það skortir afl til þess að hrinda óvinum lýðræðisins af höndum sér. Hagvöxtur lyftir lífskjörum almennings með tímanum og eflir fólkið svo til dáða, að það megnar að rísa upp gegn kúgurum sínum og kasta hlekkjunum. Þess vegna hlýtur einræði að víkja og óskorað lýðræði að taka við. Aðeins sjö lönd í heiminum búa nú við auðsæld – þ.e. mikla landsframleiðslu á mann – án lýðræðis: sex íslömsk olíulönd (Barein, Brúnei, Katar, Kúveit, Sameinuðu furstadæmin og Sádi-Arabía) auk Singapúr, sem á engar auðlindir aðrar en lifandi fólk. Þjóðarauðinum er misskipt í íslömsku olíulöndunum sex, því að einræði kallar á ójöfnuð og annað verra, en ekki í Singapúr: þar er ójöfnuðurinn ekki meiri en sums staðar í Evrópu. ■

## ORÐRÉTT

### Slæm blanda

*Nú veit ég að engu er að treysta þegar ástin og peningar eru annars vegar*

**Anna Pálsdóttir fær lítið fyrir trúlofunarhringinn sem hún ætlaði að selja eftir að upp úr slitnaði í sambandinu**

**DV 27. apríl**

### Hin eina rétta skoðun

*Gagnrýnandi Morgunblaðsins hreifst af píanóleik Kristínar Jónínu Taylor. Dásemd var að hlýða á túlkunina*

**Baksíðufyrirsögn Morgunblaðsins**

**Morgunblaðið 25. apríl**

### En svona er handboltinn

*Við fengum fjölmörg tækifæri til að komast yfir í leiknum en dómar féllu okkur ekki í hag á mikilvægum augnablikum og dómararnir áttu sinn þátt í sigri Hauka hér í dag. Það er fáránlegt að bjóða upp á svona dómgæslu í úrslitaleik.*

**Elísa Sigurðardóttir Eyjakona var ósátt í leikslok**

**Morgunblaðið, 27. apríl**

### Gott að þau geri það ekki í tímum

*Þau bera sig, drekka úr drullupolli fyrir pening og pissa í ræsið í frímínútum.*

**Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, kennari í Grundaskóla á Akranesi, um skólabörn sem horfa á Strákana.**

**DV, 27. apríl**

### Er þetta satt?

*Meðal framsóknarmaðurinn er hættuleg samsetning sem er til alls vís og notar helst meðul sem eru helguð tilganginum.*

**Þórarinn Þórarinsson skilgreinir stjórnmálin**

**Fréttablaðið, 27. apríl**

### Allt í hund og kött

*Lengi getur vont versnað og vondur innri maður orðið verri, því í ljós hefur komið að Ásgeir stendur fyrir nýju hundaræktarfélagi.*

**Úr bréfi til félaga Íshunda.**

**DV, 27. apríl**

### Fátæktin opinberuð

*Framsóknarmennirnir eru nú að stíga fram með einkafjármálin og Kristinn sleggja fer þar fram fremstur í flokki. Sýnist á öllu að hann sé skítblankur.*

**Óli Ómar Ólafsson, leigubílstjóri.**

**DV, 27. apríl**

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871


www.clarins.com
par Amour
par Amour
toujours
Elskar að segja það, elskar að finna það,
elskar að deila því.
Kynnum nýju Clarins ilmina,
par Amour og par Amour toujours,
í snyrtivörudeildum Hagkaupa
dagana 28. apríl – 4. maí.
Ilmvatn frá
CLARINS
PARIS
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Hvers vegna að selja Símann

**UMRÆÐAN**
UM SÖLUNA Á SÍMANUM



**BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON**

Hvers vegna er nauðsynlegt að selja Símann til einkaaðila? Gengur rekstur hans í höndum ríkisins illa? Svarið við þessum spurningum er þetta: Það er engin nauðsyn að selja Símann. Rekstur hans í höndum ríkisins gengur mjög vel. Í rauninni malar Síminn gull fyrir eiganda sinn, ríkið. Hér áður var það aðalröksemdin fyrir einkarekstri, að sá rekstur gengi betur en ríkisrekstur. Þegar tap var á ríkisfyrirtækjum var þess gjarnan krafist að þau yrðu einkavædd þannig að þau færu að skila hagnaði. En þessi röksemd á ekki við um Símann. Þetta fyrirtæki hefur skilað milljörðum í hagnað á hverju ári um langt skeið og hefur fært ríkinu ómældar tekjur. Það finnast því engin rök fyrir einkavæðingu fyrirtækisins. Algengasta slagorð einkarekstursmanna er að ekki megi hafa fyrirtæki í samkeppnisrekstri í höndum ríkisins. Þetta er rugl. Það er unnt að hafa fyrirtæki í eigu ríkisins í hlutafélagsformi eða í öðru formi með takmarkaðri ábyrgð og sjálfstæðum fjárhag þó ríkið eigi þau að mestu eða öllu leyti. Aðalatriðið er að þau fái ekki ríkisstyrki og ríkið leggi þeim ekki til neina fjármuni þannig að þau sitji við sama borð og einkafyrirtæki í sömu grein. Síminn hefur einmitt um nokkurt skeið verið hlutafélag og ekki notið neinna sérréttinda umfram einkafyrirtæki í sömu grein.

Ástæðan fyrir því, að ætlunin er að einkavæða Símann er sú að Sjálfstæðisflokkurinn hefur einkarekstur á stefnuskrá sinni og hefur ákveðið að einkarekstur gildi um Símann. Við því er ekkert að segja. Þetta er stefna Sjálfstæðisflokksins. En samvinnuflokkurinn Framsókn drattast með og samþykkir að einkavæða þetta fyrirtæki. Það er gagnrýnisvert. Framsóknarflokkurinn var stofnaður til þess að koma á samvinnurekstri. Flokkurinn var ekki stofnaður til þess að hjálpa Sjálfstæðisflokknum við að koma bestu ríkisfyrirtækjum landsins í hendur einkaaðila. En Framsókn hefur gleymt stefnu sinni og vill allt vinna til þess að fá að sitja í ríkisstjórn með íhaldinu og leggur sérstaka áherslu á að fá að stýra fundum ríkisstjórnar. En þetta kostar sitt. Þetta kostar Framsókn mörg stefnumál.

Blöðin sögðu frá því fyrir stuttu, að formenn stjórnarflokkanna hefðu náð samkomulagi um sölu Símans. Hvað þýðir það? Jú, það þýðir að þeir höfðu komið sér saman um hvaða einkavinir ættu að fá að kaupa þetta góða fyrirtæki sem ríkið og almenningur í landinu hafði byggt upp. Þeir höfðu valið fyrrum Sambandsmenn og íhaldsmenn úr hópi einkavina, sem máttu kaupa fyrirtækið og maka krókinn á því. Helmingaskiptin skyldu halda áfram. Braskið með ríkisfyrirtækin skyldi halda áfram. Agnes Bragadóttir blaðamaður á Morgunblaðinu skrifar grein um mál þetta í Mbl. 11. apríl sl. og er ómyrk í máli: „Við Íslendingar getum ekki látið bjóða okkur eitt þjóðarránið enn“, segir hún. Hún kallar úthlutun fiskimiðanna til örfárra útvaldra þjóðarrán og sölu bankanna til einkavina sömuleiðis. Hún vill að Íslendingar vakni og stöðvi enn eitt þjóðarránið. Orð í tíma töluð hjá Agnesi. ■

# Hversu algeng er samkynhneigð á Íslandi?

**UMRÆÐAN**
TÖLFRÆÐI



**JÓN VALUR JENSSON**
GUÐFRÆÐINGUR

Í viðtali í Fréttablaðinu 7. þessa mánaðar fullyrðir Sverrir Páll Erlendsson kennari að 5-10% manna laðist að eigin kyni, sem jafngildi 800 til 1600 Akureyringum og 9 til 18 þúsund íbúum höfuðborgarsvæðisins. Þetta eru ótrúlegar tölur. Allnokkuð er um að samkynhneigðir geri mikið úr fjölda sínum, enda gefur það kröfum þeirra um síaukin réttindi byr undir báða vængi.

Í viðtali við Kolbrúnu Bergþórsdóttur á Útvarpi Sögu í marz gekk Þorvaldur Kristinsson, form. Samtakanna 78, svo langt að staðhæfa: „Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að varfærnustu tíðnitölur heimsins segja okkur, að hér hljóti að vera um 15-20.000 samkynhneigðir fullorðnir einstaklingar.“. Takið eftir, að hann talaði um „varfærnustu“ tölur. Sá reyndi maður ætti að vita betur, því að þetta er víðs fjarri sannleikanum. Samkvæmt tölum Hagstofunnar í árslok 2001 jafngilda 15.000 manns um 6,9% fullorðinna Íslendinga, en 20.000 manns um 9,2%.

Algengt mat á hlutfalli virkra samkynhneigðra í vestrænum þjóðfélögum er um 1-3%. Enn lægra er hlutfall samkynhneigðra meðal þeirra sem eru í föstu sambandi, t.d. um 0,5% af öllum samböndum í Kanada. Hér á landi nær fjöldi samkynhneigðra í staðfestri samvist aðeins um 0,2% af tölu giftra gagnkynhneigðra. Þetta kann að koma lesendum á óvart, miðað við hve mikið virðist bera á samkynhneigðum nú á dögum. En eitt sem gerir þennan hóp meira áberandi en ella er sú staðreynd, að þetta fólk er yfirleitt betur stætt en almennt gerist; samkynhneigðir í Bandaríkjunum voru með 58% hærri tekjur en almennt meðaltal 1990 og sem einstaklingar með þrefaldar meðaltekjur einstaklinga, auk þess að hafa 3 árum lengri menntun að baki. Margir þeirra eru hæfileikamenn í ýmsum stéttum, m.a. í hópi leikara, listamanna, rithöfunda og fjölmiðlamanna, ekki sízt í stórborgum á austur- og vesturströnd Bandaríkjanna. Lífsstíll þeirra hefur því fengið verulega jákvæða kynningu í kvikmyndum og fjölmiðlaefni sem þaðan berst.

Skv. manntali 2001 telja 1,3% kanadískra karlmanna og 0,7% kvenna sig vera samkynhneigð. Nýlegar rannsóknir frá ýmsum löndum sýna einnig að tíðni samkynhneigðar sé undir 3%, t.a.m. í einni frá Bandaríkjunum, þar sem 2,1% karlmanna og 1,5% kvenna voru talin með þessa kynhneigð (Gilman, SE, Am. J. of Public Health 91, 2001). Í nýlegri brezkri rannsókn teljast 2,8% karlmanna hommar (Mercer, CH, o.fl., AIDS 18, 2004). Í hollenzkri könnun kom í ljós, að 2,8% karlmanna og 1,4% kvenna höfðu átt í sambandi við manneskju af sama kyni (Sandfort, TG, o.fl., Arch. Gen. Psychiatry 58, 2001).

Ýmsir eru vísir með að draga þessar rannsóknir í efa og vitna til umtalaðra kynlífsrannsókna dýrafræðiprófessorsins Kinseys (sem sjálfur var hommi) um miðja síðustu öld. En sú rannsókn byggðist á sjálfboðaliðum og ódæmigerðum þjóðfélagshópum, m.a. miklum fjölda refsifanga, og var á ýmsa vegu framkvæmd á ómarktækan hátt. Með hliðsjón af því og seinni tíma rannsóknum er ekki lengur hægt að meðtaka ýmsar meginniðurstöður Kinseys. Jafnvel sú algenga fullyrðing, að hann hafi sannað, að 10% karlmanna séu hommar, er ekki niðurstaða sem liggur fyrir sem slík í skýrslu hans.

Þegar Þorvaldur Kristinsson heldur því fram, að „varfærnustu tíðnitölur heimsins“ upplýsi okkur um, að 15-20.000 fullorðnir Íslendingar – eða 6,9 til 9,2% – séu samkynhneigðir, þá er það hrein og klár villa, því að vitanlega verða tíðnitölur upp á 0,7 til 3,3% að teljast ólíkt varfærnari.

Þegar Sverrir Páll gefur sér, að 5-10% Íslendinga séu samkynhneigðir, þá er það sömuleiðis fjarri öllum líkum, miðað við traustar, erlendar rannsóknir. Engin ástæða er til að ætla, að hlutfall samkynhneigðra sé hærra á Íslandi en erlendis. Út frá ofangreindum rannsóknum er líklegt, að fjöldi fullorðinna homma á landinu öllu sé í mesta lagi um 3.000, en lesbíur um eða undir 1800. ■

LAGERSALAN

Síðustu dagar!

að Hlíðarsmára 11

Opnunartími
mán-fös 14-19
laugard og sunnud 13-18






ALLT Á Kr. 250,- 1000,-

SISLEY

UNITED COLORS OF BENETTON.

# Lettarnir eru starfsmenn Vislandia

**ATHUGASEMD FRÁ GT VERKTÖKUM**
VEGNA SKRIFA Í FRÉTTABLAÐIÐ

Í Fréttablaðinu 26. apríl er birt grein eftir Þorbjörn Guðmundsson sem er talsmaður samstarfsnefndar um virkjunarsamning. Hann segir að Vinnumálastofnun hafi strax gert athugasemd og lýst því yfir að ekki sé um þjónustusamninga að ræða og að yfirtrúnaðarmaður hafi óskað eftir afritum af ráðningarsamningum og upplýsingum um laun lettnesku starfsmannanna.

Þetta er ekki alveg rétt hjá Þorbirni. Vinnumálastofnun gerði aldrei formlega athugasemd við störf verktakafyrirtækisins Vislandia við okkur. Við heyrðum aðeins um það í fjölmiðlum að þeir hefðu beðið sýslumannsembættið á Seyðisfirði að rannsaka málið. Þá létum við fyrirtækið Vislandia stöðva vinnu á meðan við værum að ráðfæra okkur við lögmann okkar um hvort verið væri að fylgja lögum eða ekki. Vinnumálastofnun hefur haldið því fram að þjónustusamningar gildi aðeins um sérfræðiþjónustu en um það segir ekkert í lögunum.

Það er rétt að Oddur yfirtrúnaðarmaður hefur óskað eftir ráðningarsamningum sem Vislandia hefur gert við starfsmenn sína. Eins og hefur komið fram þá eru Lettarnir tveir sem hafa verið ákærðir ekki starfsmenn GT verktaka heldur starfsmenn fyrirtækisins Vislandia í Lettlandi. Þeir voru sendir hingað til lands á grundvelli þjónustusamnings. Í samningi okkar við Vislandia er það skýrt kveðið á um að greiða skal starfsmönnum þeirra eftir íslenskum kjarasamningum og vonum við að svo sé gert. ■

## AF NETINU

### Össur ekki tekinn alvarlega

Útspil Össurar Skarphéðinssonar um sameiningu Samfylkingarinnar og Vinstri-Grænna dó drottni sínum furðu fljótt, sem merkir væntanlega einna helst að Íslendingar séu löngu hættir að taka yfirlýsingar Össurar alvarlega.

**murinn.is**

### Ber að segja upp varnarsamningnum

Ummæli aðstoðarutanríkisráðherrans benda eindregið til að Bandaríkjamenn telji það í sína þágu að varnarsamningurinn haldi gildi sínu. Varnarsamningurinn hefur hins vegar litla þýðingu fyrir Íslendinga ef hann er einungis orð á blaði. Dragist viðbúnaður varnarliðsins enn meira saman en orðið er, ber íslenskum stjórnvöldum því að segja upp varnarsamningnum.

**deiglan.is**

### Lakara leiksskólakerfi fyrir Reykvíkinga

Nýjasta kosningabrella R-listans um gjaldfrjálsa vist leikskólabarna lítur við fyrstu sýn út fyrir að vera gjöf til barnafjölskyldna í Reykjavík. Ef málið er skoðað nánar sést að þessi grundvallarbreyting á því fyrirkomulagi sem er við lýði í dag við dagvistun barna frá 18 mánaða til 5 ára aldurs mun þýða fækkun valkosta og lakara leikskólakerfi fyrir íbúa Reykjavíkur.

**tikin.is**



TILBOÐ
Hansol
19" LCD
VL12
Vaxtalaust í 12 mánuði
2.908
19"LCD
GLÆSILEG HÖNNUN
Hann hefur útlitið með sér. Hönnunin á Hansol H970 er einstaklega glæsileg og stílhrein í alla staði
FRÁBÆR SKERPA
700:1 í skerpu er með því meira sem gerist í dag og tryggir einstaka skerpu og litadýpt, 1280x1024@75Hz
ÓTRÚLEGT VERÐ
Hágæða Hansol H970 19" LCD TFT skjár með Samsung WiseView TFT tækni á alveg hreint ótrúlegu verði
STILLANLEGUR Á ALLA KANTA
VERÐ 34.900
19" XEROX LCD SKJÁR
XEROX
8ms
• 19" Xerox XA7-19I LCD skjár með glerhlíf
• 8ms Response time er það hraðasta í LCD skjám í dag
• 1000:1 í skerpu og 1280x1024 upplausn í 75Hz
• XShield Anti-glare glerhlíf skilar ótrúlegri litadýpt
• Glæsilegur Ultra-þunnur skjár með DVI og VGA tengi
VERÐ 49.900
WD HARÐIR DISKAR
Western Digital®
SPECIAL EDITION
Special Edition harðdiskur frá Western Digital sem er 7200RPM og með 8MB buffer
FLUID BEARING
Fluid Dynamic Bearing tæknin skilar mun hljóðlátari og endingarbetri harðdiskum
WESTERN DIGITAL
Betri, hljóðlátari, hraðvirkari og mest seldu harðdiskanir í dag á enn betra verði en áður
200GB 8.990
250GB 11.900
VISA OG EURO RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 36 MÁNAÐA • ÖLL VERÐ OG UPPLÝSINGAR BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR OG PRENTVILLUR
CANON IP3000
Canon
• 4 hylkja kerfi, mjög hagkvæmur
• Full blæðing á A4 í ljósmyndagæðum
• Prentar beint á geisladiska
• Allt að 22 bls. á mín í svörtu, 15 bls. í lit
VERÐ 14.900
17" XEROX LCD
XEROX
• 17" Xerox XL-775 LCD skjár með glerhlíf
• 16ms Response time og 500:1 í skerpu
• XShield Anti-glare glerhlíf skilar ótrúlegri litadýpt
• Glæsilega hannaður Ultra-þunnur LCD skjár
VERÐ 29.900
ÞRÁÐLAUS
SENNHEISER
Sennheiser RS 110 - Ótrúlega létt og þægileg þráðlaus heyrnatól, Þrjár mismunandi rásir gera kleyft að tengja allt að 3 tól við einn sendi sem hefur allt að 100 metra drægni.
VERÐ 4.990
CHIEFTEC HÝSING
CHIEFTEC
Glæsileg utanáliggjandi ál hýsing fyrir 3.5" IDE harðdiska. Tengist í USB2 sem tryggir hraða og öryggi. Álið skilar svo hámarks kælingu og hún er einstaklega auðveld í notkun.
VERÐ 4.990
MSI
2200+K7, MSI móðurb., 3D skjákort, netkort ofl.
VERÐ 12.900
Logitech Webcam Messenger vefmyndavél
VERÐ 4.990
Traxdata 4,7GB DVD+R 8x hraða, 10stk í spindle
VERÐ 1.990
MSI
MSI PCI þráðlaust netkort 54Mbps 802.11g (PC54G2)
VERÐ 2.990
Logitech MX510 Performance Optical Mús
VERÐ 3.990
acer
17" ACER 1715S LCD skjár 500:1 í skerpu og 12ms
VERÐ 24.900
256MB Cruzer Micro, USB2 minnislykill frá Sandisk
VERÐ 2.990
CORSAIR
512MB DDR 400MHz minni með lífstíðarábyrgð
VERÐ 4.990
MasterCard
VISA
Vaxtalaust tilboð er miðað við 12 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpil og lántökugjald bætist við heildarupphæðina sem verður þá samtals kr. 36.127. og dreifist jafnt yfir samningstímann
TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR
REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730
AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400
KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.133 **+0,19%**

**Fjöldi viðskipta:** 117
**Velta:** 3.278 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Og fjarskipi** | 1,00% | **Síminn** | -5,00% |
| **Íslandsbanki** | 0,74% | **Actavis** | -0,73% |
| **Össur** | 0,60% | **Burðarás** | -0,35% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,70 -0,73% ... Atorka 6,10 +0,33% ... Bakkavör 33,40 -0,30% ... Burðarás 14,25 -0,35% ... FL Group 14,35 – ... Flaga 5,46 – ... Íslandsbanki 13,70 -0,74% ... KB banki 550,00 -0,18% ... Kögun 62,70 – ... Landsbankinn 16,50 – ... Marel 55,70 – ... Og fjarskipti 4,04 +1,00% ... Samherji 12,10 – ... Straumur 12,25 +0,41% ... Össur 84,50 +0,60%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# *Peningaskápurinn...*

### Alltaf að græða



Íbúar á höfuðborgarsvæðinu hafa grætt hraustlega undanfarin misseri. Þeir hafa sennilega aldrei grætt jafn mikið milli sólarhringa eins og milli þriðjudagsins og miðvikudagsins. Á þriðjudagsmorgun reiknaði Greining Íslandsbanka út að hækkun fasteignamats frá áramótum á hvern íbúa höfuðborgarsvæðisins næmi 315 þúsundum á mann. Reiknað var út frá tölum frá Fasteignamatinu um að fasteignamat íbúða hefði verið 447 milljarðar í upphafi árs. Hækkun um þrettán prósent skilaði því þessari tölu.

Síðar kom í ljós að tölur Fasteignamatsins voru rangar og leiðrétt tala nam 1.158 milljörðum króna. Hagnaður á hvern íbúa á höfuðborgarsvæðinu er því 816 þúsund. Íbúar höfuðborgarsvæðisins græddu því 500 þúsund kall og fyrir þann pening má alveg gera sér glaðan dag.

### Svarað á pólitísku

Á blaðamannafundi Seðlabankans þegar fjármálastöðugleikaskýrslan var kynnt voru forsvarsmenn bankans spurðir hvort upptaka evru myndi draga úr áhættu í fjármálakerfinu. Greinilegt var að menn voru lítið spenntir fyrir að svara þessari spurningu og eftir að þeir höfðu hikandi varpað henni frá sér endaði spurningin hjá Birgi Ísleifi Gunnarssyni. Birgir Ísleifur fór í gamla skjóðu og svaraði spurnigunni á tungumálinu pólitísku. Niðurstaðan var í raun ekkert svar, en augljóst var að allir vissu þeir herramenn svarið við þessari stöku spurningu, sem er einfaldlega já.

# Saltur milljarður

Aflaverðmæti íslenskra fiskiskipa í janúar á þessu ári var 5,2 milljarðar króna en 4,2 milljarðar á sama tíma í fyrra. Munar um milljarði á milli ára, um 23 prósentum, samkvæmt samantekt Hagstofu Íslands.

Verðmæti botnfiskaflans vó þyngst. Það var um 3,3 milljarðar króna en helstu botnfisktegundir eru þorskur, ýsa og ufsi. Verðmæti uppsjávarafla, loðnu og síldar, nam 1,7 milljörðum króna. Flatfiskur, skeldýr og krabbi skipta ekki miklu máli í þessu samhengi. Heildarafli þessara tegunda dregst sífellt saman.






# Helmingur af eignum bankanna erlendis

**Eignir bankanna tvöfölduðust á síðasta ári og nú er helmingur þeirra erlendis. Þetta dregur úr innlendum áhrifum á starfsemi þeirra og tekjugrunnurinn breikkar. Það eykur stöðugleika fjármálakerfisins.**

„Nú er það svo að helmingur eigna hjá íslensku viðskiptabönkunum er hjá erlendum dótturfélögum,“ sagði Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans, þegar hann fjallaði í fyrradag um úttekt bankans á fjármálastöðugleika. „Þungamiðja bankanna er einhvers staðar í hafinu á milli Íslands og útlanda.“

Á síðastliðnu ári tvöfölduðust eignir samstæðna viðskiptabankanna samkvæmt greiningu Seðlabankans. Helst má rekja aukninguna til kaupa á dótturfélögum en jafnframt var innlend útlánaaukning mikil. Útrás bankanna hefur margþættar afleiðingar að mati bankans. Áhætta er nú önnur og dreifðari og tekjugrunnur breiðari. Það gerir þá síður næma fyrir innlendum áhrifum og fjármálalegt áfall getur birst með fjölbreyttari hætti en áður var.

Tryggvi sagði það frekar styðja við stöðuleikann að útrás bankanna á þessu og síðasta ári var fjármögnuð með eigin fé; með hlutafjárútboði og víkjandi lánum. „Í gegnum Kauphöllina voru gefnir út 110 milljarðar í hlutafé og sextíu milljarða var aflað í víkjandi lánum á erlendum markaði. Það er á allan hátt ákjósanlegra en ef þetta hefði verið fjármagnað með almennu lánsfé.“

Seðlabankinn bendir á að hlutabréfakaup séu í vaxandi mæli fjármögnuð með lánsfé. Það geti verið varasamt ef verð á hlutabréfum taki að lækka á nýjan leik. Útlán innlánsstofnana með veði í hlutabréfum jukust um rúmlega hundrað milljarða króna árið 2004. Námu útlánin um sautján prósentum af markaðsvirði skráðra hlutabréfa í Kauphöll Íslands um síðustu áramót. **bjorgvin@frettabladid.is**



**ÚTRÁSARMENN** Sigurður Einarsson, stjórnarformaður KB banka, og Lars Johansen, bankastjóri danska bankans FIH, hafa verið þátttakendur í útrás íslensku bankanna.

**HEILDAREIGNIR BANKANNA ERLENDIS** (fjárhæðir í milljörðum kr.)

| **ÍSLANDSBANKI** | | **KB BANKI** | | **LANDSBANKI ÍSLANDS** | |
|---|---|---|---|---|---|
| BNbank | 403 | FIH | 745 | Landsbanki Lúxemborg | 100 |
| ISB Lúxemborg | 45 | Kaupthing Lúxemborg | 127 | Heritable Bank | 43 |
| Kredittbanken | 36 | Kaupthing Svíþjóð | 74 | Önnur félög | 21 |
| Önnur félög | 20 | Kaupthing Bank OYJ | 4 | | |
| **Samtals** | **505** | **Samtals** | **968** | **Samtals** | **143** |
| Heildareignir | 1.078 | Heildareignir | 1.534 | Heildareignir | 730 |
| Hlutfall erl. eigna | 47% | Hlutfall erl. eigna | 63% | Hlutfall erl. eigna | 20% |









**KB BANKI** Bankanum er spáð yfir ellefu milljarða hagnaði, sem yrði methagnaður íslensks félags á einum ársfjórðungi.

# Spáð 11 milljarða hagnaði

KB banki birtir afkomutölur fyrir opnun markaðarins í fyrramálið. Búist er við því að bankinn sendi frá sér mettölur, þær mestu sem nokkurt íslenskt fyrirtæki hefur sýnt á einum ársfjórðungi. Bæði Landsbankinn og Íslandsbanki hafa gefið út spár um afkomu bankans og eru þær mjög samhljóma. KB banki gefur ekki út spá fyrir sjálfan sig. ■

**SPÁ UM AFKOMU KB BANKA**

| Félag | Afkomuspá (milljónir króna) |
|---|---|
| Íslandsbanki | 11.270 |
| Landsbankinn | 11.300 |
| Meðaltal | 11.285 |

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 5.10 | 13.25 | 21.43 |
| AKUREYRI | 4.43 | 13.10 | 21.39 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

[ **heimili** o.fl.
Litskrúðugir stólar
BLS. 3 ]



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

*Góðan dag!*
Í dag er fimmtudagur 28. apríl, 118. dagur ársins 2005.

KRÍLIN




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 10*

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir



Auður á voðalega fínan bol sem smellpassar einmitt við pilsið.

# Gerði góð kaup á Flórída

***Auður Ólafsdóttir æfir hópfimleika með Stjörnunni og veldur það henni ansi miklum hausverk þegar hún er beðin um að draga fram uppáhaldsflíkina sína.***

„Ég átti í miklum erfiðleikum með að finna eitthvað sem er algjörlega ómissandi í fataskápnum mínum en fann loksins pils sem er í miklu uppáhaldi hjá mér. Ég keypti það á Flórída fyrir tveimur árum síðan. Ég sá það í verslunarmiðstöð og gekk síðan heilan hring um miðstöðina áður en ég keypti það. Mér fannst ekki mjög praktískt að labba inn í fyrstu búðina í verslunarmiðstöðinni og kaupa eitthvað,“ segir Auður og hlær.

„Pilsið er svart með túrkísbláum blómum á og missítt. Það er í sparilegri kantinum þannig að ég nota það þegar ég fer eitthvað fínt út að skemmta mér,“ segir Auður sem var aldeilis framsýn þar sem túrkísblár er aðaltískuliturinn í sumar. „Já, ég hugsaði einmitt „þetta verður mjög fínt árið 2005“,“ segir Auður og hlær dátt af þessum praktísku pilsakaupum.

Uppáhaldspilsið hennar Auðar var mjög ódýrt og segir Auður verðlagið á Flórída vera ansi lágt. „Það er voðalega gott að kaupa föt þar. Annars kaupi ég mér bara föt þegar ég dett niður á eitthvað sem mér líkar vel við. Ef mig vantar eitthvað þá fer ég á stúfana að kaupa – en ég er alls ekki alltaf að kaupa mér föt.“

*lilja@frettabladid.is*

# Courteney Cox er andlit Kinerase

BANDARÍSKA LEIKKONAN COURTENEY COX HEFUR SKRIFAÐ UNDIR SAMNING VIÐ HÚÐVÖRURISANN KINERASE UM AÐ VERÐA ANDLIT FYRIRTÆKISINS.



Leikkonan Courteney Cox, sem leikur ekki lengur í Vinum, hefur fengið nýtt starf en það felst í að vera andlit húðvörufyrirtækisins Kinerase. Courteney tekur um þessar mundir virkan þátt í stórri auglýsingaherferð fyrir Kinerase í Bandaríkjunum, Kanada og Evrópu. Hún er andlit fyrirtækisins en Kinerase leggur metnað í húðvörur af ýmsu tagi – einkum krem og smyrsl sem færa konum vellíðan og láta þær fá á tilfinninguna að þær séu yngri en kennitalan gefur til kynna. „Ekki frekar en aðrar konur sem stunda fulla vinnu og reka heimili hef ég tíma né þolinmæði til að fara í tímafrekar fegrunarmeðferðir. Kinerase viðheldur að mínu mati ljóma húðarinnar og mér finnst ég hafa yngst,“ segir Courteney meðal annars á heimasíðu tískuritsins Vogue. Courteney á eina dóttur, Coco, með eiginmanni sínum David Arquette.

## LIGGUR Í LOFTINU
*í ferðum*

**Þó að sumarið** sé á næsta leiti eru margir farnir að spá í haust- og vetrarferðir. Heimsferðir eru með mikið úrval ferða næsta haust, til dæmis til Púertó Ríkó, Jamaíka, Sikileyjar, Sardiníu, Barcelona, Búdapest, Krakár, Ljubljana og Rómar svo eitthvað sé nefnt. Einnig eru í boði siglingar og nokkrar sérferðir til Kína en nánari upplýsingar eru á vefsíðu skrifstofunnar, heimsferdir.is.

**Síðasti stórleikur** vetrarins í boltanum er úrslitaleikur meistaradeildarinnar 25. maí. Ekki er komið í ljós hvaða lið keppa í úrslitaleiknum en fjögur lið keppa nú í undanúrslitum; Chelsea, Liverpool, AC Milan og PSV Eindhoven. Ferðaskrifstofan ÍT ferðir stefnir á ferð á þennan stórleik og er þegar byrjuð að skrá niður þátttakendur. Ferðatilhögun liggur ekki enn fyrir en hægt er að senda póst á enskibolt-inn@itferdir.is til að fá frekari upplýsingar.

**Ef viðskiptavinur bókar flug** á bilinu 15. maí til 15. september fyrir 16. maí hjá Iceland Express getur sá hinn sami orðið einn af tíu viðskiptavinum sem fá ferðina endurgreidda og 100.000 krónur í farareyri. Þessir tíu heppnu verða dregnir út á tíu vikna tímabili í þættinum Fólk með Sirrý á Skjá einum og hringir Sirrý í þann heppna, sem verður auðvitað að svara í símann. Nánari upplýsingar er að finna á icelandexpress.is.

*ferdir@frettabladid.is*

ROCK




**I Rock Svefnsófi**
Dýnustærð 140x200
**Kr. 66.500**

***Tilboð***
*Við kaup á I Rock svefnsófa fylgir I Rock pulla að andvirði kr. 9.900 frítt með*



LÍNAN
HÚSGÖGN
SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is

**Litir**
Skemmtilegt getur verið að breyta til frá hinu hefðbundna hvíta matarstelli og sleppa sér í fallegum litum. Sterkir og skrautlegir litir geta lífgað upp á borðið og gert máltíðirnar skrautlegar og skemmtilegar.





Stigar, allar gerðir
Innihurðir
Parket
Verkstæðisþjónusta
Trésmíði og lökkun
Imex ehf.
Lynghálsi 3
Árbæjarhverfi
Sími 567 1300
www.imex.is



# Dreymir um góðan hægindastól

***Erla Hjördís Gunnarsdóttir blaðamaður slappar vel af í sófanum á kvöldin eftir erilsaman dag.***


MYND/HEIÐA HELGADÓTTIR

„Uppáhaldsstaðurinn minn er annar endinn á hornsófanum, en þegar ég sest þar er ég virkilega að setjast til að slappa af og sit þarna og sauma út yfir sjónvarpinu,“ segir Erla Hjördís Gunnarsdóttir, blaðamaður á Vikunni, sem hefur nýlokið barneignaleyfi og vinnur nú heima þannig að dagurinn heima fyrir getur verið nokkuð erilsamur.

„Það er mjög kærkomið á kvöldin að setjast niður í sófann eftir að ég er búin að sinna dóttúrinni, setja í vél og klára að vinna,“ segir Erla en bætir við að ef til vill sé þetta uppáhaldsstaðurinn sökum þess að það sé svo gott ljós í horninu fyrir útsauminn.

„Annars er draumurinn að eignast minn eigin hægindastól, helst flottan leðurstól, og efast ég um að ég fengi mér aftur hornsófa ef ég þyrfti að skipta,“ segir Erla en fljótlega stendur til að hún flytji ásamt fjölskyldu sinni í nýtt húsnæði og því aldrei að vita nema draumurinn um stólinn verði að veruleika.

„Svo er auðvitað aldrei að vita að nema maður eignist annan uppáhaldsstað á nýja staðnum,“ segir Erla.

*kristineva@frettabladid.is*

Erla Hjördís Gunnarsdóttir unir sér best í horninu á sófanum að sauma út.


**12 manna hnífaparasett**
**m / fylgihlutum.**
Verð áður kr. 19.900 • **Nú aðeins kr. 12.900**
**Vandaðar heimilis- og gjafavörur**
**DUKA**
*Kringlunni - sími : 533 1322*



**Fataskápar**

**Hirzlan**
Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564 5040


## Litla ryksugan Roomba

ÞRÍFUR MEÐAN AÐRIR SKEMMTA SÉR.



Tækninýjungar í heimilistækjum eru örar eins og annars staðar og nú er það litla ryksugan Roomba sem allir verða að eignast. Hver myndi slá hendinni á móti svona heimilistæki, sjálfvirkri ryksugu sem sér um hreingerninguna á meðan heimilisfólkið er í vinnunni og allt er hreint og fínt þegar heim er komið. Nýjasta uppfinning fyrirtækisins IRobot er þetta litla tæki, eins konar vélmenni sem sér um að þrífa heimilið á meðan mannfólkið gerir eitthvað annað skemmtilegra. Roomba hefur verið í örri þróun og nú eru til nokkrar útgáfur af henni en sú nýjasta er Roomba Discovery. Þessi ótrúlega ryksuga er einungis um 25 cm í þvermál, gengur fyrir rafhlöðu og hleður sig sjálf. Ryksugunni fylgir fjarstýring, hleðslutæki, nokkrar síur og fjöltengingar og hún kostar frá um 10-25.000 kr. Auðvelt er að fá nánari upplýsingar um Roomba á netinu og panta eina slíka til að hjálpa til við heimilisstörfin ef svo ber undir.




**200 ára afmæli**
**H.C. Andersen**

Plattar með myndum úr ævintýrunum fást í Gullkistunni.
**GULLKISTAN**
Frakkastíg 10 - sími 551 3160



***Peli töskur - nú á frábæru verði!***
Peli töskur eru frábær kostur til að verja græjurnar þínar fyrir vatni, vindum, ryki, höggum og fleiru.
Peli töskur eru óbrjótanlegar, vatnsheldar, rykheldar, veðrast hvorki né ryðga og verjast alls kyns efnum. Þess vegna eru þær réttu töskurnar til að verja búnaðinn þinn. Peli töskur eru búnar til úr sérstöku plastefni (Ultra High Impact Structural Copolymer) sem gerir þær óhemju sterkar og endingargóðar.
FUJIFILM
www.ljosmyndavorur.is

Skipholti 31, Reykjavík, s: 568 0450
Kaupvangsstræti 1, Akureyri, s: 461 2850
**LJÓSMYNDAVÖRUR**





# Litskrúðugir stólar

*Í húsgagnadeild Pennans er ekki bara að finna skrifstofuhúsgögn.*

Penninn í Hallarmúla er ein stærsta ritfanga- og bókaverslun landsins en saga fyrirtækisins nær allt aftur til ársins 1932. Fimmtíu árum síðar hóf fyrirtækið innflutning á skrifstofuhúsgögnum og í kjölfarið þróaðist húsgagnadeild Pennans, sem nú er við Hallarmúla 4.

Skrifstofuhúsgögn eru enn í meirihluta vöruúrvals húsgagnadeildarinnar en þar má einnig finna ýmislegt fallegt fyrir heimilið eins og flotta stóla eftir góða hönnuði, stór borð sem flokkast undir fundarborð en væru glæsileg borðstofu- eða eldhúsborð, og margt fleira.

Framleiðslufyrirtækið Vitra er áberandi í stólaúrvalinu en það er með marga af bestu hönnuðum heims innanborðs eins og Phillippe Starck, Verner Panton, Jasper Morrison, Charles og Ray Eames og fleiri.

Það er líka gaman að sjá litagleðina í stólunum, sem myndu margir hverjir lífga upp á annars fölleit heimili margra Íslendinga.



„Virechair", hönn. Charles og Ray Eames kr. 53.895



„DCW", hönn. Charles og Ray Eames kr. 89.832



„Tom Vac", hönn. Ron Arad kr. 18.920



„DAR", hönn. Charles og Ray Eames kr. 31.335



„Panton", hönn. Verner Panton kr. 22.396



„Elephant", hönn. Sori Yanagi kr. 7.990

# Nýtískuleg og flott



Úrvalið af heimiliskaffivélum verður sífellt fjölbreyttara og nú er ekkert mál að laga úrvalskaffi heima við. Ekki er verra ef kaffivélin er falleg en ein af nýjustum afurðum danska hönnunarfyrirtækisins Bodum er einmitt espresso-kaffivél sem sannarlega fellur undir þennan hatt. Kaffivélin er nýtískuleg og flott auk þess að gefa frá sér gott kaffi. Bodum er þekkt fyrir fallega hönnun á ýmiss konar heimilisbúnaði með sérstakri áherslu á borðbúnað og eldhústæki. Kaffivélin fæst í Húsgagnahöllinni og kostar 69.880 krónur.


Íslensk list
er góð gjöf



galleri
ICELAND GIFTSTORE
RAMMAGERÐIN
Hafnarstræti 19
S. 551-1122

Kristalsljósakrónur



6 ljósa 46.900 kr. 8 ljósa 47.900 kr. 12 ljósa 73.900 kr.

Arinbúðin
Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið) · Sími 567 2133 · www.arinn.is

KOKOS-SISAL TEPPI



Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²
Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.simnet.is/strond
STRÖND EHF.



Teppahreinsun með "truckmount"
Hin eina sanna "djúphreinsun" nær árangri þegar aðrar aðferðir skilja eftir bletti.
Fyrir öll teppi.
Heimili - Skrifstofur - Stigahús
Meira afl - betra skol
styttri þurrktími
SKÚFUR
Kleppsvegi 152 104 R
Sími 568 8813 GSM 896 0206

ÓDÝRAR GÆÐA ÞAK-SKRÚFUR



Ál
Ryðfríar
Galvaniseraðar
Heitgalvaniseraðar

Söðulskinnur í úrvali



ÁLTAK
Stórhöfða 33
Sími: 577 4100



NÝTT! LOFTHREINSITÆKI
Bætt líðan
með betra lofti
Hreinsar loftið | Eyðir lykt | Drepur bakteríur
Nánari upplýsingar á www.ecc.is og í síma 511 1001
Skúlagötu 63 - 105 Reykjavík
ECC

**Lærdómur á ferðalagi**
Margar ferðaskrifstofur bjóða upp á ferðir til landa í Evrópu þar sem hægt er að blanda saman tungumálanámi og fríi. Sérstaklega er vinsælt að sækja skóla í tvær vikur og eyða svo einni viku á sólarströnd.






Einar ásamt dóttur sinni Bryndísi Einarsdóttur, framkvæmdastjóra hestamiðstöðvar Íshesta.

# Clint kvöldsins og kúrekastemmning

***Íshestar ehf. í Hafnarfirði byrjuðu að bjóða upp á svokallaðar Clint Eastwood-ferðir fyrir ári sína sem hafa slegið rækilega í gegn. Þetta eru kúrekaferðir þar sem hópar fara í klukkutíma útreiðartúr eða göngutúr og skemmta sér síðan langt fram eftir kvöldi.***

„Þessi hugmynd kviknaði á „brainstorming“ fundi hjá starfsfólkinu. Það er skemmst frá því að segja að þessar kúrekaferðir hafa gert allt vitlaust. Þetta er greinilega það sem saumaklúbbar, vinahópar og starfsmannahópar höfðu verið að bíða eftir,“ segir Einar G. Bollason, framkvæmdastjóri Íshesta.

Hóparnir í Clint-ferðunum byrja ferðina á útreiðartúr eða göngutúr í fallegu umhverfi Íshesta. Því næst tekur við línudanskennsla í hlöðunni og eftir að dansinn hefur dunað í þó nokkra stund er hópnum skipt í tvö lið og keppa þau í skeifukasti. Þá er Clint kvöldsins, eða besti knapinn, verðlaunaður og best klædda parið og fá allir vinningshafar vegleg verðlaun. Eftir hasarinn er sest við matarborðin og hópurinn gæðir sér á ljúffengum réttum, eins og grilluðum svínarifum, maríneruðum kjúklingaleggjum og bökuðum kartöflum – ekta kúrekamat.

„Síðan við byrjuðum hafa á fjórða þúsund manns farið á bak bara í þessum ferðum. Það er ekki mikið um kúrekaferðir yfir hásumarið þar sem fólk er í sumarfríi en í fyrra vorum við með hópa fram í desember í snjó og kulda,“ segir Einar en ferðirnar hafa vakið þvílíka lukku að þeim hefur lítið mátt breyta. „Við höfum aðallega styrkt innviðið. Núna leggjum við aukna áherslu á dans eftir matinn og ef um hópa er að ræða fáum við kúrekabandið frá Hvammstanga til að spila en sonur sjálfs kúreka norðursins, Hallbjörns Hjartarsonar, er meðlimur í bandinu.“

Kúrekabandið mun gleðja kúrekahópana strax þar næstu helgi. „Við ætlum að gera betur en venjulega og opna húsið almenningi seinna um kvöldið,“ segir Einar en mikilvægt er að mæta í alvöru kúrekafatnaði. „Við erum með kúrekahatta til sölu á vægu verði sem hópar hafa pantað hjá okkur. Það er rosalega gaman að sjá hvað fólk mætir í flottum fötum – leðurbuxum, köflóttum skyrtum og með flotta kúrekahatta. Síðan er allt skreytt hjá okkur í kúrekastíl sem eykur stemmninguna. Við erum með gamlar kúrekamyndir og myndir af Clint Eastwood á veggjunum þannig að það er voðalega huggulegt hjá okkur.“

Verð í ferðirnar er 4.900 krónur á mann fyrir allan pakkann og innifalið er einn bjór eða gos. Hjálmar, stígvél, vettlingar og allur hlífðarfatnaður er á staðnum og þarf enginn að vera hræddur við að fara á bak því Íshestar eru bæði með hesta fyrir vana og óvana hestamenn.

*lilja@frettabladid.is*



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Veggirnir hjá Íshestum eru skreyttir gömlum kúrekamyndum til að skapa alvöru kúrekastemmningu.











## Mikið rapp á Hróarskeldu

THE GAME, SNOOP DOGG OG FLEIRI KOMA FRAM Á HÁTÍÐINNI Í SUMAR.

The Game hefur bæst í hóp rappara sem koma fram á Hróarskelduhátíðinni í sumar. Áður var búið að tilkynna um rapparana Snoop Dogg, The Perceptionists, Roots Manuva, Timbuktu & Damn! og fleiri. The Game var uppgötvaður af Dr. Dre og kom fyrsta plata hans, The Documentary, út í ár. Hægt er að forvitnast um The Game á vefsíðunni thegameonline.net. Á vefsíðunni roskilde-festival.is/index2.php?-sida=bands er hægt að sjá allar hljómsveitir sem spila á Hróarskeldu í sumar en hægt er að kaupa miða hjá Stúdentaferðum á exit.is.

## Hoppað úr og í vagna

KYNNISFERÐIR OG SÉRLEYFISBIFREIÐAR KEFLAVÍKUR, SBK, BYRJA MEÐ NÝJA ÞJÓNUSTU Í MAÍ FYRIR FERÐAMENN Í REYKJAVÍK.

Um er að ræða hringferð um höfuðborgina með „Hop On – Hop Off“ fyrirkomulagi svokölluðu sem margir þekkja eflaust frá helstu stórborgum heimsins. Ferðirnar hefjast við Arnarhól og verða stoppistöðvar í Ægisgarði, Þjóðminjasafninu, BSÍ, Hótel Loftleiðum, Perlunni, Kringlunni, Suðurlandsbraut við Hótel Nordica, Farfuglaheimilinu Laugardal og Hallgrímskirkju. Farþegar geta sem sagt hoppað úr og hoppað inn á þessum stöðum, dvalið þar eins lengi og þeir vilja og haldið hringferðinni áfram. Farþegar verða fluttir í tveim tveggja hæða vögnum sem taka áttatíu manns í sæti. Í vögnunum er leiðsögukerfi á átta tungumálum: íslensku, ensku, dönsku, frönsku,



Vagnarnir sem flytja farþega eru á tveimur hæðum og ansi litríkir.

þýsku, spænsku, ítölsku og japönsku. Ferðirnar eru farnar á klukkustundarfresti frá maí til september alla daga frá klukkan 10 til klukkan 17. Verð er 1.500 krónur fyrir fullorðna, 750 krónur fyrir 12 til 15 ára en frítt er fyrir 12 ára og yngri. Sala í ferðirnar er hjá Kynnisferðum á BSÍ, Hótel Nordica, Hótel Loftleiðum og Hótel Sögu. Einnig er hægt að kaupa miða í bílunum.



Sirmione-tanginn er eitt af djásnum Gardavatns.

# *Íbúðir við rætur Alpafjalla*

***Gardavatn er meðal vinsælustu staða Ítalíu, umkringt rómaðri fegurð ítölsku Alpanna með sínum tignarlegu tindum. Hægt er að leigja íbúðir í þorpum við vatnið þar sem gestrisnin er heimamönnum í blóð borin.***

Eitt af hinum ævintýralegu þorpum við Gardavatn er Sirmione. Þar hefur Íslendingurinn Fanney Sigurðardóttir búið síðastliðinn áratug og kann vel við sig. Fanney sér um útleigu íbúða við vatnið allt árið um kring og segir hægt að leigja þær allt frá viku upp í lengri tíma. Göngufæri er frá húsunum að ströndum Gardavatns þar sem gott er að busla yfir sumartímann. Vegir liggja til allra átta frá vatninu og Veróna, Feneyjar, Mílanó, Flórens og fjallaþorp Alpanna eru upplagðir áfangastaðir í grenndinni. Steinsnar er í Gardaland sem er með stærstu skemmtigörðum Evrópu og Caneva er glæsilegur vatnagarður í nágrenninu. Matargerð er aðall Ítala og auðvelt er að finna girnileg veitingahús við vatnið. Auk þess er stutt út í sveitirnar þar sem heimilislegir matsölustaðir í fjölskyldueign eru á hverju strái og ítölsk „mamma“ sér um matargaldrana. Þar er líka fjöldi vínekra.
Nánari upplýsingar gefur Fanney Sigurðardóttir, fannar@inwind.it.



Kastalinn við enda tangans er vinsæll viðkomustaður og innan veggja hans er fjöldi verslana og veitingastaða.



Íbúðirnar sem Fanney býður upp á eru bæði á tanganum og rétt fyrir utan. Sumar hafa sameiginlega sundlaug í garðinum.



Milljónir manna ferðast um Heathrow-flugvöll á ári hverju.

# Lithimna augna skönnuð

***Á Heathrow er verið að grípa til nýrra aðferða við öryggiseftirlit þessa dagana.***

Farþegum sem ferðast reglulega um Heathrow-flugvöll í London í Englandi mun brátt bjóðast að láta skanna lithimnu augna sinna í staðinn fyrir að sýna öryggisverði vegabréfið sitt. Hér er á ferð ný öryggisaðferð á flugvellinum sem gildir bara fyrir farþega sem eru frá löndum utan Evrópusambandsins. Lithimna augnanna er skönnuð og þær upplýsingar geymdar í gagnagrunni. Mun þessi aðferð líklegast minnka biðraðir á flugvellinum til muna og draga úr álagi meðal öryggisvarða. Þessi nýja aðferð verður kynnt í tveimur farþegasölum á Heathrow í lok þessa mánaðar áður en kerfið verður sett upp á öðrum breskum flugvöllum. Stjórnendur á Heathrow búast við að milljónir farþega geti nýtt sér þessa þjónustu á næstu fimm árum.









**Dýramynstur**
Í sumar verður allt dýrvitlaust með villtu dýramynstri í flíkum. Hlébarðamynstrið skýtur alltaf upp kollinum öðru hvoru en í sumar er það í léttum og þunnum blússum.




NÝ SENDING
FRÁ oilily
ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201

Kvartbuxur
í fjórum fallegum sumarlitum.
Verð aðeins kr. 2.250
LANCÔME PARIS HELENA RUBINSTEIN
GULLBRÁ, Nóatún 17 s. 562-4217

EFNALAUGIN BJÖRG
EFNALAUG ÞVOTTAHÚS
Háaleitisbraut 58-60 • Sími 553 1380

Atson
LEÐURIÐJAN ehf.
Brautarholti 4
Opið mán-fös 10-18
www.atson.is

Yfirhafnir
á hálfvirði
Vattúlpur, dúnúlpur,
ullarkápur, húfur og hattar
Í DAG OPIÐ 12-16
S: 588 5518 Opnunartími • Mörkinni 6
mán. – fös. 10 – 18 • lau. 10 – 16
Topp HÚSIÐ

Íslensk hönnun
Mikið úrval
af barnahúfum
HÚFUR SEM HLÆJA
Laugavegi 70
www.hsh.efh.is

SUMARTILBOÐ!
Þú velur 3 sett og greiðir aðeins 6.980.-
(gildir eingöngu á sett af brjóstahaldara og buxum)
Sjáumst!
Cos
s. 588-5575, Glæsibæ






Pils frá Centrum



Gleraugu frá Spútnik

# Risastór sólgleraugu

*Ómissandi í vor og sumar að mati Álfrúnar í Centrum.*

Nú er sumarið að bresta á og þó að lofthitinn sé ekki alveg kominn í tveggja stafa tölu er engin þörf á að bíða með að skarta sumarlegum flíkum og byrja að grilla. Fréttablaðið spjallaði við Álfrúnu Pálsdóttur, förðunarfræðing og verslunarstjóra Centrum, og hún deilir með lesendum því sem henni finnst algjörlega ómissandi að hafa við hendina nú á vormánuðum og í sumar. „Risastór sólgleraugu eru númer eitt, tvö og þrjú, þau verða aðalmálið í sumar, bikini eru mjög mikilvæg, það eru til mjög flott bikiní frá Diesel og Miss Sixty og svo er ýmislegt fallegt í Spútnik. Fallegt og litríkt frekar sítt pils er nauðsynlegt og síðast en ekki síst gott gasgrill til að galdra fram góðar steikur á komandi sumarkvöldum.“



Gasgrill frá Byggt og búið



Bikiní frá Spútnik

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Skringilega seiðandi beint frá Sarajevó.



Flott og fáguð hönnun í jarðlitunum.

# Tíska án landamæra

***Tískuvikan í Sarajevó, höfuðborg Bosníu-Hersegóvínu, var haldin fyrir skömmu. Unnið hefur verið ötullega að því að efla tískuiðnaðinn í fyrrum Júgóslavíu og þar hafa tískuvikur verið haldnar frá árinu 2000.***

Markmið tískuvikunnar í Sarajevó er að blása nýju lífi í textíliðnaðinn á svæðinu og fagna sköpunargleði, hæfileikum og fegurð. Tískuvikan snýst ekki bara um tísku heldur líka um frið sem fólkið fagnar á þessu stríðshrjáða svæði.

Opinbert mottó vikunnar er „Tíska án landamæra“ og vilja aðstandendur hennar efla samstarf á milli landa fyrrum Júgóslavíu en fulltrúar Serbíu og Svartfjallalands, Króatíu, Slóveníu og Makedóníu eru reglulegir þátttakendur í tískuvikunni.



Pottþéttur ballkjóll!

Er það mál manna að fatahönnuðum hafi tekist vel upp að þessu sinni þar sem sköpunargleði og litadýrð voru í hávegum höfð. Dýrleg efni og frumleg form setja mark sitt á vikuna og mega aðstandendur hennar vera afar stoltir af hverri einustu tískusýningu sem færir Sarajevó einu skrefi lengra inn í tískuheiminn.



Gyðjulegur kjóll sem undirstrikar austur-evrópska fegurð.

# Aftur systur í Lakkrísbúðinni

EKKERT AÐ ÓTTAST ÞÓTT SYSTURNAR SÉU FLUTTAR TIL KAUPMANNAHAFNAR.

Systurnar Bára og Hrafnhildur Hólmgeirsdætur stofnuðu fatahönnunarfyrirtækið sitt Aftur árið 2000 eftir að hafa vakið verðskuldaða athygli á tískuhönnunarkeppninni Futurice. Systurnar reka nú verslun á Nörrebro, sem er eitt skemmtilegasta og vinsælasta hverfi Kaupmannahafnar. Þar selja þær eigin hönnun í bland við flíkur eftir aðra hönnuði, glingur og skart og notaðan fatnað. Föt þeirra eru nú seld í Lakkrísbúðinni á Laugavegi, fyrsta sending kom í hús fyrir skömmu og von er á fullt af flottu fönkí stöffi innan tíðar.



Mjaðmaskraut kr. 9.500

Kjóll kr. 13.900

Hettupeysa kr. 13.900

Kjóll kr. 18.900



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Í upptökum tískujarðskjálftans

Hvert tískuhús hefur sinn hátt á að skera sig úr, vera einstakt. Þó fylgja þau öll að einhverju leyti straumum og stefnum tímans. Í dag reyna tískuhúsin að skapa sinn eigin heim og mynda nálægð við viðskiptavininn. Tom Ford lét gjörbreyta öllum búðum Yves Saint Laurent sem til voru og þær nýju sem opnuðu undir hans stjórn frá 2000 til 2004 eru í anda hugmyndar sem upprunnin er í einkaíbúðum Yves Saint Laurent sjálfs í París. Ford vildi endurskapa andrúmsloftið. Bjó til mörg lítil herbergi þannig að viðskiptavinurinn upplifði sig í einkaheimsókn en ekki í verslun. Herbergin eru klædd steini og viði og eru með stórum legubekkjum til að setjast á. Viðskiptavinunum er boðið upp á kaffi, gos eða jafnvel kampavín.

Þetta var ein af ástæðum þess að upp úr slitnaði milli Francois Henri Pinault, aðaleiganda Gucci group (þriðju stærstu lúxussamsteypu í heimi sem varð til 1999 er hann keypti YSL og sameinaði Gucci ásamt Tom Ford), og félaga hans Dominique de Sole. Á endanum hafði Ford eytt öllum peningum YSL-hlutans í búðirnar og Pinault var orðinn langeygður eftir hagnaði. Þess vegna hætti Ford hjá Gucci og YSL á síðasta ári og Pinault keypti hann út úr Gucci. (Ef þið viljið vita meira um Tom Ford, kíkið á bókina Tom Ford eftir Tom Ford frá Assouline útgáfunni.)

Tískufræðingar í dag tala um tískuna eins og bylgjur, líkt og jarðskjálfta. Þannig er til dæmis um nýju Prada-búðina í Los Angeles, í hjarta jarðskjálftasvæðisins í Kaliforníu, sem er draumi líkust, gerð af arkitektunum Rem Koolhaas og Ole Sheeren. Hún hæfir tískuhúsi sem lætur tískujörðina titra á hverju ári. Í öðru jarðskjálftalandi er annars konar miðja í nýju Louis Vuitton búðinni í Omotesando í Tokyo, búð í búð. Í henni miðri er eins konar leyniherbergi, VIP-svæði fyrir mikilvæga viðskiptavini, innsti kjarni tískuhússins. En búðin sjálf er á áttundu hæð og fleiri af merkjum LVMH tískurisans eru í sömu byggingu. Ein hæð er eingöngu með vörur sem eru í takmörkuðu upplagi og tölusettar.

Chanel í Japan gengur enn lengra og opnar bráðlega 6000 fermetra turn helgaðan hugarheimi Chanel með galleríi og tónleikasal í bland við verslunarrými. Þar er heil hæð lögð undir einkasali fyrir mikilvæga viðskiptavini. Turninn er gerður úr gráu víravirki og steini í anda tweed-efnisins fræga sem Coco Chanel notaði í dragtir og er enn notað. Ekki tískuhús heldur musteri.

Kínaskór! Tilboð



EITT PAR KR. 1290-
TVÖ PÖR KR. 2000-
Litir: rauðir, bleikir, túrkis, orange, grænir, svartir og hvítir.
Einnig mikið úrval af skóm með kínamunstri
Ný sending af blómaskóm kr. 990-
Barna- og dömustærðir
SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466
Sendum í póstkröfu



Ný Puma sending í
aktíf
Sérverslun fyrir konur
Nýjar áherslur á fatnað sem uppfyllir þarfir kvenna
Við eigum alltaf til:
Hlaupafatnað • Götufatnað
Fatnað í útivistina
Fatnað í æfingarsalinn
Sportnærfatnað og toppa
Létta sumarjakka
Úrval af úti- og inniskóm frá Puma og Nike
Aktíf selur fatnað frá:
DANSKIN hummel PURE LIME PUMA
aktíf inni og úti
Kringlunni | 2. hæð gegnt Íslandsbanka | sími: 588 1881 | www.aktif.is

SUMAR 2005



BH 2.320.- Buxur 1.420.-
Ný sending af
BON 'A PARTE Secret
undirfötum, sundfötum, náttfötum og heimasettum
www.svanni.is
SVANNI

FAGMENNSKA Í 11 ÁR
BRÚN(N) Á 15 MÍNÚTUM
BÓKAÐU NÚNA Í SÍMA 561 3060
BRÚÐKAUP ÚTSKRIFT GOTT SKAP
SNYRTISTOFAN HELENA FAGRA
S. 561 3060
LAUGAVEGI 163

FIMMTUDAGS-TILBOÐ
HERRASANDALAR



6995 kr. - verð áður
3.995 kr. - verð nú
stærðir: 41 - 46
TILBOÐ GILDA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
Toppskórinn
Suðurlandsbraut 54, sími 533 3109



bílar o.fl.
Á LAUGARDÖGUM
Auglýsingasíminn er 550 5000
auglysingar@frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesna blað landsins -



Ashima-Leena sýndi einstaklega skemmtilega hönnun úr fallegu indversku efni.



Rohit Bal er einn sá besti í bransanum og sýndi það í vikunni.



Það var mikið líf og fjör hjá fyrirsætunum á tískusýningu Arjun Khanna.

# „Gangið til liðs við tískuhreyfinguna“

***Tískuvikunni á Indlandi lauk í Nýju-Delí í fyrradag. Tískan einkenndist af þjóðlegum og vestrænum áhrifum með mikilli litadýrð. Hver veit nema Nýja-Delí skipi sér á næstu árum í raðir tískuhöfuðborga heimsins eins og New York og Parísar.***



Þjóðlegt í þýðum litum frá Tarun Tahiliani.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Indland og Spánn í sömu sæng hjá Tarun Tahiliani.

Alls sýndi 61 hönnuður listir sínar á tískupallinum og gætti þjóðlegra áhrifa í bland við strauma hins vestræna heims. Indland hefur lengi verið þekkt á heimsvísu fyrir textílarfleifð sína en tíska í formi iðnaðar hefur enn ekki rutt sér til rúms og Nýja-Delí því ekki orðin ein af tískuborgum heimsins.

Þar til fyrir stuttu einbeindu indverskir hönnuðir sér að hátísku og brúðarklæðum en síðustu fimm árin hefur orðið breyting á og fólki í tískuiðnaði hefur fjölgað gríðarlega.

Árið 1998 ákvað tískuráð Indlands, FDCI, að styrkja samband milli hönnuða í landinu og setja á laggirnar tískuviku sem ætti að þjóna sem staður þar sem seljendur og kaupendur í tískuiðnaðinum gætu haft samskipti.

Stærsta tískuvikan fram til þessa var sú fimmta árið 2000, þar sem rúmlega fjögur hundruð kaupendur létu sjá sig, en vikan náði gríðarlega mikilli fjölmiðlaathygli. Verslanirnar Browns og Saks Fifth Avenue í Bandaríkjunum sáu þar upprennandi hönnuði og fengu þá til liðs við sig.

Árið 2004 var mikil breidd á tískuvikunni og sýndu hönnuðir annars vegar hátísku og hins vegar fatnað til daglegra nota sem hafði vantað á markaðinn. Í ár er þema vikunnar „Gangið til liðs við tískuhreyfinguna“ en allra augu beindust að hönnuðum eins og Sabyasachi Mukherjee, Rathore og Rohit Bal, sem eru þekktastir fyrir stílhreina hönnun sem heillar bæði Indverja og heimsbyggðina.

Tískuvikan í fyrra skapaði viðskipti upp á 250 milljónir rúpíur, eða tæplega 363 milljónir íslenskra króna. Áætlað er að þau viðskipti aukist um 25 til 30 prósent á þessu ári en indversk tíska er vinsælust í Mið-Austurlöndum þar sem olíubarónar og aðrir auðmenn eyða gjarnan sem samsvarar tugum milljóna íslenskra króna á einum degi í tískuvarning.

*lilja@frettabladid.is*





















# LANDBÚNAÐUR

*[ bóndi er bústólpi ]*

FRÉTTABLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




LÝSING

Lýsing hf.
Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500
Fax 540 1505
www.lysing.is

**Fjármögnun í takt við þínar þarfir**

# Hefði getað valið léttara líf

***Ingibjörg Hafstað og maður hennar Sigurður Sigfússon hafa búið í Vík í Skagafirði í þrjátíu ár og eiga fimmtíu kýr í fjósi.***

Eldhúsið í Vík angar af bökunarlykt enda húsfreyjan að baka snúða fyrir basar kvenfélagsins. Sonarsonurinn er í heimsókn utan af Sauðárkróki og hans snúðar eru með bleikum glassúr en amma hans hefur annan hátt á. „Þetta er bara venjuleg grunnuppskrift að gerbrauði og svo blanda ég út í deigið skinku, osti, grænni og rauðri papriku, blaðlauk og smávegis af mexíkóosti, það kemur svo góður keimur af honum," lýsir hún og býður að smakka.

***Aðstaðan er öll til fyrirmyndar í fjósinu og vélvæðingin mikil. Þar er til dæmis bara gefið fjórða hvern dag. Þá eru baggarnir keyrðir inn og svo ganga kýrnar að mat sínum þegar þær vilja.***

Ingibjörg ljómar af hreysti og þegar hún er spurð hvort henni þyki gaman að búa í sveit svarar hún brosandi. „Ég kaus það að minnsta kosti þó ég ætti kost á öðru. Svo er þetta nú ekki afskekkt sveit. Maður getur sótt í fjölmennið og félagsskapinn þegar maður vill og verið svo í friði þess á milli. En maður hefði getað valið léttara líf. Fyrstu átján árin var ég með sumardvalarheimili hér fyrir börn. Svo kenndi ég á veturna úti á Krók en hætti eftir að skólinn varð einsetinn og sneri mér að búskapnum. Auk þess sinnti ég sveitarstjórnarmálum um tíma." Hún kveðst kunna á dráttarvélarnar og ekki veigra sér við að vinna á þeim. „Ég er að minnsta kosti með í öllu og finnst það voða gaman. Til dæmis slæ ég yfirleitt öll túnin. Ég er sláttukerlingin," segir hún og bætir við að það sé mikill ábyrgðarhluti að láta unglinga vera á vélunum, bæði vegna slysahættu og svo séu þetta dýr tæki og vandmeðfarin.
Ingibjörg segir Skagfirðinga félagslynt fólk og samhent. „Hér er til dæmis „inn" að vera í kvenfélagi," segir hún og verður ekki rengd þar sem hún er formaður Sambands skagfirskra kvenna. Nú kemur eiginmaðurinn inn og fær sér kaffisopa. Hann heitir Sigurður Sigfússon. Kveðst vera Skagfirðingur en þó hvorki hesta- né kóramaður. „Já, hann var reyndar fluttur suður, þar kynntumst við og ég dró hann norður aftur," segir Ingibjörg hlæjandi.


Fréttablaðið/Gun.

Ingibjörg með sonarson sinn Aron Má Jónsson.

Nú er klukkan að verða hálf sex og tími kvöldmjalta runninn upp enda kveðst Ingibjörg ekki vilja vera lengi fram eftir við útiverkin. Aðstaðan er öll til fyrirmyndar í fjósinu og vélvæðingin mikil. Þar er til dæmis bara gefið fjórða hvern dag. Þá eru baggarnir keyrðir inn og svo ganga kýrnar að mat sínum þegar þær vilja. Sjálfvirk skafa skefur flórinn og mjaltagryfja hefur verið í fjósinu frá 1977 að sögn Ingibjargar. „Það er mjög þægilegt. Ég segi að það lengi líf manns í búskapnum um tíu ár að þurfa ekki að bogra við mjaltirnar," segir hún.


Það verður að þvo tankinn vel.


Ingibjörg kveðst viss um að það lengi líf fólks í búskapnum að þurfa ekki að bogra við mjaltirnar.


Húsið í Vík er byggt 1907.


Gæfa, Júlía, Gella og Grýta. Ingibjörg þekkir þær allar með nafni.

VOGEL®
Smurkerfi

rotor
VÉLAMAÐURINN / RÓTOR EHF.
HELLUHRAUNI 4 HAFNAFIRÐI SÍMI 555 4900

## Helmingur vinnur utan bús

***Átaks er þörf í atvinnumálum sveitafólks ef ekki á að missa það á mölina.***

Sóknarfæri til sveita er verkefni sem Bændasamtök Íslands standa að til að stuðla að meiri og nýrri uppbyggingu í sveitum landsins. Það gekkst fyrir fundarherferð í lok mars undir heitinu „Að kreista mjólk úr steini", ásamt Frumkvöðlafræðslunni og verkefninu Lifandi landbúnaður. Að þessu sinni var farið í Hrútafjörð, á Blönduós, í Reykhóla og Dali. Fundarsókn var misjöfn en áhugi þeirra sem mættu mikill.
Margir ganga með hugmyndir í höfðinu sem þeir vildu gjarnan kanna hvort einhver grundvöllur er fyrir eða vit í að framkvæma. Rannsóknir benda til þess að rúmlega helmingur kvenna í landbúnaði vinni utan bús og rétt tæplega helmingur karla. Greinilegt er því að fleiri og styrkari stoðum þarf því að renna undir atvinnulífið í sveitum landsins ef ekki á að missa fólkið á mölina.
Af vefnum www.bondi.is


Guðríður Baldvinsdóttir á Lóni í Kelduhverfi er skógfræðingur og bóndi. Hún og hennar maður vinna bæði utan heimilisins að hluta.




# SVEFN & HEILSA FYRIR ÞÍNAR BESTU STUNDIR

**Veldu það besta!**

## SOFÐU VEL Í SUMAR




## EITT LANDSINS MESTA ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM

- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING




Svefn & heilsa

*Verið velkomin*

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

# Lítið en persónulegt fyrirtæki

*Ending dráttarvéla er í kringum fimm ár en það veltur að sjálfsögðu á umhirðu.*

„Sveitalífið í Eyjafirði er gott,“ segir Gunnar Gíslason, forstöðumaður Vélatorgs við Glerártorg á Akureyri. Vélatorg er ungt fyrirtæki, stofnað árið 2003 gagngert til að taka við Caese-umboðinu. „Vélatorg er lítið fyrirtæki og boðleiðirnar því stuttar. Það gerir það að verkum að við erum í meiri nánd við viðskiptavini og suma þekkjum við persónulega,“ segir hann. „Viðskiptin hafa verið að aukast smátt og smátt en góðir hlutir gerast hægt.“

Þó fyrirtækið sé staðsett norður í landi veitir það þjónustu um allt land. Bændur geta pantað dráttarvélar í gegnum síma og þær eru síðan fluttar landleiðina. „Við erum með viðskiptavini um allt land,“ segir Gunnar.

Caese-dráttarvélarnar hafa hlotið góðar viðtökur enda segir hann þetta vera nýjar vélar byggðar á gömlum merg. „Þær hafa reynst vel og eru hagstæðu verði.“

Caese-dráttarvélarnar eru til í fjórum gerðum, frá 85 hestöflum til 190 hestafla. „Tvær eru framleiddar í Austurríki og svo fáum við vél frá Ítalíu og Bretlandi.“

Ending dráttarvéla er ekki um margt ólík endingartíma bíla en það fer allt eftir umhirðu. „Það eru Caese-vélar í notkun hér á landi sem voru framleiddar á áttunda áratugnum. Bóndi sem er með sæmilega stórt bú er hins vegar að endurnýja aðalvélina sína á fimm ára fresti,“ segir Gunnar.



Caese-dráttarvélarnar eru til í fjórum gerðum og því ættu allir bændur að finna eitthvað við sitt hæfi.









Ingibjörg þekkir bæði hvernig er að vera nemandi og kennari á Hólum auk þess sem hún veitti mötuneytinu forstöðu um tíma.

# Fagnám á gömlu frægðarsetri

*Margur bóndinn hefur sótt menntun sína heim að Hólum. Þar skiptist kennslan nú í þrjár brautir: hrossarækt, fiskeldi og ferðamál í dreifbýli. Ingibjörg Sigurðardóttir í Víðinesi í Hjaltadal starfar bæði við kennslu og rannsóknir á Hólum.*

„Ég hef áhuga á öllu mögulegu og þetta hentar mér ágætlega því hér er fullt af ögrandi verkefnum,“ segir Ingibjörg brosandi. Hún kennir viðskipta- og rekstrargreinar við skólann og stýrir tveimur kúrsum við ferðamálabrautina sem heita Framreiðsla og veitingar og Matur og menning. Auk þess vinnur hún að rannsóknarverkefni í hestatengdri ferðaþjónustu. Ingibjörg segir

*„Hrossaræktarbrautin er sívinsæl og alltaf þarf að vísa frá því aðstaðan takmarkar fjöldann.“*

hrossaræktarbrautina standa á gömlum merg því tamning og þjálfun hesta hafi verið stór hluti af búfræðináminu sem var við lýði á Hólum til 1996. „Hrossaræktarbrautin er sívinsæl og alltaf þarf að vísa frá því aðstaðan takmarkar fjöldann,“ segir hún. Námið við brautina skiptist í þrjú ár og hvert ár gefur vissar gráður. Hestafræðingur og leiðbeinandi verður sá sem stenst próf fyrsta árs. FT prófið er tekið eftir annað árið. Það gefur réttindi inn í félag tamningamanna og eftir þriðja árið verða menn reiðkennarar og þjálfarar. „Það getur verið ágætt að vinna við hestamennsku um tíma á milli annars og þriðja árs því það þarf dálitla reynslu til að komast gegnum lokaáfangann,“ segir Ingibjörg.



Þau Sara Arnbro, Ísólfur Líndal, Birna Tryggvadóttir og Filippa Motan eru öll á þriðja ári hrossaræktarbrautar og eru því verðandi reiðkennarar.

Fiskeldisbrautin er að mestu leyti á Sauðárkróki í nýju 1.500 fermetra húsnæði. „Mér skilst á þeim sem til þekkja að það sé stærsta og fjölbreyttasta rannsóknarrými sem til sé í fiskeldi í heiminum,“ segir Ingibjörg stolt. Brautin útskrifar fiskeldisfræðinga eftir eins árs nám og nú er að bætast við meira líffræðitengt nám til BS-prófs.

Svo er það ferðafræðinámið á Hólum, sem var það fyrsta sem kennt var á háskólastigi árið 1996. Nú er hægt að ljúka BA-námi í greininni. Staðarvarðanám er líka ein af nýjungunum. „Það er fyrir starfsfólk staða sem þarfnast umsjónar og leiðsagnar um,“ útskýrir Ingibjörg og nefnir Hóla, Gásir og hin ýmsu minjasöfn sem dæmi um slíka staði. Af ferðamálabraut útskrifast fólk með diplóma í ferðamálum dreifbýlis og fær landvarðaréttindi líka. „Það þarf fullt af landvörðum til starfa yfir sumarið,“ bendir Ingibjörg á. „Þjóðgörðum er að fjölga og það er aukinn áhugi á umhverfismálum meðal þjóðarinnar. Hún segir marga læra ferðafræðina í fjarnámi og vinna ýmis verkefni út frá sinni eigin ferðaþjónustu. „Þá fær fólk álit sérfræðinga á því hvað það er að gera vel og hvað mætti bæta og þetta hefur mörgum þótt góð leið til að taka eigið fyrirtæki í gegn. Svo er líka þroskandi fyrir okkur kennarana að kynnast þessu,“ segir hún að lokum.

gun@frettabladid.is



Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal stendur á gömlum merg en er í stöðugri þróun.



Ertu í stellingum fyrir stór verkefni?

*Við erum sérfræðingar í fjármögnun atvinnutækja, skrifstofubúnaðar og atvinnuhúsnæðis.*
*Hafðu samband í síma 440 4400 eða kynntu þér málið á glitnir.is.*

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 2374

*Breytum hugmyndum í veruleika*

Glitnir

Kirkjusandi • 155 Reykjavík • glitnir.is • sími 440 4400

# Greinarnar styðja hvor aðra

***Þrátt fyrir að að afurðaverð hafi verið lágt í sauðfjárrækt síðustu ár eru til bjartsýnir bændur innan greinarinnar. Á Ingjaldsstöðum í Þingeyjarsveit búa Atli Sigurðsson og Kristín Sigurðardóttir ásamt Sigurði syni sínum. Þau eiga bæði ær og kýr og byggðu nýlega fallegt hús yfir fjárstofninn.***



FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

Kristín, Sigurður og Atli sinna búskapnum vel, þess bera skepnurnar vitni.

Atli er úti á stétt að snyrta siginn fisk í matinn og Kristín húsfreyja stendur brosandi í dyrunum. Þau eru ekki óvön því að gesti beri að garði. Þjóðvegurinn lá meðfram bæjargaflinum þar til fyrir fáum árum og oft kom það í hlut þeirra að liðsinna ferðalöngum ef ófærð eða illveður hömluðu ferð austur yfir Fljótsheiðina. „Maður hafði oft áhyggjur þegar maður sá á eftir bílum út í kófið og hugsaði: hvað skyldi hann komast langt þessi?“ segir Atli og kveðst æði marga hafa dregið upp úr sköflum.

Kristín, sem er uppalin á Ingjaldsstöðum, segist samt hafa hafa kviðið færslu vegarins um 700 metra. „Mér fannst við verða svo afskekkt! En nú er ég fegin að hann fór, því þungaflutningarnir hafa aukist svo mikið,“ segir hún.

Við röltum að fjárhúsinu, sem er fallegt stálgrindahús klætt með yleiningum. Sigurður er að sópa eina stíuna og hefur ærnar úti á meðan. Þær taka vel inn þegar hreingerningunni er lokið. Langflestar eru vel hvítar en þó bregður líka fyrir mórauðum og flekkóttum. Allar eru þær bústnar og sællegar og sumar komnar að burði. „Þú ert heldur snemma á ferðinni,“ segir Atli. „Eftir viku verða kannski komin lömb.“ Um 220 fjár eru á fóðrum á Ingjaldsstöðum. Bændurnir þekkja allt féð með nöfnum og kunna skil á ættfræðinni. Þeim þykja kindurnar skemmtilegar en finnst verð á lambakjöti allt of lágt til bænda. „Þar þarf að leiðrétta kúrsinn verulega,“ segir Sigurður fastmæltur. Að sumrinu gengur féð á Fljótsheiðinni upp af bænum, sem er svo grasgefinn að Sigurður segir högunum hættara við að spillast vegna sinu en uppblásturs.



Horft heim að Ingjaldsstöðum. Fjárhúsið er lengst til vinstri. Gamla húsið frá 1907 er einungis notað sem sumarhús.

Í næsta húsi við fjárhúsið býr nautpeningurinn því 23 kýr eru á búinu. Sigurður telur það hagkvæmt að blanda kúa- og fjárbúskap saman. „Greinarnar styðja hvor aðra enda margt hægt að samnýta, svo sem tún og tæki,“ segir hann. Þar með berst talið að tækninni og framförunum. Atli kveðst jafngamall vélamenningu í landbúnaðinum enda hafi fyrsta dráttarvélin komið í hans heimasveit, Bárðardalinn, 1945, sama ár og hann fæddist. Öll eru sammála um að mesta bylting síðari ára sé í rúllubaggatækninni, bæði hvað vinnu- og tímasparnað snerti og fóðurgildi heysins.

Kristín býður inn í kaffi og meðlæti í eldhúsinu og þar er haldið áfram að spjalla um sveitalífið að fornu og nýju, smalanir, kórastarf, félagslíf og fleira skemmtilegt.

*gun@frettabladid.is*






# Í þeim gömlu kartöflugörðunum heima

***Sigurbjartur Pálsson og Lilja Þrúðmarsdóttir eru meðal þeirra sem sjá okkur fyrir kartöflum á diskana. Þau búa í Þykkvabænum, svona einn komma sex kílómetra frá sænum, þar sem 70-80 prósent kartöfluframleiðslu landins eru.***

Þau hjón eru að ljúka við að ganga frá útsæðinu til spírunar með aðstoð „heimavarnarliðsins“ eins og þau kalla börn sín fjögur. Nú styttist í vinnslu garðanna og ef vel viðrar gætu fyrstu kartöflur farið í mold um 10. maí, að þeirra sögn. „Fyrir þá sem eru lottósinnaðir er þetta dálítið skemmtileg grein því menn leggja mikið undir,“ segir Lilja og Sigurbjartur tekur undir það. „Menn grafa helling af peningum ofan í jörðina á vorin og setja svo allt sitt traust á himnaföðurinn. Ekki er samt við hann að sakast þó síðustu ár hafi verið erfið. Tíðarfarið hefur leikið við okkur en þrátt fyrir að uppskeran hafi verið góð og hreystin líka hefur afkoman verið döpur. Smásalan er komin á svo fárra hendur og verð til okkar bændanna fer stöðugt lækkandi. Fyrir 17 árum fengum við 45-50 krónur fyrir kílóið en nú er það komið í 30-35 krónur.“

Þau hjón hafa stundað kartöflurækt síðan 1983. „Það hefur gengið á ýmsu á þessum tíma. Það hafa komið góð ár og mögur ár og allt þar á milli,“ rifjar Sigurbjartur upp.

***„Menn grafa helling af peningum ofan í jörðina á vorin og setja svo allt sitt traust á himnaföðurinn.“***

„Framleiðendum hefur stórfækkað en þeir stækkað sem eftir eru, hafa keypt sér öflugri vélar og aukið framleiðsluna. Það er svipuð þróun og í öðrum greinum búskapar. Neytandinn gerir kröfur um gæði og þar fara markmið okkar saman því við viljum skila fyrsta flokks vöru. Þá verða menn líka að koma sér upp fyrsta flokks geymslum, sem getur verið snúið þegar aurinn er mjög naumt skammtaður.“



FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRÐUR

Lilja og Sigurbjartur eru að ljúka við að ganga frá útsæðinu, tæpum þrjátíu tonnum.

# DeLaval leiðir tækniframfarir í mjólkurframleiðslu

2005

### Tæknilegar nýjungar í VMS 2005

- Vökva drifinn fjölnota armur
- Skynjar blóð í mjólk
- Sjálfvirkur aðskilnaður á mjólk vegna blóðs/leiðni
- Einstaklings sýnataka
- Nýr VMS Hjarðstjórnunar hugbúnaður
- Nýjir möguleikar á stjórnun hliða
- Fleiri nettengi möguleikar fyrir stjórnun
- Fjarstýring á hliðum
- Skráning á hitastigi í DeLaval mjólkurtönkum
- Stærri snertiskjár
- Ný F-DVP sogdæla (Álags stýrð beindrifin dæla)

### Samantekt kostanna í VMS 2005

- Áreiðanlegri, ennþá meira rekstrar öryggi.
- Minna viðhald, færri viðvaranir og þess vegna færri stopp,aukin framleiðsla og lægri rekstrarkostnaður.
- Færri ófullnægjandi mjaltir sem tryggir að kýrnar eru mjólkaðar á fullnægjandi hátt með reglulegu millibili
- Meiri afköst og auknar tekjur
- Tryggir mjólkurgæðin með sjálfvirkum aðskilnaði á mjólk og einstaklings sýnatöku.
- Ný kynslóð hjarðstjórnunar hugbúnaði sérstaklega hannað fyrir VMS sem gerir vinnuna léttari og auðveldara að taka ákvarðanir.
- Lægri orkunotkun (aðeins 59,5 kwst. á sólarhr.).
- Færri áhyggjur og betri lífsgæði fyrir róbot bónda

## Níu VMS vélar hafa verið gangsettar á árinu




AUGLÝSINGAST. E. BACKMAN



**Mjaltabúnaður**
*Mælt úr hverjum júgurhluta fyrir sig og notar infra rauða ljósgeisla til að skynja gæði mjólkur*



*Spenakylkja magasín með fjórum hylkjum til mjalta og það fimmta er með aðskylda þvottalögn og er notað til að þvo og hreyta spenana*



*Fjölnota armur með tveim leiserum og myndavél sem "sér" spenana*



*41% stærri snertiskjár*

Lágmúla 7 • Reykjavík • sími 588 2600 • www.velaver.is

VÉLAVER HF

10 ára
1994 - 2004

# JÖTUNN VÉLAR ehf.

Austurvegi 69 - Selfossi - Sími 4 800 400 jotunn.is



VALTRA

## Söluhæsta dráttarvélin á Íslandi 2004



MASSEY FERGUSON

## Algengasta dráttarvél á Íslandi

# Eigum eða útvegum varahluti í:

Bigab - Bögballe -Claas - Duun - Engcon - Fendt - Fermec - Fisher - Kuhn - Kverneland - Lister Massey Ferguson MF þreskivélar - NC - Niemeyer - OMC - Perkins - PZ - Pöttinger - Sampo - Scan Schaffer - Trima - Valtra Vermeer - Vicon - Og fleira




Bögeballe áburðardreifarar.
Til afgreiðslu strax.







PÖTTINGER MASSEY FERGUSON Perkins MULLERUP VALTRA Schäffer RAU Vicon Vermeer



# Landini Afmælistilboð

STURLAUGUR JÓNSSON & CO 80 ára 1925 - 2005

LEGEND 125 TDI
TOP TRONIC

Búnaður innifalinn í verði:
Vökvaskipting.
Vökvavendigír.
Skriðgír.
"Park lock".
Skriðstillir.
Loftkæling í húsi.
Loftpúðasæti með ruggi og snúning.
Rafmagnslyfta.
Lyftukrókur með útskoti.
Vagnbremsuventill.
5 Vökvasneiðar.
Farþegasæti.

**TILBOÐSVERÐ**
**kr. 4.390.000.-** án vsk.

VISION105 4x4
m/Ámoksturstækjum

Búnaður innifalinn í verði:
Vökvavendigír.
Vökvamilligír.
Skriðgír.
"Park Lock".
Loftkæling í húsi.
Loftpúðasæti.
Farþegasæti.
Lyftukrókur.

**TILBOÐSVERÐ**
**kr. 3.990.000.-** án vsk.





Landini POWERFARM 95 2x4

Vendigír.
Opnir beislisendar.
Vagnbremsuventill.
Lyftukrókur.
Farþegasæti.
Frambretti.
Einföld og rekstrarvæn dráttarvél á hagstæðu verði.

**TILBOÐSVERÐ**
**kr. 2.383.000.-** án vsk.

MULTIONE

MultiOne fjölnotavélin er til í mörgum stærðum og gerðum með Yanmar eða Daihatsu dieselvélum frá 20-50 Hö og lyftigetu frá 600-1200 kg. MultiOne er með fullkomu Danfoss "hydrostatic" aksturskerfi sem skilar afburða árangri.

Allar MultiOnevélar eru búnar skotbómu sem eykur mjög á þægindi og hæfni. Í boði er mikið úrval tengitækja fyrir bændur og verktaka



***Ítalíuferð í kaupbæti!***

Í tilefni 80 ára afmælis Sturlaugs Jónssonar og co, fá allir þeir sem festa kaup á nýrri Landini dráttarvél á afmælisárinu, skemmtiferð til Ítalíu í kaupbæti.

hausverk / SIA / 5337

Verð háð skráningu gengis 2/3 2005

Sturlaugur Jónsson & Co ehf.

• Fiskislóð 26
• Sími: 551 4680
• www.sturlaugur.is





Fjölnir og Arnór flaka og pakka.

# Gefandi að vera bleikjubóndi

***Margir kannast við Fjölni Torfason á Hala í Suðursveit frá því hann rak ferðaþjónustuna við Jökulsárlón. Síðustu ár hefur hann byggt upp bleikjueldi heima á Hala, ásamt Arnóri syni sínum sem er fiskeldisfræðingur.***

„Það er mjög skemmtilegt og gefandi starf að vera bleikjubóndi," segir Fjölnir brosandi. Hann hefur skapað sér góða aðstöðu bæði til ræktunar og fullvinnslu fisksins og segir jarðhitann sem fannst á Hala fyrir um áratug hafa opnað möguleikana á þessari búgrein.

Stofninn er frá Hólum í Hjaltadal. Þaðan kaupa Halabændur hrogn reglulega og sjá um klakið sjálfir. Einnig kreista þeir bleikjurnar sínar og síðan líða um 20-24 mánuðir þar til fiskurinn er orðinn að útflutningsvöru. „Markaðurinn er góður og fer vaxandi," segir Fjölnir og telur algera forsendu fyrir góðum rekstri að vera í samstarfi við fleiri framleiðendur, sem síðan sameinist um útflutninginn og haldi honum nokkuð jöfnum allt árið. Þeir feðgar vinna báðir við eldið allt árið og á annatímum fá þeir fleiri með sér í vinnsluna.

## Sigurður Örn Haraldsson



Fréttablaðið/Gun

Sigurður Örn Haraldsson á heima á Jaðri í Aðaldal. Hann er vélstjóri á sjó en notar hvert tækifæri til að skreppa í sveitasæluna. Skammt frá húsinu hefur hann stillt upp gömlum dráttarvélum og einum vörubíl. „Ég er búinn að bjarga ýmsum tækjum frá eyðileggingu og finnst skemmtilegra að sjá draslinu raðað upp en að hafa það eins og hráviði út um allt," segir hann. Flestar dráttarvélarnar segir hann gangfærar og bílinn líka. Öll bíða tækin eftir að verða tekin í gegn og gerð upp.



Sjálfvirka mjaltastöðin frá De Laval býður upp á meiri frítíma og fjölskyldulíf fyrir bændur.

# Kúabændur þurfa ekki að vakna við fyrsta hanagal

***Sjálfvirk mjaltastöð gerir starf kúabóndans mun léttara en áður var. Ef eitthvað bjátar á í kerfinu fær bóndinn þegar í stað skilaboð í símann sinn.***

De Laval er elsti mjaltavélaframleiðandi heims og segir Jón Steinar Jónsson, sölustjóri De Laval deildarinnar hjá Vélaveri, að sjálfvirka mjaltastöðin sé enn einn möguleikinn fyrir kúabændur. „Þessi búnaður hefur í för með sér meiri frítíma og betra fjölskyldulíf fyrir bændur," segir hann og bætir við að mjaltastöðin veiti bændum einnig frelsi til að sinna á öðrum störfum á mjaltatíma.

„Við höfum selt fimm slíkar stöðvar og eru níu nú þegar pantaðar sem verða settar í gang á þessu ári," segir Jón og bætir því við að De Laval sé með Windows forritinu og þess sé skammt að bíða að hugbúnaðurinn og snertiskjárinn verði á íslensku. „Hugbúnaðurinn er í PC-tölvunni og bændur nota síðan snertiskjáinn til að stjórna arminum eða stöðinni hvenær sem þörf krefur."

Þá hefur De Laval í för með sér að óþarfi er að viðhafa stöðugt eftirlit og mjaltirnar eigi að ganga sjálfvirkt fyrir sig. Kerfið er með innbyggða bilanagreiningu og sendir skilaboð í gegnum fartölvu eða í símann. „Róbótinn hringir í bóndann ef eitthvað alvarlegt kemur upp."

> *„Fóðurgjöfin er stillt eftir áthraða og kýrnar haldast því rólegri í básnum."*

Mjaltastöðin hefur í för með sér að starf bóndans felst einkum í eftirliti með kerfinu og er þannig miklu léttara en áður var. Þá stjórnar tækið einnig fóðurgjöfinni. „Fóðurgjöfin er stillt eftir áthraða og kýrnar haldast því rólegri í básnum," segir Jón og bætir við að tækið stöðvi fóðurgjöfina fyrir lok mjalta þannig að kýrnar ganga greiðlega út úr mjaltastöðinni.





Landbúnaðarháskóli Íslands starfar á sviði hagnýtrar náttúrufræði. Megin viðfangsefni hans er nýting og verndun náttúruauðlinda á landi.

Umsóknarfrestur um nám við LBHÍ er til 10. júní

**Þrjár námsbrautir til BS prófs**

Búvísindi
Áhersla á undirstöðugreinar í efnafræði, jarðvegsfræði og líffræði og sérhæfðar greinar nytjajurta- og búfjárgreina auk rekstrar- og tæknigreina. Námið gefur góðan grundvöll fyrir ráðgjafastörf, kennslu og rannsóknir auk búrekstrar.

Náttúru- og umhverfisfræði
Viðfangsefnið er náttúra Íslands, áhrif mannsins á hana og náttúruvernd. Námið felur í sér mikinn sveigjanleika í vali, en hefur þó sameiginlegan grunn. Það nýtist vel fyrir margvísleg störf að umhverfismálum, landnýtingu, landgræðslu og skógrækt.

Umhverfisskipulag
Námsgreinum á sviðum náttúruvísinda, skipulags, tækni og hönnunar er hér fléttað saman og megináhersla er lögð á samspil náttúru, manns og forma. Námið gefur góða undirstöðu til fekara náms í landslagsarkitektúr, skipulagsfræði, umhverfisfræði og tengdum greinum.

Almenn inntökuskilyrði - Það sama gildir um allar námsbrautirnar að umsækjandi þarf að hafa lokið stúdentsprófi eða öðru jafngildu framhaldsskólaprófi. Námið tekur að lágmarki þrjú ár til BS prófs (90 einingar).

Aðstaða til náms
Aðsetur háskólanáms LBHÍ er á Hvanneyri í Borgarfirði. Þar hefur á undanförnum árum risið myndarlegt háskólaþorp, með nemendagörðum þar sem í eru bæði einstaklingsherbergi og fjölskylduíbúðir. Leikskóli, grunnskóli og verslun eru á staðnum.

Landbúnaðarháskóli Íslands
**Aðalstöðvar:**
Hvanneyri • IS 311 Borgarnes • Ísland
Sími: 433 5000 • Fax: 433 5001 • Netfang: lbhi@lbhi.is • **www.lbhi.is**

## Víðidalur í Húnavatnssýslu

Fréttablaðið/Gun



Víðidalurinn í Húnavatnssýslu kemur vel undan vetri eins og aðrar sveitir landsins. Víðidalsáin bugðast eftir honum miðjum og setur á hann glæsilegan svip. Að Stóru-Ásgeirsá búa Elías Guðmundsson og Sigríður Magnúsdóttir. Þau reka þar myndarlegt kúabú og hestakosturinn er ekkert slor, minnast má heimsmeistarans Gordons sem frá þeim var kominn.



Hér eru þau hjón Elías og Sigríður með eitt af sínum djásnum, stóðhestinn Blæ undan Andvara frá Ey og Perlu frá Ási I.

# Eitthvað íslenskt og gott

***Kornakrar eru að verða æ algengari sjón í sveitum landsins að sumrinu enda hefur viðrað vel til kornræktar síðustu ár. Snorri Páll Harðarson var ónáðaður þar sem hann var að búa jarðveginn undir sáningu í vesturhlíðum Eyjafjarðarsveitar.***

Snorri Páll er 18 ára nemandi í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Hann á heima í Hvammi við Kjarnaskóg en er að plægja akur í landi Kropps sem Hvammsbúið hefur aðgang að. Hverju skyldi hann ætla að sá?

„Faðir minn ætlar að sá byggi hér í þágu kornræktarinnar," segir hann brosandi og bætir við að þetta sé fjórða árið sem kornrækt sé stunduð í Hvammi.

„Við höfum verið með akrana heima við en ætlum að færa þá hingað og því er verið að brjóta þetta land í fyrsta skipti," segir hann og upplýsir blaðamann um að í Hvammi sé 40 kúa bú og kýrnar kunni vel að meta byggið. Það spari líka kjarnfóðurkaup.




Snorri Páll hefur skýr framtíðaráform. Hann ætlar að verða bóndi í Eyjafjarðarsveit.



Akurinn plægður.

Snorri Páll er á Massey Ferguson dráttarvél, módel 1998, og segir hana flott tæki, góða í jarðvinnslu og hvað sem er. Plógurinn er í eigu búnaðarfélags sveitarinnar og því sameign bænda. Hann kann vel við sig í vélavinnunni og segir jarðyrkju mikilvægan part af búskapnum sem hann hafi mikinn áhuga á, enda séu framtíðaráformin þau að verða bóndi í Eyjafirði. En getur hann lært eitthvað í búfræði í Verkmenntaskólanum? „Nei, ekki beint, en þó læri ég málmiðn þar sem nýtist að vissu leyti. Annars er það bara Hvanneyri í framtíðinni," svarar hann. Áður en hann er kvaddur er forvitnast um hvort hann hlusti á útvarpið þegar hann er á vélinni. „Nei, ég vel mér tónlist til að hafa í eyrunum. Það eru Dátar, Nýdönsk og fleira. Eitthvað íslenskt og gott."






FRÉTTABLAÐIÐ/GUN



# Býst eins við að verða bóndi

***Hunangsflugan veit hvað vorinu líður. Hún heyrist suða á hlaðinu á Hóli í Svarfaðardal þar sem blaðamaður hitti Karl Inga Atlason, 27 ára búfræðing og stúdent, sem sinnir stóru búi með foreldrum sínum.***

„Ég býst alveg eins við að verða bóndi. En auðvitað horfir maður á það hvort sveitirnar verði sterkar í byggð. Það skiptir svo miklu máli," segir Karl Ingi og bætir við: „Það er ekki skemmtilegt að sjá alla tínast í burtu og verða einn eftir." Hann segir fólkinu heldur hafa fækkað á bæjunum frammi í botni dalsins á síðustu fimm árum. „Þar er snjóþyngra og svo bjó þar eldra fólk en enginn til að taka við. En það er blómlegur búskapur hér á mörgum bæjum og sumir búa í dalnum en sinna öðru, eins og ferðaþjónustu og verkstæðisvinnu."

Á Hóli er um 200 þúsund lítra mjólkurkvóti. Þrátt fyrir að myndarlega sé byggt segir Karl Ingi ekki hafa verið farið út í miklar framkvæmdir síðustu árin og fjósið sé án nýjustu tækja til mjalta og gjafa. Hins vegar sé allur vélakostur búsins góður. „Þar eru nú frekar öfgarnar en hitt," segir hann hlæjandi. „Faðir minn hefur löngum þótt nokkuð tækjaglaður!"

Fáeinar ær eru á Hóli. Karl Ingi segir allt hafa verið skorið niður 1987 vegna riðu og fátt fé hafi verið tekið aftur. „Menn þorðu ekki að treysta á sauðfjárræktina," segir hann.

Karl Ingi er ánægður í dalnum sínum og segir þar ágætt félagslíf. Auk þess skreppi hann til Akureyrar til að skemmta sér. En hann er ekki viss um að hann verði bóndi. „Ég veit ekki alveg hvað verður. Hefðirðu komið fyrir ári síðan hefði ég örugglega verið með stórar yfirlýsingar en er aðeins meira hikandi núna," segir hann brosandi.



Myndarlega er byggt á Hóli í Svarfaðardal.

# Áhersla á náttúrunýtingu og umhverfisfræði

***Það er búsældarlegt í Borgarfirðinum þar sem höfuðvígi Landbúnaðarháskóla Íslands stendur í túni.***

Skólinn varð til um síðustu áramót við sameiningu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á Keldum og Garðyrkjuskólans á Reykjum. Rektor er Ágúst Sigurðsson og hann hefur þetta um námið að segja: „Skólinn er starfræktur í þremur deildum: auðlindadeild, umhverfisdeild og starfs- og endurmenntunardeild. Við bjóðum upp á háskólamenntun til BS 90, BS 120 og MS-gráða auk starfsmenntunar í búfræði og garðyrkju. Vinsælasta BS-námið undanfarin ár hefur verið umhverfisskipulag sem undirstöðunám fyrir landslagsarkitektúr eða skipulagsfræði en nýtist einnig beint út í atvinnulífið. BS-nám í búvísindum hefur verið starfrækt lengi og hefur í gegnum tíðina ávallt fengið ágæta aðsókn enda fjallar námið á breiðum grunni um búrekstur, hvers kyns ræktun nytjajurta og búfjár. Þá höfum við einnig verið að prufukeyra diplómanám í garðyrkjugreinum en fyrir því hefur verið mikill áhugi hjá fólki sem er starfandi í greininni.

Það eru mjög spennandi tímar fram undan í uppbyggingu skólans. Háskólaþorpið hér á Hvanneyri er í miklum vexti. Rannsóknaaðstaða okkar á Keldnaholti við Reykjavík mjög góð og eins aðstaða til rannsókna í garðyrkju á Reykjum. Eins og staðan er núna þá er starfsemin nokkuð dreifð en það skapar líka ákveðin tækifæri.“

Fréttablaðið/GVA




Ágúst Sigurðsson rektor segir um 300 nemendur í Landbúnaðarháskóla Íslands og starfsmenn um 130 talsins.

## Vörn gegn vindi

***Út er komið 40 blaðsíðna rit um skjólbelti.***



Skjólskógar á Vestfjörðum og Rannsóknarstöð skógræktar á Mógilsá hafa gefið út íslenska þýðingu á 40 blaðsíðna riti um skjólbelti. Ritið er skrifað með aðstæður landbúnaðar í Norðvesturríkjum Bandaríkjanna í huga og fjallar um hönnun, ræktun og viðhald vindbrjóta, skjólbeltakerfa og lifandi snjófangara. Veðurfar á þeim slóðum er öfgakennt og erfitt trjágróðri, en jafnframt afar breytilegt innan og milli ríkja. Skjólbeltarækt á þessum slóðum á sér langa sögu. Þær aðferðir sem lýst er í ritinu ættu að duga við fjölbreytilegar aðstæður eins og þær sem við búum við hér á landi. Ákveðið var að snara bæklingnum yfir á íslensku, án þess að staðfæra tegundaheiti eða aðlaga efni hans á annan hátt að íslenskum aðstæðum. Þannig geta lesendur kynnt sér þau vandamál sem við er að etja vestan hafs og hvernig brugðist er við þeim, enda bæði vandamálin og lausnirnar alþjóðleg-ar.

Ritið kostar 1.000 kr. og er til sölu hjá Skjólskógum, Aðalstræti 26, 470 Þingeyri. Pöntunarsími er 456 8201 og einnig má panta á netfanginu skjolskogar@netos.is.

## Beint úr búverkunum

***Verkefnið Dagur með bónda hefur verið við lýði í sex ár.***

„Þetta verkefni lýsir sér þannig að starfandi bóndi fer í 7. bekk grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Þar er hann í fjóra tíma samfleytt með myndband og ýmsa hluti úr sínu starfi og segir frá lífinu í sveitinni,“ segir Berglind Hilmarsdóttir á Núpi undir Eyjafjöllum sem er verkefnisstjóri. „Þetta hefur verið í gangi í sex ár og við önnum ekki eftirspurn. Á hverjum vetri fá um 90 bekkir svona heimsókn. Skilyrði er að þetta sé starfandi bóndi og komi nánast beint úr búverkunum, annars er það ekki að marka. Í vetur hafa sex bændur sinnt þessu. Sjálf hef ég farið í 15 bekki eftir áramót og 10 fyrir jól. Kennarar eru almennt mjög ánægðir, það má segja að fagnaðarlátum þeirra ætli aldrei að linna.“





# Gleðilegt sumar

## Afgreiðslustaðir um land allt




**Ef þú átt eftir að panta áburð er um að gera að hafa samband við okkur sem fyrst.**

**Einkorna gæðaáburður frá Yara til afgreiðslu um allt land.**

**VERÐSKRÁ** Verð án vsk. - kr. á tonn

| TEGUND | apr. '05 | maí-'05 | jún-'05 |
|---|---|---|---|
| Afsláttur frá júníverði | 4% | 2% | 0% |
| OPTI-KAS™ (N 27) [1] | 24.629 | 25.142 | 25.655 |
| OPTI-NS™ 24-6 [1] | 27.353 | 27.923 | 28.493 |
| Kalksaltpétur (N 15,5) | 22.355 | 22.821 | 23.286 |
| Bórkalksaltpétur (N 15,4) [1) 2)] | 23.448 | 23.936 | 24.425 |
| CalciNit™ (f.gróðurhús) [3] | 37.161 | 37.935 | 38.709 |
| NP 25-6 (25-14) | 26.742 | 27.305 | 27.868 |
| NPK 25-2-6 | 27.880 | 28.461 | 29.042 |
| NPK 24-4-7 (24-9-8) | 26.916 | 27.477 | 28.038 |
| NPK 21-3-8 + Se [1] | 28.111 | 28.697 | 29.282 |
| NPK 21-4-10 | 28.524 | 29.118 | 29.713 |
| NPK 20-5-7 (20-12-8) | 27.120 | 27.684 | 28.249 |
| NPK 17-5-13 [2] | 28.304 | 28.894 | 29.483 |
| NPK 17-7-10 | 28.643 | 29.240 | 29.837 |
| NPK 11-5-18 [2]* | 32.396 | 33.071 | 33.746 |
| OPTI VEKST 6-5-20 [1) 2)]* | 44.880 | 45.815 | 46.750 |
| OPTI START™ NP 12-23 [4] | 45.158 | 46.099 | 47.040 |
| OPTI-P™ [1) 2)] | 23.757 | 24.252 | 24.747 |
| Mg-kalk - fíngert 0-2mm [1] | 12.281 | 12.537 | 12.793 |
| Mg-kalk - grófara 0,2-2mm [1] | 13.116 | 13.389 | 13.662 |
| Mg-kalk - kornað [1) 2)] | 27.878 | 28.459 | 29.040 |

*1) Í 600 kg sekkjum.*
*2) Einnig fáanlegur í 40 kg pokum á 8% hærra verð en í verðtöflu. 1000 kg á bretti.*
*3) Í 25 kg pokum, 1.225 kg á hverju bretti. Ef ekki heilt bretti þá 8% hærra verð 4) Í 30 kg pokum, 600 kg á bretti. *Klórsnauður, þ.e. inniheldur <2%Cl.*
*Áburðurinn er í 500 kg sekkjum nema annars sé getið.*

## Sölufulltrúar



**Suðurland**
Bergur Pálsson, Hólmahjáleigu
Sími 487-8591 og 894-0491
Netfang bergur@yara.is



**Snæfellsnes**
Brynjar Hildibrandsson, Bjarnarhöfn 2,
Sími 438-1582 og 893-1582
Netfang brynjar@yara.is



**Strandasýsla**
Sigrún Magnúsdóttir, Þambárvöllum 2
Sími 451-3364, 853-9964 og 893-9964
Netfang sigrunma@yara.is



**S.-Þingeyjarsýsla, Kelduhverfi og Öxarfjörður**
Ragnar Þorsteinsson, Sýrnesi
Sími 464-3592 og 847-6325
Netfang ragnar@yara.is



**Suðurland**
Brynjar S. Sigurðsson, Heiði
Sími 486-8710 og 898-1594
Netfang brynjarsig@yara.is



**Dalabyggð**
Jónas Guðjónsson, Hömrum
Sími 434-1356
Netfang jonas@yara.is



**Húnavatnssýslur**
Birgir Líndal Ingþórsson, Uppsölum
Sími 452-4995 og 691-4995
Netfang birgir@yara.is



**Þistilfjörður, Langanesströnd og Vopnafjörður**
Halldór Georgsson, Síreksstöðum
Sími 473-1458, 893-5058 og 855-1458
Netfang halldorg@yara.is



**Kjalarnesþing og Borgarfjörður sunnanverður (að Lundarhálsi)**
Brynjólfur Ottesen, Ytra-Hólmi 1
Sími 431-1338 og 898-1359,
Netfang brilli@yara.is



**Reykhólahreppur og Saurbær**
Hafliði Viðar Ólafsson, Garpsdal
Sími 434-7799 og 892-4912
Netfang vidar@yara.is.



**Skagafjörður**
Sigríður Sveinsdóttir, Goðdölum
Sími 453-8001, 691-2619 og 852-1283
Netfang sigridurs@yara.is



**Hérað, Firðir og Breiðdalur**
Helgi Rúnar Elísson, Hallfreðarstöðum 2
Sími 471-3052, 860-2729 og 854-1985
Netfang helgir@yara.is



**Mýrasýsla og Borgarfjörður norðanverður**
Magnús Þór Eggertsson, Ásgarði
Sími 435-1164, 898-8164 og 694-2264
Netfang magnuse@yara.is



**Ísafjarðarsýslur**
Ásvaldur Magnússon, Tröð
Sími 456-7783 og 868-8456
Netfang asvaldur@yara.is



**Eyjafjörður**
Arnar Árnason, Hranastöðum
Sími 463-1514 og 863-2513
Netfang arnar@yara.is



**A.-Skaftafellssýsla, Djúpavogshreppur og Norðfjörður**
Bjarni Hákonarson, Dilksnesi
Sími 478-1920 og 894-0666
Netfang bjarniha@yara.is

Sláturfélag Suðurlands svf. ▪ Fosshálsi 1 ▪ IS-110 Reykjavík · Sími: 575 6000 ▪ Fax: 575 6090 ▪ www.yara.is



Dömuúr kr. 13.600 D&G



Herraúr kr. 24.400 D&G



Herraúr kr. 16.200 D&G

# Leðurólar og gamaldags útlit

***Fallegt armbandsúr stendur alltaf fyrir sínu sem flottur fylgihlutur fyrir utan að segja manni hvað tímanum líður.***



Dömuúr kr. 28.000 D&G

Úratískan er mjög fjölbreytt og sífellt fleiri merki bætast við úraflóruna sem þó er ágæt fyrir. Hátískumerkin keppast við að auka vöruúrval sitt og það nýjasta í versluninni Meba-Rhodium er úr frá D&G. Þessi úr eru flott og sum fremur óhefðbundin í útliti og á ágætu verði. Leðurólar eru að sækja í sig veðrið en stálkeðjur á úrum hafa verið mest áberandi undanfarin ár. Gamaldags útlit er líka eftirsóknarvert, herraúr með gylltri skífu og brúnni leðuról er mjög fallegt og eftirspurn eftir fínlegum kvenlegum úrum er einnig að aukast. En sem fyrr segir er úrvalið fjölbreytt og það er alltaf eitthvað til fyrir alla.



Dömuúr kr. 21.900 D&G



Herraúr. kr. 7.400
Kenneth Cole, Reaction



Dömuúr kr. 6.300
Kenneth Cole, Reaction



Bleikt dömuúr. kr. 9500
Kenneth Cole, Reaction



Herraúr kr. 9.500
Kenneth Cole



Herraúr kr. 11.500
Kenneth Cole













## Óskast keypt




Óskum eftir vel með farinni matarlínu og ýmsu fyrir eldhús. Uppl. í s. 866 4664.

## Heimilistæki

Góð Rainbow ryksuga m.teppahreinsara til sölu. Ný snúra. 70.000 kr. S. 862 2930

Notaður Siemens örbylgjuofn fyrir 19 lítra, 4000 kr. Uppl. í s. 554 6286 Tómas.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 (Friðrik). Frá kl 8-23.

**KÍKTU Á ÞETTA !!!**
Frí ástandskoðun- Frí 30daga vírusvörn- Frí Rykhreinsun. Notaðar og nýjar tölvur- leitið tilboða.. Sækjum og sendum innan höfuborgasvæðisins. BMS-Tölvulausnir 565 7080, www.bms.is

**Tölvuviðgerðir frá 1500 kr.**
Heimaþjónusta í hæsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri vírusvörn. Miðnet, s. 694 6161.

## Til bygginga







**Steinull**
Til sölu úrvals steinull, margar gerðir. Gott verð. Uppl. S. 898 5500.

Hækkunarstykki fyrir Liebherr 50K-63K krana. Útvegum einnig nýja og notaða byggingarkrana, www.mot.is Mót ehf. s:544 4490

## Verslun




www.rum.is frábær fermingartilboð, Amerísk fermingarrúm frá 29.900 kr. Snorrabraut 56 & Glerárgötu 34 Akureyri, s. 551 5200 & 461 5300




**100% Verðvernd!!!!**
Venus erotic store. Vorum að fá nýjar 10 og 12 tíma 2ja diska DVD, verð 3.990. Allar spólur 1990. 3 á 5.000. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.




**Kr. 5.990**
Opið 10.00-18.00 þriðjud.- föstud. Praxis S 568 2878 - 691 0808 Síðumúla 13, 108 R. www.praxis.is praxis@praxis.is




Konur athugið Vibrafem fullnægingarkremið er komið til okkar, 30 ml túpa sem dugar í yfir 50 skipti á aðeins 2990 kr. Pantanir í síma 552-2525 eða á www.venus6.is umboðsaðili Venus Erotic store Freyjugötu 1, 101 Reykjavík. Sendum í póstkröfu um land allt.



Vorútsalan er hafin. 40-70% afsláttur. Opið frá 10-18 virka daga og 11-14 laugardaga. H-Gallerí Grænatúni 1, Kóp. S. 554 5800.

## Ýmislegt



**Gegnheilt plankaparket á verksmiðjuverði.**
Höfum nýhafið framleiðslu á gegnheilu hágæða plankaparketi úr amerískum harðviði. Eigum fyrirliggjandi á sérstöku kynningarverði eftirfarandi tegundir: Hvít amerísk eik - natur. Hlynur- prime Kirsuber-prime og nature. Hnota-prime Sýnishorn á staðnum.
Geoplank ehf. Seljubót 7, 240
**Fyrstir koma fyrstir fá. Allar upplýsingar í síma 426 7800.**

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Nostra - Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur heimilisþrif, flutningaþrif, teppahreinsanir, stigagangar og fyrirtæki. Ellý s. 898 9930, einnig er hægt að senda fyrirspurnir á nostra@nostra.is

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru s. 699 3301.

## Garðyrkja




Trjáklippingar, garðsláttur, garðaúðun og önnur garðvinna... Nú er tíminn til að klippa og fá tilboð í garðslátt sumarsins! Garðar best, ánægðir viðskiptavinir frá 1988.




Garðsláttur, trjáklippingar, garðaúðun, beðahreinsun o.fl. Hér færðu alla viðhaldsþjónustu á einum stað fyrir garðinn. Garðlist 554-1989 www.gardlist.is .

**Trjáklippingar - garðyrkja.**
Klippi tré og runna og felli tré. Fljót og góð þjónusta. Látið fagmann vinna verkin.
**Jóhannes garðyrkjumeistari, s. 849 3581.**

**Túnþökusala**
Túnþökur til sölu. Gerum tilboð í minni og stærri verk. Steini.s. 663 6666/663 7666

Snyrtum og klippum tré og runna. Berum á húsdýraáburð og fellum tré. S. 616 1569.

**Sláttuverk**
Garðsláttur og öll almenn garðvinna. Mikil reynsla. Uppl. í s. 695 4864.

Klippi runna, limgerði og felli tré. Önnur garðverk. Garðaþjónusta Hafþórs. S. 897 7279.

Trjáklippingar. Klippi og grisja garða, tugára reynsla. Sanngjörn þjónusta. Uppl. í s. 698 7991. Gunnar, garðyrkjumaður.

## Bókhald

**FAGBÓK ehf. Bókhaldsstofa.**
- Bókhald/Ársreikningar - Skattframtöl fyrir lögaðila/einstaklinga - Stofnun félaga - Vsk.uppgjör - Launaútreikning ofl.
**Persónuleg þjónusta á góðu verði. Þverholti 3, 270 Mosfellsbæ, sími 566 5050. GSM 894 5050, 894 5055.**

Bókhald-skattframtöl-stofnun hlutafélaga KJARNI ehf sími 561 1212 GSM 891 7349.

## Ráðgjöf

KAFLASKIPTI ehf

**Alhliða fjármála- og rekstrarráðgjöf- Skattskil og bókhaldsþjónusta. Sími 517 1030 OG 822 9670.**
Endurskipulagning fjármála, fjármálaráðgjöf, samningar við lögmenn, banka og aðra kröfuhafa. Stofnun einkahlutafélaga, bókhaldsþjónusta og skattskil. Geymið auglýsinguna.
**Kaflaskipti ehf. - Skipholti 5 - Sími 517 1030 og 822 9670 kaflaskipti@rsg.is**

## Málarar

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 869 3934.

## Meindýraeyðing




Öll meindýraeyðing fyrir heimili, húsfélög. S. 822 3710.




Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mýs o.fl. S. 898 2801.

## Búslóðaflutningar




Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald




**Húsaviðgerðir**
Tökum að okkur málningar og viðgerðir inni sem úti. Múr, tré og blikk. Vanir menn og vönduð vinna. Uppl. í s. 867 4167.

**Móðuhreinsun glerja & háþrýstiþvottur!**
Er komin móða eða raki á milli glerja? Háþrýstiþvottur húseigna. Móðuhreinsun, Ólafur í s. 860 1180.

## Stífluþjónusta







## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

Jeppakerrur
**Víkurvagnar**

Nýjar skrifstofuvörur frá Esprit í verslun Odda Borgartúni 29.
**Oddi.**

Loftpressur.
Eigð'ana eða leigð'ana.
**Sindri.**

Mark skrifstofustólar á tilboðsverði.
**Á.Guðmundsson, Bæjarlind Kópavogi.**

Loftræstiviftur – borðviftur
**Fálkinn**

Legur í bíla
**Fálkinn**

Góðan daginn, góðan daginn.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Slökkvitæki, slökkvitækjaþjónusta.
**Eldvarnamiðstöðin, Sundaborg.**

Ódýr heimilismatur í hádeginu, súpa og salatbar.
**Gaflinn Hafnarfirði.**

Cockteilsósa með frönskunum.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

E-korthafar athugið!
20% afsláttur af dömu- og herrafatnaði frá Maine í Debenhams í apríl.
**ekort.is.**

Draumleikur, uppselt í kvöld.
Aukasýningar í maí.
**Borgarleikhúsið.**

Heildarlausnir í skrifstofuhúsgögnum.
**Á. Guðmundsson, Bæjarlind, Kópavogi**

Hemlahlutir í bíla
**Fálkinn**

Lífið er dásamlegt.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Terrorismi í kvöld.
**Borgarleikhúsið.**

GP Alkaline rafhlöður á góðu verði.
**Rafhlöðubúðin Rafborg.**

Svik, aukasýning í kvöld.
**Borgarleikhúsið.**

Yfirhafnir frá 9900 krónur
**Herrafataverslun Birgis**

Fullt af nýjum vörum
**Herrafataverslun Birgis**

Héri Hérason, ósvikinn farsi, föstudagskvöld.
**Borgarleikhúsið.**

Híbýli vindanna, laugardagskvöld, fáar sýningar eftir.
**Borgarleikhúsið.**

Stuttfrakkar frá 11900 krónum
**Herrafataverslun Birgis**

Stakar buxur frá 4900 krónum
**Herrafataverslun Birgis**

Flex -T vinnustóðvar á 30.prósenta kynningartilboði.
**Á .Guðmundsson, Bæjarlind, Kópavogi**

Dráttarbeisli
**Víkurvagnar**

Cockteilsósa og franskar kartöflur.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Hefurðu spurningar um hryggikt, lúpus aðra gigtarsjúkdóma?
Gigtarlína Gigtarfélagsins, opin milli 14 og 16 í dag og mánudag,
**sími 530-3606.**

Hleðslutæki.
**Rafhlöðubúðin Rafborg.**

E-korthafar athugið!
15% afsláttur af stuttermabolum í Topman í apríl.
**ekort.is.**

Stafrænar myndavélar frá Sony á tilboði í verslun Odda Borgartúni 29.
**Oddi.**

Stakir Jakkar frá 14.900 krónum.
**Herrafataverslun Birgis**

Samtengjanlegir þráðlausir reykskynjarar.
**Eldavarnarmiðstöðin, Sundaborg.**

Cockteilsósa, Cockteilsósa.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Ný verslun með skrifstofuvörur hefur opnað í Borgartúni 29.
**Oddi.**

Símarafhlöður.
**Rafhlöðubúðin Rafborg.**

Skyrtur frá 2900 krónum
**Herrafataverslun Birgis**

Jakkaföt frá 19.900 krónum
**Herrafataverslun Birgis**

Njótið lífsins.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Mjólkurhristingur með kaffibragði, nammi nammi namm.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

## Tölvur

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 ( Friðrik). Milli kl 8-23 alla daga.

Er vírus í tölvunni eða er hún biluð? Mæti á staðinn. Þekking og reynsla í 20 ár. S. 696 3436. www.togg.biz

Tölvuvandamál? Kem á staðinn. Viðurk. af Microsoft. Mikil reynsla. Ríkharður s. 898 0690, til kl. 23 alla daga.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Er þráðlausa netið hjá þér öruggt? Tölvan hægvirk eða endist rafhlaðan illa á fartölvunni? Láttu okkur kíkja á málið. S. 821 6900, www.fartolvan.is

## Snyrting

**Flottar neglur.**
Gott verð. Opið 10-18. Tímapantanir í S. 869-8964.

## Spádómar

SPÁMIÐILL
LÆKNAMIÐILL-HEILUN
TEK FÓLK Í EINKATÍMA
905-7010 697-8602

Nympha-dora
Tarot-lestur og kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211 904 1414

Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. S. 908 6040. Frá kl. 13 til 01.

**Alspá 908-6440**
Draumar, skyggni. Fyrirb. Fyrri líf. Finn týnda muni. 10-22. Y.Carlsson.

Spásíminn s. 908 5666. Ársspá 2005. Stjörnuspá, draumráðningar (ást og peningar), andleg hjálp. Trúnaður.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Spásíminn 902-5052. Spái í spil og Tarot spil. Opið frá kl. 20 - 23 Björk.

908 6116 er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

Kristjana spámiðill tekur fólk í einkatíma. Þeir sem til mín vilja leita pantið tíma í s. 554 5266 & 695 4303.

## Rafvirkjun




RAFLAGNIR OG DYRASÍMAR
Raflagnir og dyrasímaþjónusta
Endurnýjum í eldri húsum
Töfluskipti
Tilboð
RAFNEISTI
Löggiltur rafverktaki
Sími 896 6025

Rafengi Hf. Raflagnaþjónusta. Endurnýjun og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. S. 663 7789.

## Viðgerðir




Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554-0661. www.velaverkjs.is

Loftnetsuppsetningar og -viðgerðir. Einnig innanhúsviðgerðir. Vönduð vinna. Loftnetsþjónustan Signal. S. 898 6709.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Glæný! Skoðaðu arangur.is Þökkum frábærar viðtökur. Lífsstílsráðgjöf s. 586 8786.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Nudd gegn vöðvabólgu og streitu. Býð einnig upp á heilun. Lárus, nuddstofa, 698 0872.

## Snyrting




**Thalasso therapy.**
"Eykur jafnvægi líkama og sálar". Orkugefandi, vökvalosandi og grennandi. Greifynjan snyrtistofa sími 587-9310. Hraunbæ 102. opið frá kl 9-20.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla



Viltu upplifa ævintýri? Að sigla er ævintýri. Siglinganámskeið sumarsins ehefjast 18 maí, skráning er hafinn! Siglingaskólinn, s. 898 0599 & 588 3092

# HEIMILIÐ

## Antík

Til sölu danskur antík sófi. Uppl. í s. 421 3123 & 899 2149.

## Heimilistæki

100 l frystikista til sölu. 12 þús. S. 554 4624.

## Gefins

Eldhúsinnrétting fæst gefins gegn því að vera sótt, tæki innifalin. Uppl. í s 568 5057 eða 823 8419

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Barnavörur



Erum að taka upp mikið úrval af Diesel fatnaði á börn og unglinga! Athugið nýtt kortatímabil. Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3 & Firði Hafnarfirði. Sími 555 6688.



HREINGERNINGARDAGAR Í BARNAHEIM ALLT Á AÐ SELJAST 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM DISEL LEGO SKÓM RÚM OG KERRUM BARNAHEIMUR SÍÐURMÚLA 22

## Dýrahald

**NUTRO - 30 % afsláttur!**
Þurrfóður fyrir hunda og ketti í hæsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Úllen, Dúllen,Doff og Kikkelanekoff eru 2ja mánaða kettlingar sem fást gefins. S. 5613395, 5529260

Læða og fress fást gefins á gott heimili, vegna flutninga uppl. í s:896-7830

6 ára hundur springer spaniel wamreimer vantar gott heimili , helst í sveit! Uppl. í síma 848 1476.

## Ýmislegt



Rafhitaðir heitir pottar frá Beachcomber. Eigum potta hlaðna auka hlutum til afgreiðslu samdægurs. Er nú á frábæru vortilboði. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. opið alla daga frá 9 til 9. Allar nánari uppl. í 897 2902 mvehf@hive.is

Til sölu stór eldhúsinnrétting úr eik, nýleg uppþvottavél, keramik helluborð, 9 innihurðir og hillusamstæða úr beyki. S. 565 2114 eftir kl. 16.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Gisting og bílar. Hótelíbúðir frá kr. 5500, bílaleigubílar 2500. Hótel Atlantis Grensásvegi 14. S. 588 0000.

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is



**Lax og Silungsveiði!**
Fjölbreytt úrval lax og silungsveiðileyfa. Veiðiþjónustan Strengir. www.strengir.is ellidason@strengir.is S. 567 5204 og 660 6890.




www.sportvorugerdin.is







allt

Allt um mat
á föstudögum í Fréttablaðinu.

## Ýmislegt




Getum útvegað Trampolin 4.26 m og 4.57m.afgr. tími ca 2 vikur. 899-2830

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Íbúðir á Spáni**
Ódýrar íbúðir til leigu á Spáni. Torrevieja svæðið. Fyrstur kemur, fyrstur fær. Uppl. í síma 0034617559726 Unnur/Halldór

Room for rent 107 REY, separate entry, WC, no smoking. Sími 691 1922.

Til leigu 2ja herb. íbúð í nýlegri blokk í Hlíðarhjalla í Kóp. Laus strax, langtímaleiga. S. 897 8450.

4ra herb. íbúð í austurbæ Kóp. til leigu frá og með júní. 90 þ. á mán. Uppl. í s. 695 4261.

Tveggja herb. íbúð til sölu. 66 Fm í Reykjavík. Uppl. í síma 456 4832.

2ja Herbergja einstaklings íbúð í Seljahverfi frá 1.maj sér inngangur reyklausthús Reglusemi krafist ekki Gæludýr uppl í S:5573336

## Húsnæði óskast

Vantar ykkur meðleigjanda?Er 27 ára kvk í leit að herb. miðsv.Rvk frá 1.júní. Svar óskast á whereismaren@yahoo.com

Reglusöm 4 manna fjölsk. Óska eftir 3 - 4 herb. íbúð helst í Grafarvoginum. Uppl. í s. 848 1590.

Íþróttafélagið Gerpla leitar að um 100 fm 3-4 herbergja íbúð í Kópavogi fyrir danska fjölskyldu með tvö börn, helst með aðgang að garði. Tímabil: 1.júní 2005-1.júní 2006. Áhugasamir hafi samband í síma 894-6006 eða með tölvupósti kf.dk@simnet.is

Óska eftir 3-4 herb. íbúð á sv. 112 eða 201. Uppl. í s. 693 4929.

20 ára kvk óskar eftir herbergi/íbúð í höfuðborginni sem allra fyrst. Skilvísi heitið. S: 697 7486

25 ára kk óskar eftir herbergi, lítilli íbúð eða sem meðleigjandi, helst á 101. Uppl. í s. 869 6761.

Óska eftir góðri 3ja herb. íbúð í Vesturbæ eða Seltjarnarnesi sem allra fyrst. Einnig kemur til greina stærra húsnæði sem skiptist í 2 íbúðir. Reglus. og skilvísum gr. heitið. Uppl. í s. 847 5722.

Bandar. handritshöf. vantar íbúð/herbergi sem fyrst. Greiðslug. 35.000. S. 845 6634, Móði.

Góðan dag ég heiti Gulli og ég er 5 ára prúður köttur. Mig og mömmu vantar 2ja -3ja herbergja íbúð til langtímaleigu. 3ja mánaða bankatrygging og meðmæli. Æskileg staðsetning í Hafnarfirði, Garðabæ eða Kópavogi. Uppl. í s. 695 1095.

## Fasteignir

Til sölu lítið hús á besta stað á Akureyri, húsið þarfnast viðhalds, verð 6,5 milj. Uppl. í síma 895 7995 Óskar.

## Sumarbústaðir



**Nú er rétti tíminn !**
Vönduð bjalkahus 23 fm og 37 fm ásamt 10-15 fm lofti til sölu. Altækni s/f 461 1111 og 869 9007 Nánari uppl. www.bjalkahus.com

Til sölu 50 L Simens rafmagnshitakútur sem nýr. Uppl. í s. 421 1578 & 896 1578.

Til sölu notaðar Moelven einingar. Henta vel í sumarbústaði, vinnubúðir, veiðihús ofl. Upplýsingar gefur Jón í síma 896 1415.

## Atvinnuhúsnæði

**Atvinnueign.is**
Þarftu að leigja eða taka á leigu atvinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigulista Atvinnueignar þér að kostnaðar lausu. www.atvinnueign.is s:568-6600

**Skrifstofu og Atvinnuhúsnæði.**
Á annarri hæð við Ármúla. 3ja herb. 104m og salur 150m (kaffiaðstaða). Uppl. í s. 553 1708 & 892 2392

Til leigu ca150 fm efri hæð gæti nýst sem íbúð eða undir léttan iðnað. Staðsett í Mosfellsbæ. sími 691-1603

## Geymsluhúsnæði




# ATVINNA

## Atvinna í boði

**10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu.**
Sérstaklega verið að leita af starfsfólki í hlutastarf. Unnið er á vöktum. Umsækjendur þurfa að vera þjónustulundaðir, áreiðanlegir, vinnusamir og góðir í mannlegum samskiptum. Einnig verða umsækjendur að vera fæddir '87 eða fyrr.
**Áhugasamir geta sett inn umsókn á vefslóðinni www.10-11.is eða fyllt út umsóknareyðublöð í verslununum sjálfum.**

**Shell stöðvarnar.**
Óskum eftir duglegum og þjónustulunduðum einstaklingum 18 ára og eldri til afgreiðslu á Shell stöðvarnar í vaktavinnu og eins í hlutastörf á kvöldin og um helgar.
**Hægt er að sækja um á heimasíðu 10-11. www.10-11.is eða senda umsóknir á sat@10-11.is**

**Spennandi tækifæri fyrir þig!**
**Enginn áhætta, enginn útlagður kostnaður, einungis ávinningur!**
Vantar þig aukapening?
Finnst þér gaman að hitta fólk?
Hefur þú gaman af fallegri hönnun og flottum fötum? Við erum að leita að nokkrum duglegum konum sem vilja starfa með okkur. Í boði eru góð árangurstengd laun, frábær félagsskapur og ENGINN útlagður kostnaður
**Allar nánari upplýsingar gefur Anna Bára í síma 565 3900 milli 10 og 16 alla virka daga, einnig er hægt að senda tölvupóst á anna@clamal.is**

**ALEFLI BYGGINGAVERKTAKAR**
Óskum eftir að ráða smiði, verkamenn og nema til vinnu. Næg verkefni framundan. Upplýsingar gefur Magnús í síma 660 4472.

**Framtíðarstarf og sumarafleysingar**
AÐFÖNG óska eftir starfsmönnum í lagerstörf.Um er að ræða framtíðarstörf og einnig í sumarafleysingar.Við bjóðum upp á góða tekjumöguleika, góða vinnuaðstöðu og mötuneyti er á staðnum. Leitað er að kraftmiklum og áreiðanlegum einstaklingum sem eru eldri en 18 ára og vilja framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.
**Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík.Upplýsingar gefur Ríkarð í síma 693-5602**

**HEGGUR innréttingar**
vantar góða smiði í inni og útivinnu, einnig vanan smið á verkstæði.
**Uppl. gefur Sæmundur 893 1424 & Gylfi 862 1524.**

**Bifreiðasmiður**
Bílamálun Sigursveins óskar eftir bifreiðasmið til starfa
**Upplýsingar gefur Jón í s. 568 5360 & 892 5712.**

**atvinna o.fl.**

# Ertu að leita að góðum starfsmanni?

## Hvar ætlar þú að auglýsa?

Á sunnudögum fylgja bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð sem fjalla um atvinnumál og eru atvinnuauglýsingar helsta efni þeirra. Bæði blöðin eru svokölluð innblöð, þ.e. þau eru í miðju aðalblaðanna þannig að lesendur þeirra rekast á atvinnublöðin og ákveða þá hvort þeir skoða þau eða ekki.

**LESTUR: DÆMI ÚR NÝRRI GALLUP KÖNNUN ***

| | 20-40 ára |
|---|---|
| Sunnudagsblað Fréttablaðsins | 64,0% |
| Sunnudagsblað Morgunblaðsins | 40,1% |
| *Styrkur Fbl. umfram Mbl.* | *46,0%* |

*Upplýsingarnar í þessari auglýsingu eru fengnar úr nýafstaðinni fjölmiðlakönnun Gallup í mars sl. Tekið er tillit til frídreifingar Morgunblaðsins.

**Tæplega helmingi fleiri Íslendingar á aldrinum 20-40 ára lesa sunnudagsblað Fréttablaðsins fram yfir Morgunblaðið. 60% Íslendinga á sama aldri *fletta ekki* sunnudagsblaði Morgunblaðsins, sem getur varla hljómað vel fyrir fyrirtæki í leit að góðum starfsmönnum.**

**allt**
- markvissar auglýsingar -




# Bílstjórar óskast í sumarafleysingar

## Bílstjórar

Samskip hf. óska eftir dugmiklum starfsmönnum til Landflutninga-Samskipa. Um er að ræða stöður bílstjóra í vaktavinnu á akstursleiðum um landið frá Akureyri.

Umsækjendur skulu hafa lokið meiraprófi og eru ADR-réttindi æskileg en ekki skilyrði.

Skilyrði er að umsækjendur hafi reynslu af akstri, hafi góða hæfni til mannlegra samskipta og er gerð krafa um reglusemi og góða ástundun.

**Áhugasamir**, vinsamlegast fyllið út umsókn á vef Samskipa, **www.samskip.is**, fyrir 5. maí 2005. Allar nánari upplýsingar veitir Jóhannes Árnason, akstursstjóri á Akureyri, í síma 858 8940.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

**Samskip hf.** eru ört vaxandi flutningafyrirtæki sem býður viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum. Samskip starfrækja skrifstofur og dótturfélög beggja vegna Atlantshafsins og starfa þannig á alþjóðlegum flutningamarkaði.

Hjá fyrirtækinu starfa nú tæplega 1200 manns á 45 skrifstofum í 19 löndum. Markmið Samskipa er að vera í fararbroddi í uppbyggingu og þróun flutningastarfsemi og veita viðskiptavinum sínum bestu mögulegu þjónustu og ráðgjöf.

Tökum það með trukki

Landflutningar SAMSKIP

ARGUS / 05-0264

### Starfsmenn óskast.

Okkur vantar góða sölumenn. Viðkomandi þarf að geta byrjað strax. Erum með mörg fjölbreytt og skemmtileg verkefni framundan.
**Hafið samband í síma 575-1500 og leggið inn umsókn. Skúlason ehf. Laugavegi 26. S. 575 1500 www.skulason.is**

---

Viltu aukatekjur 25 þús+? og vinna með góðu fólki? Hafðu þá samband. Fanney s. 698-7204.

---

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

---

Rizzo Pizzeria, Rizzo Pizzeria. Vantar þig vinnu? Okkur vantar fólk! uppl. í Hraunbæ 121.

---

MEÐFERÐARHEIMILIÐ Í KRÝSUVÍK óskar að ráða matráð í sumarafleysingar, júní, júlí, og ágúst.- Einnig vantar afleysingar um helgar í maí. Upplýsingar í síma 565 5612

---

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakaríi í Kópavogi bæði fyrir og eftir hádegi, einnig aðra hvora helgi. Ekki undir 20 ára, helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

---

### Pizza Höllin í Mjódd

óskar eftir bílstjóra í kvöld- og helgarvinnu. Umsóknareyðublöð liggja á staðnum.

---

Vegna mikilla anna vantar duglega einstaklinga sem vilja miklar tekjur. Upplýsingar veitir Hjörtur á milli kl 16-19 í 5678914

---

Starfsfólk óskast. Harðduglegir lagermenn óskast til starfa strax. Vaktavinnadagvinna góð laun fyrir gott fólk. Uppl gefur lagerstjóri í s. 820 9220 Bananar ehf. Súðavogi 2 F

---

LAUST starf: Færsla bókh., afstem., framtalsgerð og fl. FJÁRHÚS ehf s: 534-0040

---

### Pítan Skipholti 50c.

Óskar eftir starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. Bæði í eldhús og sal. Góð laun í boði. Framtíðarstarf. Umsóknar eyðublöð á staðnum eða á pitan.is.

---

Óska eftir vönu fólki í málnigarvinnu. Uppl. í s. 869 3934.

---

### Atvinna-Vesturbær

Starfskraftur óskast til léttra starfa. Ekki unnið á laugardögum. Hraði, fatahreinsun, Ægissíðu 115. S. 552 4900.

---

### Grunnskóli Seltjarnarnes

Valhúsaskóli. Skólaliði óskast til starfa við Valhúsaskóla nú þegar. Upplýsingar veitir Þröstur Leifsson s. 822 9125.

---

### Aukavinna-uppgrip

Okkur vantar duglegt símasölufólk á öllum aldri 2-3 kvöld í viku. Uppl. í s. 511 4501 Ístal ehf.

---

Skalli Vesturlandsvegi óskar eftir starfsfólki. Uppl. á staðnum í dag.

---

### Domino's Pizza REYKJANESBÆ

Domino's Pizza óskar eftir röskum og duglegum starfsmanni í hlutastarf. Umsækjendur þurfa að vera 18. ára eða eldri. Áhugasamir sæki um á Heimasíðu Domino's Pizza, www.dominos.is.

---

Óskum eftir fólki til starfa við ræstingar í hlutastörf á sv. 105. Einnig leitum við að fólki á skrá fyrir önnur ræstingarströf og sérverkefni víðsvegar um Reykjavík. Nánri uppl. veitir Shery í síma 693 1516 eða sherry@hreinleiki.is

---

Örður óskar eftir vönum vélamönnum. Uppl. gefur Bragi í s. 691 1559

---

Aðstoðarmaður óskast í bakarí í Breiðholti. Uppl. í s. 893 7370 & 820 7370.

---

### Hefur þú áhuga?

Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Vaktavinna. Nánari uppl. á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1.

---

### Veitingahúsið Hornið

óskar eftir að ráða þjón og pizzubakara í hálft starf, þarf að geta byrjað strax. Uppl. gefur Tanja í s. 869 7568.

---

Óskum eftir hressu og duglegu starfsfólki, vinnutími kl. 12-16 eða 18-22. Uppl. í s. 896 3536.

---

Sumarstarf/Hlutastarf. Röskur áreiðanlegur starfskraftur óskast í lager og afgreiðslustörf. Tilvalið með skóla. S. 897 5080.

---

Starfsfólk óskast á næturvaktir um helgar í ísbúðina á Ingólfstorgi. Uppl. í s. 896 0360.

---

### Ormsson-Hjólbarðar

Óskum eftir að ráða laghent og hresst starfsfólk í hjólbarðardeild okkar að Lágmúla 9 Rvk. Uppl í s. 530 2842.

---

Okkur vantar fólk í gestamóttöku og í herbergisþrif. Upplýsingar í síma 568 0777.

---

### Hraðbinding ehf

Óska eftir að ráða vana járnamenn í vinnu, næg verkefni framundan. S. 868 3101.

---

### Ræsting/Matráður

Óskum eftir að ráða nú þegar starfskraft til að sjá um ræstingar og matseld í 50% starf. Vaktavinna, unnið í viku, frí í viku. Íslenskukunnátta skilyrði. Einnig óskum við eftir starfskrafti í ræstingu á sv. 105 eftir kl. 16. Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.

---

### Hreingerning/gólfbónun

Vantar nú þegar starfskraft við gólfbónun og hreingerningar. Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.

---

Vantar ábyggilegan starfskraft í söluturn. Heilsdags, hálfsdags, hlutavinna og helgarvinna í boði. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 4600.

---

Veitingahúsið Kína Húsið Lækjargötu 8 óskar eftir starfsfólki í sal. Dagvinna/hlutastörf. Upplýsingar á staðnum.

---

Vantar starfsfólk í málningarvinnu. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Uppl. í s. 869 2360.

---

Vant starfsfólk óskast. Hvað hentar þér. Steypusögun, kjarnaborun, múrbrot, hellulagnir, gröfuvinna, vörubílaakstur og ýmis verktakavinna. Mikil vinna framundan. Uppl. í s. 693 7700.

---

BS verktakar óska eftir að ráða hörkuduglegan starfskraft strax! Mikil vinna uppl. í s.: 898-9993

---

### Ræstingar og þvottahús

Óska eftir duglegum og skipulögðum einstaklingi til ræstingar og í þvottahús. Vinnutími 9-17 virka daga. Einnig í hálfa stöðu við ræstingar vinnutími frá 14-18. Þarf að geta hafið störf nú þegar. Uppl. í s.: 897-5470 / www.bakarameistarinn.is

---

### Meirarprófsbílstjóri

Óskum eftir að ráða bílstjóra á vörubíl með krana. Uppl. í síma: 664-5075

## Atvinna óskast

Óska eftir framtíðarstarfi hjá rafverktaka. Er að læra rafvirkjun. Uppl. í s. 896 0197.

---

Trésmiður óskar eftir góðri atvinnu (ekki mót). Uppl. í s. 848 8707 e. kl. 16.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál




FÉLAG ELDRI BORGARA
F·E·B

# Almennur félagsfundur Félags eldri borgara í Reykjavík verður á Grand Hótel þriðjudaginn 3. maí n.k. kl. 13.30 – 16.30.

**Dagskrá:**

**Ávarp – Jón Kristjánsson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.**

**Ný stefna í málefnum eldri borgara**
– Margrét Margeirsdóttir formaður FEB.

**Hugleiðing um aldraða og almannatryggingar**
– Jón Sæmundur Sigurjónsson skrifstofustjóri í heilbrigðisráðuneytinu.

**Kaffihlé**

**Kórsöngur – Karlakórinn Eldri Fóstbræður.**

**Valkostir í búsetumálum eldri borgara – Kynning í máli og myndum:**

**Þjónustu- og öryggisíbúðir**
– Lára Björnsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

**Sambýli**
– Aðalsteinn Sigfússon félagsmálastjóri í Kópavogi.

**Hjúkrunarheimili**
– Anna Birna Jensdóttir forstjóri hjúkrunarheimilisins Sóltúns.

**Íbúðir í fjölbýlishúsum á vegum FEB**
– Stefanía Björnsdóttir framkvæmdastjóri FEB.

**Íbúða – og þjónustukjarnar**
– Sigríður Daníelsdóttir framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu Reykjaness.

Fundarstjóri – **Helgi Seljan** varaformaður FEB

**Athugið skráning fer fram á skrifstofu félagsins í síma 588-2111 fyrir 29. apríl n.k.**

Félagar fjölmennið og takið með ykkur gesti.

**Inngangseyrir: 1.400 kr. innifalið kaffihlaðborð.**

ÚTBOÐ

LANDSNET

# Útboð SUL-10

## Tengivirki Sultartanga •Byggingarvirki

Landsnet óskar eftir tilboðum í byggingarvinnu vegna stækkunar húss fyrir tengivirki við Sultartanga ásamt öllum innréttingum og breytingum á húskerfum og lögnum í fullbúnu húsi í samræmi við útboðsgögnum SUL-10.

**Helstu magntölur eru eftirfarandi:**

| | |
|---|---|
| Gröftur | 415 m3 |
| Fylling | 155 m3 |
| Steypumót | 980 m2 |
| Steypa | 171 m3 |
| Bendistál | 18.000 kg |

Útboðsgögn eru afhent á skrifstofu Landsnets, Krókhálsi 5c, 110 Reykjavík.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Landsnets, Krókhálsi 5c, 110 Reykjavík fyrir kl. 12:00 föstudaginn 6. maí 2005 og kl. 11:00 sama dag verða þau opnuð að Krókhálsi 5c, að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

# TIL LEIGU

Glæsilegt skrifstofuhúsnæði í Skógarhlíð allt að 320 fm.



Skrifstofuhúsnæði á 3. hæð fyrir allt að 20 vinnustöðvar í opnu og stúkuðu rými ásamt ljósritunaraðstöðu og snyrtingum Allar lagnatengingar fyrir tölvur og síma eru til staðar. Hlutdeild í mötuneyti og stórum fundarsal. Aðgangur að fundarherbergjum. Aðgangur að bílageymslu

**Nánari upplýsingar hjá ÞINGHOLTI**

ÞINGHOLT
Ella Lilja Sigursteinsdóttir
lögg. fasteignasali

BORGARTÚN 20 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 590 9500




Talstöðin
FM 90,9

**ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX**

Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

# Vantar þig aukavinnu?

**SÖLUFÓLK**

Óskum eftir öflugum sölumönnum í úthringiverkefni 2 - 4 kvöld í viku. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónus.

Nánari upplýsingar veitir Hrannar Arnarsson í síma 696 9043. Umsókni með ferilskrá sendist á hrannar.arnarsson@365.is

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

# vísir

## HEFUR SMÁAUGLÝSINGARNAR!




PANTAÐU SMÁAUGLÝSINGUNA Á VISIR.is OG HÚN BIRTIST Í EINA VIKU Á VÍSI OG Í 100.000 EINTÖKUM AF FRÉTTABLAÐINU FYRIR AÐEINS 995 KR.

HVORT SEM ÞÚ ERT AÐ LEITA EÐA ÞARFT AÐ AUGLÝSA ...
... ÞÁ FINNUR ÞÚ ÞAÐ Á VISIR.IS

vísir ...UM ALLT!

# Nýtt símanúmer

## hjá dreifingu:




# 550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT

# Íslensk fasteignafélög borga háa skatta

**Fasteignagjöld vega þungt.**

Skattbyrði fasteignafélaga er 68 prósent hagnaðar hér á landi og er það mun meira en í nágrannalöndum okkar. Meðal annars er tekið tillit til tekjuskatts, eignaskatts og fasteignagjalda.

Fasteignagjöld vega þungt og hafa þau aukist mikið í kjölfar hækkana á fasteignaverði. Fasteignagjöldin eru reiknuð út frá fasteignamati eigna. Fasteignamatið tekur mið af markaðsverði fasteigna og af hefur því hækkað mikið að undanförnu án þess að leigutekjur hafi aukist mikið.

Skattbyrði fasteignafélaga er minnst í Noregi eða 29 prósent af hagnaði. Í Bretlandi og Danmörku er 30 prósent hagnaðar á fasteignafélög. Frönsk fasteignafélög borga næstmest í skatta eða 51 prósent af hagnaði.

Þessar niðurstöður komu fram í könnun Deloitte á skattlagningu fyrirtækja í níu mismunandi löndum í samráði við skattahóp Samtaka atvinnulífsins. *- dh*



**ÍSLENSK FASTEIGNAFÉLÖG** Borga 68 prósent hagnaðar í skatta.

# Bakkavör spáð auknum hagnaði

Bakkavör birtir þriggja mánaða uppgjör í dag eftir lokun markaða. Áætlaður hagnaður félagsins er tæpar fjórar milljónir punda. Hagnaðurinn á fyrstu þremur mánuðum ársins 2004 var 2,2 milljónir punda og eykst því um tæp 70 prósent ef spár bankanna ganga eftir. Velta félagsins verður í kringum 40 milljón pund.

Hluthafar Geest hafa samþykkt kaup Bakkavarar á Geest og verða félögin sameinuð um miðjan maí. Þetta er því síðasta uppgjör Bakkavarar í núverandi mynd en velta næsta ársfjórðungs verður mun meiri. *- dh*



Ágúst Guðmundsson stjórnarformaður og Lýður Guðmundsson forstjóri.

**HAGNAÐARSPÁ Á FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGI** – í milljónum punda

| | |
|---|---|
| Íslandsbanki | 4,5 |
| Landsbanki | 3,6 |
| KB banki | 3,0 |
| **Meðaltal:** | **3,7** |



**FORSTJÓRI NÝHERJA** Þórður Sverrisson.

# Öll viðskiptavild afskrifuð

**Eigið fé lækkar um 17 milljónir vegna reglubreytinga.**

Viðskiptavild Nýherja, sem metin var á tæpar 45 milljónir króna í upphafi árs, var verðlaus í lok fyrsta ársfjórðungs. Skýrist það af upptöku nýrra reikningsskilastaðla. Þeim fylgir að viðskiptavild er metin af óháðum aðilum og afskrifuð í takt við þær niðurstöður. Þær 45 milljónir sem viðskiptavildin lækkaði um var gjaldfærð á fjórða ársfjórðungi síðasta árs og því hafa breytingarnar engin áhrif á afkomu ársins.

Viðskiptavildin varð til við kaup á dótturfélagi í árslok 2003 en í ljós hefur komið að virði þess var lægra en bókfært verð og lækkar eigið fé um 45 milljónir vegna þess.

Þróunarkostnaður sem hafði verið eignfærður var breytt í kostnað og lækkar eigið fé vegna þess um 36 milljónir. Á móti þessum niðurfærslum eru 52 milljónir sem var skattur sem ekki er talinn koma til greiðslu.

Eigið fé lækkar um 17 milljónir í heild vegna breytinga á reiknningsskilareglum. *- dh*








**HARPER LEE** (1926) á afmæli í dag.

*„Lestur er svipaður andardrættinum. Ég unni ekki lestri fyrr en ég fór að óttast að geta ekki lesið lengur.“*

***Hin bandaríska Nelle Harper Lee er með þekktari rithöfundum seinni tíma þrátt fyrir að hafa aðeins gefið út eina skáldsögu. To Kill a Mockingbird kom út árið 1960 og vann til Pulitzer-verðlauna árið eftir.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Uppreisnin á Bounty*

Þennan dag árið 1879 gerðu 25 skipverjar á Bounty uppreisn undir forystu Fletcher Christian stýrimanns. William Bligh skipstjóri og átján stuðningsmenn hans voru látnir sigla sinn sjó á opnum árabáti en komust á land eftir að hafa rekið á hafi í tæpa tvo mánuði. Christian setti stefnuna á eyjuna Tubuai sunnan Tahítí.

Skipið hafði látið úr höfn í Englandi rúmum tveimur árum fyrr og hélt til Vestur-Indía. Í október 1788 kom það til Tahítí og áhöfnin dvaldi þar í fimm mánuði og naut lystisemda lífsins.

Hinn 4. apríl 1789 lagði Bounty úr höfn og rúmum þremur vikum seinna náðu uppreisnarmenn skipinu á sitt vald. Þeir ætluðu að setjast að á Tubuai, en eftir að hafa hrökklast þaðan sigldu þeir norður til Tahítí. Sextán skipverjar ákváðu að verða eftir þar þrátt fyrir að eiga á hættu að vera handsamaðir af breskum yfirvöldum. Sú varð síðar raunin og þrír þeirra voru hengdir.

Christian, auk átta skipverja og tæplega tuttugu eyjarskeggja, þar af tólf kvenna, sigldu suður í Kyrrahaf. Í janúar árið 1790 námu þau land á hinni óbyggðu Pitcairn eyju, um þúsund mílur austur af Tahítí. Þrátt fyrir leit fundu Bretar Fletcher og föruneyti hans hvergi.



**NIÐJAR LANDNÁMSMANNA Á PITCAIRN**

Árið 1808 áðu bandarískir hvalveiðimenn á eyjunni og fundu þar eftirlifendur hópsins. John Adams var eini uppreisnarmaðurinn sem lifði enn. Honum var veitt sakaruppgjöf og bjó á Pitcairn eyju til dauðadags. Í dag búa um 40 manns á Pitcairn eyju og eru flestir afkomendur landnemanna.

## MERKISATBURÐIR

**1819** Tukthúsið í Reykjavík er gert að embættisbústað fyrir stiftamtmann. Þar er stjórnarráðshúsið nú.

**1923** Fyrsti knattspyrnuleikurinn fer fram á Wembley-leikvanginum.

**1938** Stefán Íslandi óperusöngvari kemur fram í fyrsta sinn í Konunglega leikhúsinu í Kaupmannahöfn.

**1945** Benito Mussolini er handsamaður og skotinn ásamt ástkonu sinni.

**1947** Thor Heyerdahl leggur af stað á Kon-Tiki flekanum frá Perú til Pólynesíu.

**1967** Muhammad Ali hunsar herkvaðningu og er sviptur meistaratitlinum í hnefaleikum.

**1969** Charles De Gaulle segir af sér sem forseti Frakklands.

## AFMÆLI



**Júlíus Brjánsson** leikari er 54 ára.

**Þórir Björn Kolbeinsson**, formaður Félags íslenskra heimilislækna, er fimmtugur.



**Margrét J. Pálmadóttir** kórstjóri er 49 ára.



**Gunnar Karlsson** myndlistarmaður er 47 ára.



**Andrés Magnússon,** auglýsinga- og blaðamaður, er fertugur.

## ANDLÁT

**Matthías Jónsson**, fyrrverandi kennari í Skógarskóla, lést föstudaginn 15. apríl. Útförin fór fram í kyrrþey.

**Gunnþór Pétursson**, fyrrverandi sjómaður, Fannborg 1, Kópavogi, lést sunnudaginn 24. apríl.

**Jörundur Kristinsson**, skipstjóri, lést sunnudaginn 24. apríl.

**Svavar Gíslason**, vörubílstjóri frá Viðey, Traðarlandi 4, Reykjavík, lést mánudaginn 25. apríl.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



**MARÍA LOVÍSA** Ætlar að halda veislu í tilefni fimmtugsafmælisins.

TÍMAMÓT: MARÍA LOVÍSA FATAHÖNNUÐUR 50 ÁRA

# Mikil veislukona

„Ég ætla að vera með veislu á laugardaginn í félagsheimili hestamannafélagsins Andvara í Garðabæ,“ segir María Lovísa Ragnarsdóttir fatahönnuður, sem er fimmtug í dag. Þangað stefnir hún á sjöunda tug vinafólks og fjölskyldu.

María segist ekki vera mikið afmælisbarn í sér en hins vegar sé hún mikil veislukona. Þá þyki henni gaman að fá gjafir, sem að öllum líkindum verða ófáar á slíku stórafmæli.

María Lovísa mun að mestu leyti sjá um veisluna sjálf en þó með aðstoð góðra vina. Í dag ætlar hún að halda upp á daginn með því að skella sér á hestbak ef veður leyfir, enda stundar hún hestamennsku af krafti.

Annars segist María alltaf vera að hanna föt en hún hefur starfað við það í 22 ár. „Ég vissi það mjög fljótlega að þetta væri eitthvað sem ég vildi gera,“ segir María. Amma hennar var lærð saumakona og mamma hennar saumaði einnig mikið alla sína tíð. „Ég var farin að teikna föt í barnaskóla,“ segir María og er viss um að hæfileikinn sé meðfæddur.

Hún segir þó erfitt að lýsa fötum sínum. Hún hanni bæði selskapsfatnað og föt til daglegs brúks. Hún segir vinkonur sínar þó kalla stíl hennar kastala- eða hallarstíl þar sem fötin hennar séu svolítið drottningarleg.

María segist fá hugmyndir sínar héðan og þaðan, bæði úr nýjum og gömlum bíómyndum, tískublöðum og fleiru. Þó segir hún helstu áhrifavalda í sínu lífi vera mömmu sína og ömmu.

Í sumar ætlar María Lovísa að skella sér til Danmerkur í sumarbústað með fjölskyldu sinni. Þá ætlar hún að fara í hestaferð í Landsveit í heila viku. Þau fara 20 saman með rúmlega 60 hesta í rekstri. María segir að það sé alveg hægt að vera lúxustýpa þó að maður stundi hestamennsku, enda segist hún sjálf vera voða mikið fyrir þægindi. ■



**ÁRBÓK 2005** Fjallað er um Austfirði frá Reyðarfirði til Seyðisfjarðar.

Ferðafélag Íslands:

# Árbók 2005 komin út

Austfirðir frá Reyðarfirði til Seyðisfjarðar heitir ný Árbók Ferðafélags Íslands sem komin er út og er sú sjötugasta og fimmta í röðinni. Hjörleifur Guttormsson náttúrufræðingur skrifaði bókina og tók flestallar af þeim 350 litmyndum sem prýða hana. Ellefu staðfræðikort eru í bókinni auk 13 jarðfræðikorta og skýringaruppdrátta.



**HJÖRLEIFUR GUTTORMSSON**

Útgáfu Árbókar 2005 var fagnað hjá Ferðafélaginu í gærkvöld með kynningu höfundar á bókinni í máli og myndum. Hjörleifur segir Austfirði einstaka í sinni röð og skera sig frá öllum öðrum landshlutum. Þar mætist ólíkar landslagsheildir auk þess sem jarðfræðin sé heillandi.

Þetta er fimmta árbókin sem Hjörleifur skrifar og hafa þær allar fjallað með einum eða öðrum hætti um austanvert landið. Í bókinni í ár segir Hjörleifur að fjallað sé um hjarta fjarðanna á miðju Austurlandi, á svæði sem ferðafólk sýni vaxandi áhuga og hafi verið mikið í umræðunni að undanförnu. ■



†

Elskulegur eiginmaður minn, sonur og faðir,

**Haukur Óskar Ársælsson**

Lækjasmára 6, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Digraneskirkju í dag, fimmtudaginn 28. apríl, kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á deild A6 á Landspítala Fossvogi. Fyrir hönd tengdabarna, barnabarna, barnabarnabarna og systkina hins látna,

**Unnur Jónsdóttir,**
**Klara Vemundsdóttir,**
**A. Halla Hauksdóttir,**
**Heiða Hauksdóttir,**
**G. Harpa Hauksdóttir,**
**Ragnar Hauksson,**
**Jónína Björnsdóttir,**
**Halldóra María Ríkarðsdóttir.**

Ellefu ár skilja bassaleikarann og gítarleikarann að:

# Tveir úlfar eiga afmæli í dag

Vinirnir og samstarfsmennirnir Jón Ólafsson bassaleikari og Ingvar Grétarsson gítarleikari sem spila saman í hljómsveitinni Úlfum eiga báðir afmæli í dag. Ingvar er 42 ára en Jón ögn eldri, 53 ára. „Það er ótrúlega margt líkt með okkur,“ svarar Jón aðspurður. „Konan hans Ingvars tekur sérstaklega vel eftir þessu, það eru víst alls konar dyntir í okkur báðum.“

Úlfar hafa verið til í þrjú ár en Jón gekk til liðs við hljómsveitina fyrir einu og hálfu ári. Þegar tvímenningarnir komust að því að þeir eiga sama afmælisdag hafði Ingvar á orði að annað hvort myndi samstarfið ganga einstaklega vel eða þá að allt færi á annan endann. Hið fyrrnefnda varð blessunarlega ofan á.

Þriðji Úlfurinn, Guðmundur Stefánsson trymbill, á afmæli 2. febrúar.

Úlfar leika í Vélsmiðjunni á Akureyri um helgina, en þar var Pollurinn áður til húsa. Jón býst við góðu stuði á ballinu eins og vanalega þegar Úlfar slá upp dansleik. ■



**ÚLFARNIR JÓN OG INGVAR**




Veldu nýjan **Galaxy** fyrir sumarið.

# 7 stóla Galaxy
# Bara fyrir þá ríku

► Ríkidómur hverrar fjölskyldu er geymdur í hverju barni enda fjárfestir Ford mikið í þróun á öryggi fjölskyldunnar. Vertu í hópi þeirra bestu og veldu 7 manna Ford Galaxy fyrir fjölskylduna og sumarið. Vel hannað og sveigjanlegt rýmið, þægindin, góðir aksturseiginleikar og nýjasta tækni tákna það að Ford Galaxy er fyrsta flokks. Sama hvert þú ætlar í sumar eða hvaða tegund af Galaxy þú velur - þá finnur þú að Ford Galaxy er tákn um gæði og bara fyrir þá ríku.

Öll þessi vel hugsuðu smáatriði gera 7 manna Galaxy Trend sérstakan. Komdu í Brimborg. Skoðaðu hvað Galaxy Trend kostar í dag. Hér færðu, sem dæmi, innbyggða barnastóla fyrir yngri börnin og fyrir eldri börnin færðu púða, borð á baki framsæta, enga bekki heldur stóla fyrir alla, stóla sem auðvelt er að fjarlægja sé þess þörf, snúningsstóla fram í, innbyggð þokuljós, rafmagnshitaða framrúðu (öll rúðan), fjarstýrða samlæsingu og leslampa fyrir farþega svo við séum ekki að nefna lýsinguna við glasahaldarann. Settu þig og þína í öruggt sæti og tryggðu þér ríkulega útbúinn bíl. Veldu Galaxy Trend. Kynntu þér sérpöntunarþjónustu Brimborgar, það gæti borgað sig. Komdu í dag.

## Ford Galaxy 7 manna.*

| Kaupverð | Beinskiptur | Sjálfskiptur |
|---|---|---|
| Ford Galaxy 7 manna Trend 2,0i | **2.605.000 kr.** | |
| Ford Galaxy 7 manna Trend 2,3i | **2.980.000 kr.** | **3.180.000 kr.** |
| Ford Galaxy 7 manna Trend 1,9D | **3.070.000 kr.** | **3.330.000 kr.** |

✓ Ath. Trend er dæmi um mjög vel búna útfærslu af Ford Galaxy




*Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (74,1% aukning 2004) og er Ford nú annað vinsælasta bílamerkið á Íslandi...og sækir stöðugt á! Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

### Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

7 sæta
ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun
Upphitanleg framrúða
Þokuljós í framstuðara
Fellanlegt borð á baki framsæta
Fjarstýrð samlæsing
Fjölstillanlegt bílstjórasæti
Geislaspilari
8 hátalarar
Snúningsstólar að framan
Fjórir öryggispúðar
Rafstillanlegir útispeglar
Upphitanlegir útispeglar
Upphitanleg framsæti
Sér stóll fyrir alla, hægt að taka úr hvern fyrir sig
Ræsitengd þjófavörn
16” dekk og felgur
Litað gler
Þriggja punkta belti fyrir öll sæti
Loftkæling
Sér miðstöð í farþegarými

### Hægt að fá aukalega:

Innfelldir barnapúðar í aftursæti
Bakkskynjari
Tölvustýrð loftkæling
Hraðastillir
Rafdrifin sóllúga
Leðuráklæði
Dökklitaðar rúður í farþegarými
Akstursstölva
Xenon gas aðalljós
Rafdrifnar rúður að aftan
6 diska geislaspilari
Dráttarbeisli
Spólvörn
Öryggisgardínur sem falla niður með hliðum að innan til varnar í hliðarárekstri

## Skoðaðu úrvalið í bílaverslun Brimborgar.

**Ford Fiesta**



■ **Fiesta Trend 5 dyra 1,4i 5 gíra.**
Kaupverð 1.429.000 kr.

**Ford Fusion**



■ **Fusion Trend 5 dyra 1,4i 5 gíra**
Kaupverð 1.570.000 kr.

**Ford Focus**



■ **Focus Trend 5 dyra 1,6i 5 gíra.**
Kaupverð 1.890.000 kr.

**Ford Focus C-Max**



■ **Focus C-Max Trend 5 dyra 1,6i 5 gíra.**
Kaupverð 1.895.000 kr.

**Ford Mondeo**



■ **Mondeo Ghia 5 dyra 2,0i 5 gíra:**
Kaupverð 2.440.000 kr.

**Ford Galaxy 7 manna**



■ **Galaxy Trend 7 manna 2,0i 5 gíra.**
Kaupverð 2.605.000 kr.



brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd: álfelgur.

BRIMBORG / GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



## Heyrst hefur ...

... að þegar íslenska landsliðið í knattspyrnu ferðist til fjarlægra landa sitji tveir menn á fyrsta farrými, þeir Eggert Magnússon, formaður KSÍ, og fyrirliðinn Eiður Smári Guðjohnsen. Aðrir sem að liðinu koma þurfa að sætta sig við að sitja á almennu farrými - líkt og sauðsvartur almúgurinn.

# sport

sport@frettabladid.is

**LANDSLIÐSMAÐURINN HANNES SIGURÐSSON:** UMDEILDUR EFTIR ÖFLUGT OLNBOGASKOT

## *Kjálkabrotið var algjört óviljaverk*



Landsliðsmaðurinn Hannes Sigurðsson, leikmaður Viking, hefur verið mikið í fréttum í Noregi í vikunni. Ástæðan er sú að viðskiptum hans og Frode Kippe, leikmanns Lilleström, um síðustu helgi lauk með miklum látum þegar olnbogi Hannesar endaði í andliti Kippe sem kjálka- og tvíkinnbeinsbrotnaði. Menn í Noregi hafa skipst í tvær fylkingar um hvort olnbogaskot Hannesar hafi verið viljandi eða óviljandi. Hannes sagðist í samtali við Fréttablaðið í gær hafa hreinan skjöld í málinu.

„Maður er mjög vinsæll þessa dagana," sagði Hannes léttur á því. „Ég skil samt ekki af hverju menn eru að gera svona mikið mál úr þessu. Menn lyfta olnbogum hér í öllum leikjum og einvígjum. Okkar einvígi var ekkert öðruvísi að öðru leyti en því að hann slasaðist illa en það var algjör óheppni. Þetta var alls ekki viljandi. Ég vissi ekki einu sinni hvar hann var þegar ég fer upp í boltann."

Atvikið átti sér stað þegar hálftími var eftir af leiknum en mikið hafði gengið á hjá Hannesi og Kippe fyrsta klukkutíma leiksins. „Ég fékk heilahristing þökk sé honum fyrr í leiknum þegar hann keyrði olnbogann í hnakkann á mér. Ég fékk líka skurð í því einvígi," sagði Hannes sem er ekki enn farinn að æfa á ný. Hann hefur verið með höfuðverk út af heilahristingnum og læknirinn vill að hann hvíli fram að helgi. Hannes var tekinn af velli í kjölfarið enda hljóp mikill hiti í leikmenn þegar þeir sáu blóðið á Kippe.

Hannes hefur mátt þola mikla gagnrýni á köflum og til að mynda vill Bard Borgersen, miðvörður Start, fá Hannes í tveggja ára bann en hann þarf einmitt að stöðva Hannes um helgina þegar Viking mætir Start. „Hann á framtíð fyrir sér sem skemmtikraftur þegar ferlinum lýkur," sagði Hannes léttur en hann lætur hasarinn ekki koma sér úr jafnvægi.

### > Við furðum okkur á ...

... samskiptunum hjá æðstu mönnum Stoke City. Með því að endurráða Tony Pulis sem stjóra liðsins var stjórn félagsins að starfa í óþökk stjórnar Stoke Holding, og það var fyrst og fremst vegna endurráðningar Pulis sem Magnús Kristinsson ákvað að hætta að setja pening í Stoke.



### > Við hrósum ...

... knattspyrnuliði Þróttar sem gerði sér lítið fyrir og lagði Valsmenn í 8-liða úrslitum deildabikars karla í fyrrakvöld. Willum Þór Þórsson og lærisveinar hans hjá Val höfðu borið sigur úr býtum í öllum mótum vetrarins en nú er margra mánaða samfelld sigurganga á enda.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**APRÍL**

25 26 27 **28** 29 30 1

**Fimmtudagur**

### LEIKIR

☐ 19.00 **Breiðablik** og **FH** mætast í Egilshöll í átta liða úrslitum deildarbikars karla í fótbolta.

☐ 19.00 **ÍA** og **Keflavík** mætast á Akranesvelli í átta liða úrslitum deildarbikars karla í fótbolta.

☐ 19.40 **Haukar** og **ÍBV** mætast á Ásvöllum í lokaúrslitum DHL-deildar kvenna í handbolta.

### SJÓNVARP

☐ 07.00 **Olíssport** á Sýn.

☐ 07.30 **Olíssport** á Sýn.

☐ 08.00 **Olíssport** á Sýn.

☐ 08.30 **Olíssport** á Sýn.

☐ 16.45 **Handboltakvöld** á RÚV.

☐ 17.15 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.

☐ 19.00 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn.

☐ 19.30 **Sterkasti maður heims** á Sýn.

☐ 19.35 **DHL-deildin í handbolta** á RÚV. Bein útsending frá leik **Hauka** og **ÍBV** sem mætast í lokaúrslitum DHL-deildar kvenna í handbolta.

☐ 20.30 **Þú ert í beinni!** á Sýn.

☐ 22.00 **Olíssport** á Sýn.

☐ 00.15 **Boltinn með Guðna Bergs** á Sýn. Endurtekinn þáttur.

### LEIKIR GÆRDAGSINS

*Meistaradeild Evrópu*

| | |
|---|---|
| CHELSEA–LIVERPOOL | 0–0 |

*Enska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| NEWCASTLE–MIDDLESBROUGH | 0–0 |

# Engar glufur á vörn Liverpool

**Markalaust jafntefli var niðurstaðan í fyrri leik Chelsea og Liverpool í undanúrslitum Meistaradeildarinnar sem fram fór í gærkvöldi. Eiður Smári Guðjohnsen lék allan leikinn fyrir Chelsea.**



**ÓTRÚLEGT KLÚÐUR** Hér sést þegar Frank Lampard brennir af besta færi leiksins í gær. Boltinn barst til Lampards þar sem hann stóð á markteig en á einhvern ótrúlegan hátt náði Lampard að skjóta boltanum yfir markið.

**FÓTBOLTI** Leikurinn, sem fram fór á Stamford Bridge, var langt frá því að standa undir þeim væntingum sem gerðar voru til hans og voru opin marktækifæri af skornum skammti. „Við vörðumst gríðarlega vel í kvöld en við fögnum ekki. Það er aðeins hálfleikur," sagði Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, eftir leikinn.

Írski vængmaðurinn Damien Duff stóðst ekki læknisskoðun rétt fyrir leik og kom það því í hlut Eiðs Smára Guðjohnsen að leysa hann af á vinstri vængnum. Með því sýndi Eiður Smári þar með enn frekar fjölhæfni sína sem leikmaður þó svo að hann hafi dregið sig reyndar talsvert niður á miðjan völlinn á köflum í gær til að hjálpa til við að dreifa spilinu, rétt eins og hann hefur verið að gera með svo góðum árangri í síðustu leikjum Chelsea. Jose Mourinho, stjóri Chelsea, treysti Arjen Robben ekki til að hefja leikinn og því sat hann á bekknum þar til á upphafsmínútum síðari hálfleiks. Liverpool stillti upp í leikkerfið 4-5-1 með Gerrard í tiltölulega frjálsu hlutverki fremst á miðjunni fyrir aftan Milan Baros sem var einn í framlínunni.

Eiður Smári komst nálægt því að skora strax á 13. mínútu en þá var hann rétt við að ná til boltans eftir misheppnað skot Didier Drogba. Fimm mínútum síðar komst John Arne Riise í dauðafæri en Peter Cech í marki Chelsea varði opið skot hans mjög vel. Á 22. mínútu leit besta færi leiksins dagsins ljós en þá skaut Frank Lampard yfir á einhvern ótrúlegan hátt af tveggja metra færi. Ekki frekar en þeir rúmlega 40 þúsund áhorfendur sem lögðu leið sína á Brúna trúði enski landsliðsmaðurinn sínum eigin augum.

„Ég tek það klúður á mig, ég veit ekki hvernig ég fór að því að brenna af þessu færi. En við héldum hreinu og það var mikilvægt," sagði Lampard eftir leikinn

Chelsea var ávallt með frumkvæðið í leiknum og mun meira með boltann en leikmenn Liverpool vörðust fimlega auk þess að beita vel skipulögðum skyndisóknum. Það var úr einni slíkri sem Cech sýndi af hverju hann er óumdeilanlega talinn besti markvörður heims. Þá varði hann skalla Baros sem stefndi í samskeytin á stórbrotin hátt.

„Við á bekknum héldum að þetta væri mark. Ég trúði því varla þegar ég sá hann verja skallann," sagði Rafael Benitez, stjóri Liverpool í leikslok.

Í síðari hálfleik bökkuðu leikmenn Liverpool enn frekar og gáfu Chelsea leyfi til að dútla með boltann á sínum vallarhelmingi. En um leið og Eiður Smári og félagar komust í nánd við vítateig Liverpool var eins og þeir rækjust á múr, svo öflugur var varnarleikur Liverpool. Á 59. mínútu kom Robben inn á og héldu margir að hann væri maðurinn til að leysa upp vörn Liverpool. Svo reyndist ekki vera og það var alveg sama hvað leikmenn Chelsea reyndu – aldrei fundu þeir glufur á firnasterkri vörn Liverpool þar sem hinn magnaði Jamie Carragher var fremstur meðal jafninga.

vignir@frettabladid.is



# NÝ UPPLIFUN
## í verslun Odda Borgartúni 29



**LP25 PLÖSTUNARVÉL**
Plöstunarvél sem tekur stærðir frá kreditkortum til A4.
Ræður við þykkt 2 x 180 mic.
Stærð: 98 x 445 x 217 mm.
Vörunúmer: AC41636
**Verð áður: 16.900 kr.**
**Verð nú: 8.450 kr.**



**M407 MYNDAVÉL**
Stafræn myndavél á frábæru verði. 4,23 MP og 3x optical aðdráttur.
Vörunúmer: HPL1839A
**Verð áður: 22.900 kr.**
1.242kr.* á mánuði í 12 mánuði
**Tilboðsverð: 14.900kr.**
*VAXTALAUS greiðsla á mán. ef greitt er með greiðslukorti

SONY
**T3 MYNDAVÉL**
Stafræn myndavél 5,1 MP með 3x optical aðdrætti.
Glæsileg hönnun.
Vörunúmer: DSCT1
**Verð áður: 54.900 kr.**
3.742kr.* á mánuði í 12 mánuði
**Tilboðsverð: 44.900kr.**
*VAXTALAUS greiðsla á mán. ef greitt er með greiðslukorti

**CS-5530 MYNDAVÉL**
Stafræn 5,2 MP myndavél sem tekur ljósmyndir og videomyndir (640x480). Vélin er með 3x optical aðdrætti.
256MB minniskort fylgir.
Vörunúmer: SVTCR5530
**Verð áður: 32.900 kr.**
2.075kr.* á mánuði í 12 mánuði
**Tilboðsverð: 24.900kr.**
*VAXTALAUS greiðsla á mán. ef greitt er með greiðslukorti

**Ef þú heldur að þú getir það**
**þá getur þú það.**
**Ef þú heldur að þú getir það ekki**
**þá er það rétt hjá þér.**
Mary Kay Ash (1915-2001), bandarískur athafnamaður.

**CR-5130 MYNDAVÉL**
Stafræn 5,3 MP myndavél sem tekur ljósmyndir og videomyndir (320 x 240).
Vélin er með 3x optical aðdrætti.
256MB minniskort fylgir.
Vörunúmer: SVTCR5130
**Verð áður: 27.900 kr.**
1.659kr.* á mánuði í 12 mánuði
**Tilboðsverð: 19.900kr.**
*VAXTALAUS greiðsla á mán. ef greitt er með greiðslukorti

**BLEKSPRAUTUPRENTARI 3845**
Prentari á frábæru verði.
Prentar allt að 18/14 bls. á mín.
í svörtu/lit.
Vörunúmer: HPC9037A
Verð áður: 9.990 kr.
**Verð nú: 4.990 kr.**



**LJÓSMYNDAPAPPÍR**
Eigum mikið úrval af hágæða-ljósmyndapappír frá Avery.
Pappír sem skilar frábærum myndgæðum í hárri upplausn.
Margar þykktir og tvær stærðir:
A4 og 10x15 sm.
**40% afsláttur.**



**CR-6530 MYNDAVÉL**
Stafræn 6,3 MP myndavél sem tekur ljósmyndir og videomyndir (320x240).
Vélin er með 3x optical aðdrætti.
256 MB minniskort fylgir.
Vörunúmer: SVTCR6530
**Verð áður: 34.900 kr.**
2.492kr.* á mánuði í 12 mánuði
**Tilboðsverð: 29.900kr.**
*VAXTALAUS greiðsla á mán. ef greitt er með greiðslukorti

ESPRIT
paper + friends



**Kynningarverð á ESPRIT ritföngum**

Afgreiðslutími verslunar:
mán. - fös. 08:00 - 18:00
lau. 10:00 - 17:00
sun. 13:00 - 17:00

Verslun Odda • Borgartúni 29 • 105 Reykjavík • Sími 515 5170

ODDI

ODDI HÖNNUN M1064

## ÚR SPORTINU

Úkraínski framherjinn **Andriy Shevchenko** hjá AC Milan, segir sína menn vera komna með annan fótinn í úrslitaleikinn í meistaradeildinni eftir 2-0 sigurinn á PSV Eindhoven. „PSV léku vel á móti okkur og það var mjög erfitt að brjóta þá á bak aftur. Seinna markið sem við skoruðum á hins vegar eftir að vega mjög þungt í síðari leiknum og ég held að við förum áfram í úrslitin á markinu sem Tomasson skoraði í lokin,“ sagði **Shevchenko**, en það er ljóst að hollenska liðið mun ekki gefast upp, enda á það síðari leikinn eftir á heimavelli.



Vandræðagemlingurinn **Craig Bellamy** hjá Newcastle, hefur tryggt það að hann muni aldrei aftur leika fyrir félagið, eftir að hann sendi fyrirliða liðsins, **Alan Shearer**, móðgandi sms-skilaboð eftir að liðið tapaði í undanúrslitum bikarkeppninnar fyrir Manchester United á dögunum. Í skilaboðunum sagði **Bellamy** að **Shearer** væri orðinn of gamall og seinn til að leika knattspyrnu og sagðist hlakka til að taka sæti hans í liði Newcastle. **Shearer** var ekki lengi að svara og sagðist berja hann ef hann stigi fæti til Newcastle aftur.



**Stuart Pearce** knattspyrnustjóri Manchester City hefur látið í ljós áhyggjur sínar yfir þátttöku **Shaun Wright-Phillips** í fyrirhuguðum landsleikjum Englands í Bandaríkjunum á næstunni, þar sem liðið mætir heimamönnum og Kólumbíu. **Phillips** hefur verið mikið meiddur upp á síðkastið og stjóri hans hefur áhyggjur af að hann þoli ekki álagið í fleiri leikjum. Fleiri stjórar hafa hótað að láta leikmenn sína ekki lausa og einn þeirra er **Alex Ferguson** hjá Manchester United, sem segist ekki sjá tilganginn í leikjunum á þessum tíma. Er það ekki í fyrsta sinn sem Skotinn síungi kvartar undan álagi hjá lærisveinum sínum.



Lið BAR Honda í formúlu eitt heldur ákveðið fram sakleysi sínu, eftir að í ljós kom að bíll þeirra var of léttur við viktun eftir keppnina á Imola um helgina. Stjóri liðsins, **Nick Fry**, heldur því fram að liðið myndi aldrei reyna að brjóta keppnisreglur. „Við komum til leiks með lið frá tveimur vel virtum bílaframleiðendum og að halda því fram að við myndum reyna að svindla er hrein fásinna,“ sagði **Fry** og bætti við að lið hans myndi takast á við hverja þá refsingu sem þeim yrði gert að lúta í málinu. „Við erum stórir strákar, við getum tekið dálítlu mótlæti.“



# Mín versta fjárfesting í tíu ár

**Magnús Kristinsson, útgerðarmaður í Vestmannaeyjum og hluthafi í Stoke City, hefur auglýst félagið til sölu. Hann lýsir íslensku yfirtökunni á félaginu árið 1999 sem lélegustu fjárfestingu sem hann hafi tekið þátt í síðustu tíu árin.**

**FÓTBOLTI** „Það er ekki hægt annað en að líta á þessa fjárfestingu sem slæma þar sem hún hefur ekki gefið neinn arð. Þetta er lélegasta fjárfesting sem ég hef farið í síðustu tíu árin,“ sagði Magnús Kristinsson, útgerðarmaður í Vestmannaeyjum og stjórnarformaður Stoke Holding, í samtali við Fréttablaðið í gær.

Auk þess að vera sá aðili sem sett hefur mestan pening í Stoke City á síðustu árum sá Magnús um að koma á laggirnir fjárfestingarfyrirtækinu Stoke Holding, sem stofnað var árið 1999 í þeim tilgangi að hafa umsjón með yfirtöku íslenskra fjárfesta á enska knattspyrnufélaginu Stoke City. Nú, sex árum síðar, hefur Magnús misst áhugann á félaginu og hefur hann auglýst félagið til sölu.



MAGNÚS KRISTINSSON

„Ég mun ekki eyða meiri pening í þetta félag á meðan Tony Pulis er við stjórn,“ segir Magnús en Pulis var endurráðinn sem stjóri félagsins til eins árs í síðustu viku. Í viðtali við staðarblaðið í Stoke, The Sentinel, sem birtist í gærmorgun lýsir Magnús yfir megnri óánægju yfir þeirri ákvörðun íslensku stjórnarinnar að endurráða Pulis.

„Pulis hefur ekki verið að vinna með okkur og hefur alltaf lýst því yfir að hann ætli sér að nota sína leikmenn,“ sagði Magnús við blaðið og vísar þar til stöðu Þórðar Guðjónssonar hjá félaginu en hann fær nánast engin tækifæri hjá Pulis þar sem einu haldbæru rökin virðast vera þau að Þórður sé Íslendingur.



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**DRAUMURINN ÚTI** Íslendingarnir voru stórhuga þegar þeir kynntu Guðjón Þórðarson til leiks sem knattspyrnustjóra Stoke í nóvember árið 1999. Nú hafa þeir sömu gefist upp og vilja út.

„Öll ánægjan af þessu starfi mínu er horfin. Ástríðan er ekki fyrir hendi lengur,“ sagði Magnús en ítrekaði að hann væri að tala fyrir sjálfan sig en ekki fyrir hönd annarra stjórnarmanna í Stoke Holding.

### Ævintýrið senn á enda

Þrátt fyrir að vera ósammála stjórn félagsins um að ráða Tony Pulis ber Magnús stjórnarformanninum Gunnari Þór Gíslasyni vel söguna og segir Magnús hann hafa lagt hjarta sitt og sál í félagið á undanförnum árum.

Gunnar Þór sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að Magnús hefði heilmikið fyrir sér í þessu máli og kveðst hann virða skoðun hans.

„Hans hugsjón um að Stoke sé stökkpallur fyrir íslenska knattspyrnumenn í ensku knattspyrnuna er ekki að rætast og það er því fullkomlega eðlilegt að hann sé óánægður. Það er hans réttur að ákveða að setja ekki meiri pening í félagið og auðvitað setur sú ákvörðun Stoke í mikinn vanda. Ef ekki finnst einhver annar til að setja pening í félagið er ljóst að það þarf að draga saman seglin,“ sagði Gunnar Þór.



GUNNAR ÞÓR GÍSLASON

Ekki er hægt að lesa annað af orðum beggja en að hin íslensku tengsl við félagið séu senn að rofna. Aðalfundur Stoke fer fram á Brittania-vellinum í Stoke á laugardaginn og mun Gunnar Þór þá tilkynna stuðningsmönnum og öðrum sem koma að félaginu að Stoke City sé til sölu. Má gera ráð fyrir að þær fréttir muni vekja töluverða athygli í breska knattspyrnuheiminum enda þykja það ávallt mikil tíðindi þegar hátt skrifað knattspyrnufélag hefur hug á að breyta eignarhaldinu.

Magnús sagðist í samtali við Fréttablaðið ekki vita hvort bréfin væru söluvara eða ekki en Stoke væri mjög spennandi félag fyrir góða fjárfesta. „Þetta er félag sem er betur rekið en mörg önnur í Englandi,“ segir hann.

Án þess að nefna nokkrar tölur segist Magnús hafa sett mikinn pening í félagið á þessum sex árum. Spurður um hvort hann sjái eftir þeim peningum segir Magnús ekki svo vera. „Nei, nei. Ég reyni alltaf að hafa gaman af lífinu.“

vignir@frettabladid.is

Evrópukeppnin í körfu:

## Jón í úrslitin

**KÖRFUBOLTI** Körfuboltamaðurinn Jón Arnór Stefánsson náði þeim merka áfanga að komast í úrslit Evrópukeppninnar í körfuknattleik þegar Dynamo St. Petersburg bar sigurorð af BC Khimki frá Rússlandi í undanúrslitum Evrópukeppni FIBA Europe sem fram fóru í Istanbúl í Tyrklandi í gær. Lokatölur urðu 92-81.

Jón skoraði 14 stig, tók 4 fráköst og nýtti 4 af 6 tveggja stiga skotum sínum. Þetta er í fyrsta sinn sem Íslendingur tilheyrir körfuknattleiksliði sem kemst í úrslit í Evrópukeppni. Úrslitaleikurinn fer fram í dag en Dynamo mætir úkraínska liðinu BC Kyiv í úrslitum en liðið lagði Fenerbahe SK, 88-72, og tryggði sér þar með þátttökurétt í úrslitaleiknum. -sj

Haukar og ÍBV mætast í þriðja úrslitaleiknum í kvöld:

## Verða að stöðva Ramune

**HANDBOLTI** Lið Hauka í DHL-deild kvenna í handknattleik getur tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn með sigri á ÍBV á Ásvöllum í kvöld. Haukastúlkur eru með afar vænlega stöðu eftir sigur í fyrstu tveimur leikjunum og unnu að auki báðar viðureignir liðanna á Ásvöllum í deildinni í vetur.

Fréttablaðið fékk Kára Garðarsson, þjálfara Gróttu/KR, til að spá í viðureign kvöldsins.

„Satt að segja þá vona ég að ÍBV vinni leikinn á morgun svona upp á einvígið að gera því handboltans vegna væri fúlt ef þetta færi 3-0,“ sagði Kári. „Það hefur komið mér á óvart að leikirnir hafa verið slakir og sérstaklega sá fyrsti. ÍBV var óheppið í síðasta leik og fór illa með mörg dauðafæri sem kostaði það leikinn.“

Kári telur það lykilatriði fyrir Eyjastúlkur að leika 5-1 vörn og taka Ramune úr umferð. „Þær eru það lágvaxnar að þær eiga ekki roð í hana í 6-0 vörninni.“

Kári sagðist alltaf hafa haft á von á að Haukastúlkur myndu bera sigur úr býtum. „ÍBV hefur heldur ekki gengið vel á Ásvöllum og ég er ekki ýkja bjartsýnn á að liðið nái að vinna í kvöld, styrkleikamunurinn er það mikill. Ég vona bara að við fáum góðan leik,“ sagði Kári Garðarsson, þjálfari Gróttu/KR, að lokum.

smari@frettabladid.is

## ÚR SPORTINU

Meistarar Detroit Pistons í NBA körfuboltanum stefna hraðbyri að því að slá út lið Philadelphia í úrslitakeppninni eftir að þeir komust í 2-0 í einvígi liðanna í fyrrakvöld með auðveldum 99-84 sigri. **Rip Hamilton** var stigahæstur í jöfnu liði meistaranna með 23 stig og **Chauncey Billups** bætti við 20 stigum og 8 stoðsendingum. **Allen Iverson** náði sér ekki á strik í liði Philadelphia og hitti afar illa.

Seattle Supersonics unnu 105-103 sigur á Sacramento Kings í fyrrinótt og komust þar með í 2-0 í viðureign liðanna í Vesturdeildinni. **Ray Allen** var að venju stigahæstur í liði Seattle og skoraði 28 stig. Miami Heat er sömuleiðis komið í 2-0 gegn New Jersey Nets, eftir að varamiðherji þeirra **Alonzo Mourning** fór á kostum í 104-87 sigri Heat í fyrrinótt.


Canon TILBOÐ Á PRENTLAUSNUM FYRIR FYRIRTÆKI OG STOFNANIR

Lægri rekstrarkostnaður og hraði í fyrirrúmi



Canon iR1600
Ljósritunarvél fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki
16 eintök á mín.
Afritar A3 - A6.
Stækkar í 200%.
Minnkar í 50%.
250 blaða pappírsskúffa.
100 blaða framhjámatari.
16 MB minni.
Aukabúnaður: Prentaratengi, nettenging, heftun í horn, skápur, matari.
Tilboðsverð 119.900 kr.
Listaverð 149.900 kr.

Canon iP4000R
Þráðlaus prentari – Tilvalinn á skrifstofuna
IEEE802.11g/b WiFi og 10/100 Ethernet.
Innbyggð „duplex" tækni og CDR/DVD diskaprentun.
4800x1200dpi, 2pl prentstútar og ContrastPLUS.
Allt að 25 bls. á mín. í svörtu og 17 bls. í lit.
Hagkvæmt Single Ink kerfi.
Windows og Mac samhæfður.
Tilboðsverð 19.900 kr.
Listaverð 24.900 kr.



Canon B180C
Hraðvirkt faxtæki fyrir lítil fyrirtæki
A4 fax og afritun.
Bleksprautuprentun, litaprentari.
Mikið minni (42 síður).
Blaðabakki: 100 bls.
Tilboðsverð 16.900 kr.
Listaverð 26.900 kr.

Síminn er 569 7700 og netfangið er prentlausnir@nyherji.is

NÝHERJI
Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is
Söluaðilar um land allt.


NOVARTIS
CONSUMER HEALTH
Voltaren
Dolo
20 comprimés filmés
Fljótvirkt
bólgueyðandi
verkjalyf
m.a. við tíðaverkjum
Inniheldur engin ávanabindandi efni
Fæst án lyfseðils
VoltarenDolo®
Díklófenak-K 12,5 mg
Voltaren Dolo® ( díklófenak kalíum) 12,5 mg. töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.








## STUÐ MILLI STRÍÐA ⋮ Höfum ekki áhyggjur

**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR** HEFUR MISST ÁHUGANN Á EUROVISION.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég hef engar áhyggjur af því hvort Eurovisionlagið hið íslenska er stolið eða ekki. Ég hef engar áhyggjur af því hvort Ísland nær að vinna sig upp úr forkeppninni. Ég get engan veginn spáð fyrir um það hvar við lendum í ár, því ég hef ekki lagt mig eftir því að heyra hin lögin. Það er eitthvað svo dásamlegt að vera svona áhyggjulaus.

Að sjálfsögðu fylgdist ég spennt með fyrstu árin sem Ísland tók þátt í keppninni. Man enn hvernig belgíska lagið var árið sem Gleðibankinn náði ekki að sigra hug og hjörtu Evrópubúa. En á síðari árum hefur áhugi minn fyrir þessari samevrópsku keppni dofnað. Ég er ekki frá því að lögin séu að verða leiðinlegri – og samhljóma. Það er trúlegra en að kröfurnar séu að aukast með aldrinum. Æskugoðin í Duran Duran eru enn æðisleg í mínum huga (þó svo að ég hafi skipt um skoðun varðandi útlit kappanna og sjái ekki alveg núna hvað það var sem ég sá í feimna trommaranum, Roger Taylor) og ítalska lagið Gente di mare er enn magnað.

Nokkur þróun hefur verið í poppheiminum síðan 1986, þegar við sendum Icy-tríóið. Fyrir utan klæðnað keppenda og útlit hefur þessi þróun einhvern veginn ekki náð að tryggja sér sess í lagavali í Eurovision. Það er komin einhver Eurovision-formúla sem allir reyna að fylgja. Það er líklega ástæðan fyrir því að lögin eru svona samhljóma og gleymanleg.

Ef einhver verulegur áhugi væri almennt í álfunni fyrir þessari keppni væri eitthvað gert til að reyna að bjarga henni, annað en að búa til eitthvert barna-Eurovision, sem við Íslendingar tökum ekki þátt í. Þetta á að vera dægurlagasöngkeppni, en voðalega fá af þessum lögum myndu komast ofarlega á vinsældalista, ef ekki væri fyrir keppnina sjálfa. „Ef ég hefði ást þína," er dæmigert svoleiðis lag. Hefði aldrei svo mikið sem verið gefið út ef það væri ekki sérhannað til að keppa við önnur lög í sama dúr.

En ég hef ekki áhyggjur af þessu, vangaveltur um stolin lög geta haldið áfram fyrir mér. ■

# myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA

Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • 1816




## Kl. 13-16 sunnudaginn 1. maí á Bifröst. Dagskrá þingsins:

**Stjórnmálamaðurinn Jónas:**
*Erindi:* Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur
*Viðbrögð:* Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra
Ívar Jónsson, prófessor á Bifröst

**Skólamaðurinn Jónas:**
*Erindi:* Helgi Skúli Kjartansson, prófessor við KHÍ
*Viðbrögð:* Ása Björk Stefánsdóttir, meistaranemi við KHÍ
Jónas Guðmundsson, fyrrv. rektor á Bifröst

Fundarstjóri: Siv Friðleifsdóttir, alþingismaður
Málþingsslit og samantekt: Gerður Steinþórsdóttir, íslenskufræðingur
Léttar veitingar að málþingi loknu
**Allir velkomir, ókeypis aðgangur**

FRAMSÓKNARFLOKKURINN

*Frekari upplýsingar:*
**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN BIFRÖST

**Stjórnenda- og leiðtogaskóli í 87 ár**



tilboðin gilda til laugardagsins 7. maí
eða á meðan birgðir endast
opið föstudag 9 - 19:30
laugardag 10 - 16
ÍSLENSKI
DAGAR
Í FJAR
28
25% afsláttur við kassa
1184kg-
SS GRAND ORANGE LAMBASTEIK merkt verð: 1579kg-
25% afsláttur við kassa
1184kg-
SS MEXICO LAMBASTEIK merkt verð: 1579kg-
25% afsláttur við kassa
1499kg-
SS GRILLKJÖT LÆRISNEIÐAR merkt verð: 1998kg-
621kg-
25% afsláttur við kassa
SS BRATWURST PYLSUR merkt verð: 828kg-
35% afsláttur við kassa
389kg-
MÓA LEGGIR MAGNPAKKNING merkt verð 599kg-
35% afsláttur við kassa
199kg-
MÓA VÆNGIR MAGNPAKKNING merkt verð 299kg-
35% afsláttur við kassa
389kg-
MÓA LÆRI MAGNPAKKNING merkt verð 599kg-
99-
FK ÍS SÚKKULAÐI 1l.
99-
FK ÍS VANILLU 1l.
148-
VÍNAR MARSÍPANKAKA
148-
VÍNAR MÖNDLUKAKA
132-
132-
132-
132-
132-
132-
BRAUÐSALÖT FRÁ KJARNAFÆÐI 132- stykkið
199-
199-
199-
KJÖRÍS FROSTPINNAR: GULIR, GRÆNIR og VANILLU 8 í pakka
198-
198-
198-
198-
198-
LGG+ m/JARÐABERJUM, EPLUM og PERUM, FERSKJUM, HREINT eða BRAGÐBÆTT 6 í pakka
448-
KAFFITÁR SELEBES-KAFFI 250gr.
398-
KAFFITÁR KÓLUMBÍU-KAFFI 250gr.
599-
STEIKTUR KJÚKLINGUR
298-
298-
BENECOL m/APPELSÍNU eða JARÐARBERJABRAGÐI, 6 í pakka
169-
159-
159-
169-
169-
169-
159-
SKYR.IS m/VANILLU, MELÓNUM og ÁSTARALDIN, FERSKJUM og HINDBERJUM, JARÐARBERJUM, ÁN ÁVAXTA, PERUM, APRÍKÓSUM og VANILLU eða BLÁBERJUM 500ml.
24
RÚBÍN HÁTÍÐARKAFFI 250gr.
267-
TE & KAFFI SÓLBERJATE
998kg-
FOLALDA-BUFF
998kg-
FOLALDA-GULASH
Veljum íslenskt
FJ



ARKAUPUM
APRÍL - 7. MAÍ
20% afsláttur við kassa
20% afsláttur við kassa
20% afsláttur við kassa
20% afsláttur við kassa
1198kg-
ALI MEXICO KÓTILETTUR
merkt verð: 1498kg-
ALI SKINKU og PEPPERONI ÁLEGG
20% afsl. við kassa
1198kg-
ALI SVÍNAHNAKKI REYKTUR
merkt verð: 1498kg-
298-
MYLLU SMJÖRKAKA
298-
MYLLU DJÖFLATERTA hálf
198-
ORA FISKBOLLUR 1/1
99-
ORA FISKBOLLUR 1/2
134-
134-
134-
ORA DRESSING:
SÓLÞURRKAÐIR TÓMATAR, ÍTÖLSK eða ÞÚSUND EYJA
89-
EGILS MALTÖL flaska
49-
EGILS APPELSÍN flaska
198-
ORA LÚXUSSÍLD 375gr.
2900-
LOOK PANNA DJÚP 28cm.
3400-
LOOK GRILLPANNA 27cm.
248-
ORA LÚXUSSÍLD Í SINNEPSSÓSU 375gr.
248-
ORA LÚXUSSÍLD Í SÆLKERASÓSU 375gr.
265-
SÓL APPELSÍNUSAFI 1l.
265-
SÓL EPLASAFI 1l.
265-
SÓL ÁVAXTASAFI 1l.
159-
SÓL SÓLSKINS-SAFI 1l.
98-
EGILS KRISTALL+ 0,5l.
89-
89-
MYLLU SAMLOKUBRAUÐ FÍNT eða GRÓFT 500gr.
431kg-
FK REYKT FOLALDAKJÖT
959kg-
FK JURTAKRYDDAÐ LAMBALÆRI
349-
RÚBÍN EXPRESSO ITALIANO 250gr.
248-
RÚBÍN KENYA KAFFI 250gr.
398-
SÆLKERAKAFFI VEISLUKAFFI BAUNIR
398-
SÆLKERAKAFFI VEISLUKAFFI
798kg-
NAUTAHAKK FRÁ KJÖTHÚSINU
298kg-
HAMBORGARAR ÚR KJÖTHÚSINU og BRAUÐ 4stk.
948kg-
FJALLA-GLÓÐARSTEIK ÚR FRAMPARTI
438kg-
SÚPUSAGAÐUR FRAMPARTUR
998kg-
FJALLA-GLÓÐARSTEIK ÚR LÆRI
438kg-
GRILLSAGAÐUR FRAMPARTUR
FJARÐARKAUP
FK
FJARÐARKAUP
ekki bara verð!

**! Kl. 20.30**
*Vorbókahátíð bókaforlagsins Bjarts verður haldin á Súfistanum við Laugaveg í tilefni af útgáfu bókanna Útgönguleiðir eftir Steinar Braga, Steinsteypa eftir Thomas Bernhard og Stríðsmenn Salamis eftir Javier Cercas. Lesið verður úr bókunum þremur, auk þess sem þýðendur kynna sína höfunda.*

# menning

menning@frettabladid.is

## JPV tekur við Kundera

Vistaskipti hafa orðið hjá tékkneska rithöfundinum Milan Kundera á Íslandi. JPV útgáfa hefur tekið við íslenska útgáfuréttinum á verkum hans af Máli og menningu.
Samningar þessa efnis tókust fyrr í þessum mánuði milli JPV útgáfu og höfundarins, sem er einn virtasti og vinsælasti rithöfundur heims. Í framhaldi af því mun ein vinsælasta skáldsaga hans á heimsvísu, Lífið er annars staðar, koma út hjá JPV í haust. Sagan fjallar um ungskáldið Jaromil og einlæga en fremur grátbroslega leit hans að ást og fullkomnun. Friðrik Rafnsson þýðir þessa bók eins og aðrar bækur Kundera hérlendis.
Milan Kundera er sennilega þekktastur fyrir skáldsöguna Óbærilegur léttleiki tilverunnar. Nýjasta bók hans, ritgerðasafnið Tjaldið, kom út í París nú í byrjun apríl og hefur hlotið afar lofsamlega dóma í Frakklandi, en hún er líka nýkomin út í Þýskalandi, á Ítalíu og víðar.
Mál og menning hefur frá árinu 1986 gefið út



verk Kundera, alls sjö skáldsögur, smásagnasafn og ritgerðasafn, en hann hefur nú ákveðið að færa sig yfir til JPV sem mun eftirleiðis sjá um útgáfu á verkum hans.

### EKKI MISSA AF…

… glerlistarsýningum í Gerðarsafni í Kópavogi, sem lýkur nú um helgina. **Gerður Helgadóttir, Meistari glers og málma** nefnist sýning á efri hæð safnsins, en á neðri hæð er sýning á verkum bresku glerlistarkonunnar **Caroline Swash**, sem er yfirmaður glerlistardeildar St. Martin's Central College of Art and Design í London.

… óperunni **Apótekaranum** eftir Haydn, sem þáttakendur í Óperustúdíói Íslensku óperunnar og Listaháskóla Íslands frumsýna í Íslensku óperunni.

… **kóramóti íslenskra kvennakóra**, sem haldið verður í Hafnarfirði um helgina. Þar hefja sex hundruð konur upp raust sína og syngja af hjartans lyst.





**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Í kvöld kl 20 - **UPPSELT,**
Fö 6/5 kl 20 - **AUKASÝNING,**
Fö 20/5 kl 20 - **AUKASÝNING,**
Fö 27/5 kl 20 - **AUKASÝNING,**
***Síðustu sýningar***

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir Vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar*
Lau 30/4 kl 20, Su 8/5 kl 20, Fö 13/5 kl 20
Su 22/5 kl 20, Fi 26/5 kl 20
- ***Síðustu sýningar***

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Fö 29/4 kl 20, Lau 7/5 kl 20, Lau 21/5 kl 20
- ***Síðustu sýningar***

**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren*
*Í samstarfi við Á þakinu*
Su 1/5 kl 14 - **UPPSELT** Su 1/5 kl 17,
Fi 5/5 kl 14, Lau 7/5 kl 14, Su 8/5 kl 14,
Lau 14/5 kl 14

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN*

**TERRORISMI**
*e. Presnyakov bræður*
Í kvöld kl 20, Fi 5/5 kl 20, Fi 12/5 kl 20.

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Fö 29/4 kl 20 - **UPPS.,** Lau 30/4 kl 20 - **UPPS.,**
Su 1/5 kl 20 - **UPPS.,** Mi 4/5 kl 20 - **UPPS.,**
Fi 5/5 kl 20 - **UPPS.,** Fö 6/5 kl 20 - **UPPS.,**
Lau 7/6 kl 20 - **UPPS.,** Su 8/5 kl 20 - **UPPS.,**
Fi 12/5 kl 20

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Í kvöld kl 20 - ***Aukasýning***

**RIÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ**
*e. Önnu Reynolds.*
*Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.*
Lau 30/4 kl 20, Fö 6/5 kl 20, Lau 7/5 kl 20

DANSLEIKHÚSIÐ

**AUGNABLIKIÐ FANGAÐ**
*fjögur tímabundin dansverk*
Su 1/5 kl 19:09 ***Síðasta sýning***

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is • Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudag

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**GRJÓTHARÐIR**
**AÐEINS ÞRJÁR SÝNINGAR EFTIR!**

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
Í kvöld fim. 28/4 **örfá sæti laus**, sun. 8/5 **örfá sæti laus**.
**Aðeins þessar tvær sýningar eftir!**

**DÍNAMÍT** - *Birgir Sigurðsson*
2. sýn. fös. 29/4 **örfá sæti laus**, 3. sýn. sun. 1/5 **örfá sæti laus**, 4. sýn. fim. 5/5 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fös. 6/5 **örfá sæti laus**, 6. sýn. mið. 11/5 **örfá sæti laus**.

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Lau. 30/4 **uppselt**, lau. 7/5 **uppselt**, fim. 12/5 **uppselt**, fös. 13/5 **uppselt**, fös. 20/5 **nokkur sæti laus**, sun. 22/5. **Sýningum fer fækkandi í vor.**

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
Sun. 1/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, mán 2/5. kl. 13:00 **uppselt**, sun. 8/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 22/5 kl. 14:00 **uppselt**, lau. 28/5 kl. 14:00.

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
Í kvöld fim. 28/4 **örfá sæti laus**, fös. 29/4 **nokkur sæti laus**, sun. 1/5. **Aðeins þessar þrjár sýningar eftir.** Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ **Litla sviðið kl. 20.00**

**KODDAMAÐURINN** - *Martin McDonagh*
Fös. 29/4 **nokkur sæti laus**, sun. 1/5 **nokkur sæti laus**, fim. 5/5 **uppselt**, fös. 6/5 **örfá sæti laus**, mið. 11/5 **nokkur sæti laus**, lau. 28/5 **uppselt**.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
Sýningin hentar ekki viðkvæmu fólki og börnum.

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**


# Á köflum alveg djöfullegt

„Jú, ég hef sungið þetta í nokkrum uppfærslum áður," segir Kristinn Sigmundsson um hlutverk Mefistófelesar í Fordæmingu Fásts, óperu eftir Hector Berlioz sem flutt verður í konsertuppfærslu á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld.

Verkið er meðal merkustu tónverka rómantíska tímans og hefur aldrei áður verið flutt í heild sinni hér á landi. Kristinn hefur hins vegar tekið þátt í flutningi þess víða um heim undanfarin tíu ár eða svo, meðal annars í Ástralíu og Bandaríkjunum.

„Fyrst söng ég þetta fyrir um það bil tíu árum í Bastillunni í París. Þetta var það fyrsta sem ég söng þar, og svo hef ég sungið þetta hér og þar, meðal annars á Berlioz-hátíð í fæðingarborg Berliozar."

Á þeirri hátíð sungu með honum þau Donald Kaasch tenór og Beatrice Uria-Monzon, sem einnig taka þátt í uppfærslunni hér á landi í kvöld. Kristinn segir þau bæði afburða góða söngvara og það var hann sem stakk upp á því að þau yrðu fengin til að syngja með sér í þessari uppfærslu. Ástæðan er sú að þau hafa staðið sig betur en aðrir söngvarar sem hann hefur sungið með í þessu verki.

„Tenórhlutverkið er til dæmis óskaplega krefjandi. Berlioz skrifaði mjög svínslega fyrir tenóra og í rauninni er eins og þetta sé skrifað fyrir tvo eða þrjá tenóra. Af þeim sem ég hef sungið með er Donald Kaasch eiginlega sá eini sem mér finnst geta gert þetta allt saman."

Ekki síður er Kristinn hrifinn af mezzó-sópransöngkonunni Beatrice Uria-Monzon, sem fer með hlutverk Margrétar, heitkonu Fásts.

„Hún er til dæmis ein frægasta Carmenin þeirra í Frakklandi og er með rödd sem ég get varla hlustað á nema fara að gráta. Þetta er svo stór og mikil rödd, hljómurinn safaríkur og fallegur."

Fjórði einsöngvarinn er Ólafur Kjartan Sigurðarson, sem reyndar fer með frekar lítið hlutverk í



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FÁST FYLGIST MEÐ MEFISTÓFELESI** Kristinn Sigmundsson sést þarna ásamt bandaríska tenórnum Donald Kaasch á æfingu með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Háskólabíói. Í kvöld verður Fordæming Fásts eftir Berlioz flutt í fyrsta sinn hér á landi.

þessu annars stórbrotna verki.

„Hann syngur fullan þýskan stúdent," segir Kristinn, „sem syngur um ófarir rottu sem lendir inni í ofni og stiknar þar. Síðan syngur kórinn sálumessu yfir rottunni."

Hins ógæfusama Fásts bíða reyndar svipuð örlög, því hann þarf að stikna í helvíti fyrir að hafa selt djöflinum sál sína.

Auk einsöngvaranna taka glæsilegir kórar taka þátt í flutningi verksins. Karlakórinn Fóstbræður kemur fram undir stjórn Árna Harðarsonar, Óperukórinn í Reykjavík og unglingakór Söngskólans einnig og þar heldur Garðar Cortes um stjórnartauma.

„Þetta er stórkostleg músík og mjög aðgengileg, á köflum alveg himnesk og svo á köflum náttúrlega alveg djöfulleg,"

Kristinn getur ekki stillt sig um að hrósa Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem hann segir standa sig hreint ótrúlega vel í þessu verki sem hann hefur svo oft tekið þátt í að flytja.

„Ég er að heyra hluti í hljómsveitinni sem ég hef aldrei heyrt áður, og þó tel ég mig þekkja þetta verk vel." ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL
25 26 27 **28** 29 30 1
**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 19.30 Einsöngvararnir **Kristinn Sigmundsson, Ólafur Kjartan Sigurðarson, Beatrice Uria-Monzon** og **Donald Kaasch** flytja **Fordæmingu Fásts** eftir Hector Berlioz ásamt **Sinfóníuhljómsveit Íslands, Óperukórnum í Reykjavík** og **Karlakórnum Fóstbræðrum** á tónleikum í Háskólabíói. Kórstjórar eru **Garðar Cortes** og **Árni Harðarson**, en hljómsveitarstjóri er **Rumon Gamba**.

☐ 20.00 Karlakórinn **Þrestir** í Hafnarfirði heldur vortónleika í Hafnarborg í Hafnarfirði. **Örn Árnason** leikari syngur einsöng með kórnum, en stjórnandi er **Jón Kristinn Cortez**.

☐ 21.00 Djasskvintettinn **AutoReverse** stígur á stokk á síðustu Múlatónleikum vetrarins á Hótel Borg. Á efnisskránni er kraftmikill jazz úr ýmsum áttum.

☐ Hljómsveitirnar **The Fucking Champs** og **Dark Harvest** spila á Grand Rokk.

### SKEMMTANIR

☐ 20.00 **Trúbadorakeppni Suðurnesja** verður haldin í Ránni í Keflavík.

### FYRIRLESTRAR

☐ 17.15 Rektor Háskóla Íslands og Sendiráð Frakklands á Íslandi efna til opins fyrirlestrar **Frédéric Baleine du Laurens** um þátt Frakklands öryggis- og varnarmálastefnu Evrópu. Hann verður haldinn í Háskóla Íslands, Lögbergi, stofu 101.

### FUNDIR

☐ 07.45 Félagsfræðingafélag Íslands stendur fyrir opnum morgunverðarfundi á Grand hóteli í Reykjavík um foreldrahlutverkið og atvinnulífið. Þrír félagsvísindamenn, þau **Gyða Margrét Pétursdóttir, Gísli Hrafn Atlason** og **Hildur Friðriksdóttir** kynna niðurstöður nýrra rannsókna um samþættingu fjölskyldulífs og atvinnu.

### SAMKOMUR

☐ 20.30 Bókaforlagið Bjartur efnir til **Vorbókahátíðar** á kaffihúsinu Súfistanum, Laugavegi 18. Tilefni hátíðarinnar er útgáfa bókanna Útgönguleiðir eftir Steinar Braga, Steinsteypa eftir Thomas Bernhard og Stríðsmenn Salamis eftir Javier Cercas. Lesið verður úr bókunum þremur, auk þess sem **Hjálmar Sveinsson** og **Jón Hallur Stefánsson**, þýðendur þeirra Bernhards og Cercasar, kynna sína höfunda. Einnig mun huldusveitin **Yellow Monkey Flower** troða upp.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Síðasti Múladjass vetrarins

Djasskvintettinn AutoReverse kemur fram á síðustu tónleikum vetrarins hjá djassklúbbnum Múlanum, sem haldnir verða í gyllta salnum á Hótel Borg í kvöld.

Kvintettinn er skipaður tveimur blásurum, þeim Ívari Guðmundssyni á trompet og Steinari Sigurðarsyni á saxófón, ásamt Sigurði Þór Rögnvaldssyni á gítar, Pétri Sigurðssyni á bassa og Kristni Snæ Agnarssyni á trommur.

„Þetta eru allt saman nýleg djasslög sem við ætlum að flytja og þetta verður í fjörugri kantinum,“ segir Sigurður gítarleikari. „Líf og fjör og kraftur.“

Hljómsveitin varð til í fyrra og kom fyrst fram á djasshátíð í Vestmannaeyjum síðasta sumar. Stuttu síðar héldu þeir til Stokkhólms þar sem þeir kepptu fyrir Íslands hönd í hinni árlegu norrænu ungliða-jazzkeppni.



**AUTOREVERSE** Nokkrir ungir djassleikarar spila á síðustu Múlatónleikum vetrarins í kvöld.

Einnig komu þeir fram á Djasshátíð Reykjavíkur í haust.

„Við stefnum á frekari spilamennsku í sumar og ætlum að reyna að halda áfram sem hljómsveit,“ segir Sigurður. ■


**Apótekarinn** eftir Haydn
Óperustúdíó Íslensku óperunnar og Listaháskóla Íslands

29. apríl kl. 20 - **Frumsýning**
1. maí kl. 20 - 2. sýn - 3. maí kl. 20 - 3. sýn
8. maí kl. 20 - 4. sýn - 10. maí kl. 20 - 5. sýn - **Lokasýning**
**Ath. Aðgangur ókeypis**

**DVD sýning Vinafélags Íslensku óperunnar**
**Otello eftir Verdi**
Laugardaginn 30. apríl kl.14.00-17.30. Sýningin er á hliðarsvölum Íslensku óperunnar (gengið er inn um aðalinngang).
Allir velkomnir - Aðgangur ókeypis

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200** | ÍSLENSKA ÓPERAN
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400
















VEITINGASTAÐURINN
**Á NÆSTU GRÖSUM**
LAUGAVEGI 20B, 101 REYKJAVÍK



# *Heimsins besta súkkulaðikaka*

**Hvernig er stemmningin?** Veitingastaðurinn Á næstu grösum er einn af elstu grænmetisveitingastöðum borgarinnar. Innréttingarnar eru hlýlegar með skandinavísku yfirbragði. Staðurinn laðar að sér breiðan hóp fólks á öllum aldri. Það er létt yfir staðnum og er alltaf jafn gaman að koma þangað hvort sem hann er heimsóttur í hádeginu eða á kvöldin. Á næstu grösum er vinsæll hjá hópum því auðvelt er að setja saman borð og láta fara vel um alla. Einnig er gaman að fara þangað í síðdegiskaffi því staðurinn býður upp á heimsins bestu kökur.

**Matseðillinn:** Hráefni úr jurtaríkinu er allsráðandi Á næstu grösum þótt££ staðurinn sé ekki beinlínis heilsustaður. Þeir sem eru hrifnir af grænmetisbuffum, lasagna og indverskum mat ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, en boðið er upp á indverskan mat allar helgar. Á matseðlinum eru líka heimsins bestu kökur og er franska súkkulaðikakan orðin fræg um víðan völl.

**Vinsælast:** Þar sem réttir dagsins eru breytilegir frá degi til dags er erfitt að henda reiður á hvaða réttir eru vinsælastir. Réttur dagsins hverju sinni er yfirleitt mest tekinn.

**Réttur dagsins:** Boðið er upp á rétti dagsins, sem eru misjafnir frá degi til dags. Um er að ræða bæði grænmetisrétti og súpur.



## YELLOW TAIL: Ástralska undravínið

Enginn vínframleiðandi í Ástralíu hefur náð eins góðum árangri á jafn skömmum tíma og Yellow Tail en vínið kom fyrst á markað 2001. Í dag er Yellow Tail vinsælasti ástralski framleiðandinn í Bandaríkjunum. Ekkert vín selst eins mikið í 750 ml flöskum í Bandaríkjunum og Yellow Tail Shiraz. Sama er að gerast hér á landi. Yellow Tail Shiraz er að verða vinsælasta ástralska vínið þrátt fyrir að hafa aðeins verið á markaðnum í skamman tíma.Yellow Tail fæst í fimm mismunandi útgáfum og er vert að prófa þær allar.

**Yellow Tail Shiraz, Cabernet/Shiraz, Merlot og Cabernet eru á kynningarverði á 1.190 kr. og Chardonnay á aðeins 1.070 kr.**





FRÉTTABLAÐIÐ: GVA

Matgæðingurinn Svanbjörg Helena Jónsdóttir reynir að hafa hollustuna í fyrsta sæti.

# Get gleymt mér tímunum saman í eldhúsinu

### Svanbjörg Helena Jónsdóttir lumar á gómsætri uppskrift af sumarkjúklingi

Svanbjörg Helena Jónsdóttir hefur sett heilbrigðan lífsstíl ofar öllu og finnst fátt skemmtilegra en að matbúa. Hún er mikill sælkeri og getur gleymt sér tímunum saman í eldhúsinu enda er hún mikill dúllari í sér. Þegar vel liggur á henni á hún það til að búa til sitt eigið pasta og svo er hún líka æði góð í því að búa til konfekt úr fíkjum og döðlum. Svanbjörg er einkaþjálfari og starfar á sölu-og markaðssviði Icelandair. Í frístundum hleypur hún mikið og reynir að fara hinn gullna meðalveg þegar kemur að mataræði. Hún notar gjarnan 80/20 regluna en hún gengur út á að borða hollan mat í 80% tilfella með 20% af svindli. Aðspurð um hvað hún þurfi að eiga í eldhúsinu til að geta búið til ljúffenga máltíð nefnir hún parmesan ost, furuhnetur, kotasælu og góðar ólífuolíur.

„Balsamik edikið er líka nauðsynlegt ásamt spínati, eggjum og hveiti. Ef hugmyndaflugið er virkt eru möguleikarnir óþrjótandi. Með þessu hráefni má gera heimatilbúið pasta frá grunni með spínatfyllingu," segir Svanbjörg en henni finnst mjög skemmtilegt að búa til ferskt og fyllt pasta. Mataráhugi hennar kviknaði þegar hún flutti að heiman um tvítugt. Þá fór hún að grúska í matreiðslubókum en hún hefur einnig fengið mikið af góðum matarhugmyndum hjá föður sínum og Eddu konu hans. „Þau eru miklir matgæðingar og mjög góðir kokkar bæði tvö. Ég fæ stöðugt nýjar hugmyndir þegar ég borða hjá þeim og hafa þau haft mikil áhrif á mína matargerð." Í kryddskápnum hennar Svanbjargar er að finna karrý, tandori, cumin, kóríander, gróft salt og nýmalaðan svartan pipar. Hún segist líka vera svag fyrir ferskum kryddjurtum. Eins og sést á kryddskápnum á indverskur matur upp á pallborðið hjá henni ásamt baunaréttum af ýmsu tagi. Þegar hún fer út að borða finnst henni skemmtilegast að fara á LaPrimavera, Austur Indíafélagið eða Ban Thai. Þar sem sumarið er á næsta leiti ætlar Svanbjörg að gefa lesendum uppskrift að einföldum sumarkjúklingi sem allir ættu að geta matreitt.

**HEILL KJÚKLINGUR**
**1 1/2 sítróna**
**5 msk ferskt timian (auk nokkurra timian stöngla til að setja inn í kjúklinginn)**
**4 hvítlauksrif**
**2 tsk Maldon salt**
**2 tsk ferskur grófmulinn pipar**

Byrjið á því að hita ofninn í 180°-200° og hreinsið timian af stönglinum. Kreistið safann úr heilli sítrónu í skál og setjið timian og pressaðan hvítlauk út í. Stingið kjúklinginn vel og vandlega með gaffli til að hleypa kryddinu að kjötinu og nuddið kjúklinginn vel upp úr kryddleginu og stráið saltinu og piparnum yfir. Setjið 1/2 sítrónu (þvoið börkinn vel) og nokkra timianstöngla inn í kjúklinginn og lokið fyrir með tannstönglum. Leyfið kjúklingnum að marinerast í u.þ.b. 2-3 klst, eftir það er hann bakaður í 1 klukkustund. Gott er að hella soðinu af kjúklingnum í skál og bera fram með kjúklingnum.

**KARTÖFLURÉTTUR**
**8 kartöflur**
**250-300 gr kotasæla**
**200 gr Sharwoods Bengal spice Mango Chutney (u.þ.b. 1/2 krús)**
**2 msk olía**
**Salt og pipar**

Sjóðið kartöflur og skerið í grófa teninga. Hitið olíu á pönnu og léttsteikið kartöflurnar og bætið salt og pipar útí eftir smekk. Hrærið kotasælu og Mango Chutney saman. Bætið kartöflum útí og setjið í eldfast mót. Setjið inn í ofn í 20-30 mín á 180°-200° hita.

Gott er að hafa ferskt salat með kjúklingnum.

MATGÆÐINGURINN **KRUMMI Í MÍNUS**

# *Sterkur matur bestur við þynnku*



**Hvaða matar gætir þú síst verið án?** Ég gæti ekki lifað án indversks matar og heldur ekki án fisks. Sérstaklega fisksins sem mamma matreiðir, hún er sérlega góður kokkur.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Já, þó ég sé hrifinn af fiski hefur mér aldrei líkað við sushi. Ég er heldur ekki mikið fyrir villibráð og borða alls ekki lifur eða neitt slíkt.

**Fyrsta minningin um mat?** Ætli það hafi ekki verið á jólunum 1983 eða '84 þegar ég var að leika mér með brúnu sósuna sem var með kalkúninum. Ég var búinn að klína sósunni upp um alla veggi því ég var svo spenntur að opna pakkana. Mig minnir að ég hafi fengið einhverja kalla og bíla í jólagjöf.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Þær eru margar. Eina af þeim bestu fékk ég á dögunum í Los Angeles á staðnum Rainbow en það er gamall og frægur rokkstaður. Hann er veitingastaður á daginn og kvöldin en á nóttunni breytist hann í bar. Ég fékk mér steikarsamloku sem var mjög góð. Það var líka skemmtilegt að borða þarna því stemmningin var svo góð og ég var í góðum félagsskap.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?** Náttúrlega alls konar krydd eins og Season All og sjávarsalt. Svo finnst mér alltaf jafn gott að fá mér Ritz-kex með rækjusalati.

**Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur?** Það er gott að borða sterkan mat þegar maður er þunnur, allt frá taílenskum yfir í indverskan. Svo er mexíkóskur matur alltaf jafn góður ásamt ítölskum.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?** Ég á alltaf til mjólk því ég er alger mjólkurkarl. Stundum er líka til appelsín.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér?** Ég myndi taka með mér tikka masala kjúkling, kryddkartöflur og nanbrauð.

**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?** Ég borðaði einu sinni kanínu á Ítalíu. Ég man að hún bragðaðist alveg eins og kjúklingur svo ég hef látið það nægja eftir það að borða bara kjúkling.

# PETER LEHMANN: Eðalvín á kjörverði



Vín frá Ástralíu eru fyrir löngu búin að festa sig í sessi hér á landi. Íslenskir neytendur hafa áttað sig á því að þau bjóða gífurlega mikið fyrir peninginn. Vínræktarsvæði Ástralíu eru mörg en fá eiga jafnmikla sögu og Barossa-dalurinn, miðstöð víngerðar í Suður-Ástralíu. Ef einhver einn einstaklingur hefur mótað Barossa umfram aðra þá er það líklega Peter Lehmann, sem oft er nefndur baróninn af Barossa. Lehmann-vínin hafa notið gífurlegra vinsælda um allan heim og er Ísland þar engin undantekning. Á áströlskum dögum í Vínbúðum eru fjögur vín frá meistara Lehmann á kynningarverði, hvítvínin Wildcard Chardonnay og Barossa Semillon. Einnig rauðvínin Wildcard Shiraz og Barossa Cabernet Sauvignon. Nemur verðlækkun á vínunum allt að 200 kr. Áströlsku dagarnir eru því kjörið tækifæri til að veita sér eðalvín á kjörverði.



**Peter Lehman Barossa Semillon**

„Það má segja að Semillon-þrúgan hafi fundið náttúrulegan samastað sinn hjá okkur í Barossa-dalnum. Stíllinn liggur gullfallega á milli ferskleikans sem einkennir riesling-þrúguna og þunga chardonnay-þrúgunnar," segir Peter Lehmann um þetta spennandi hvítvín. Fiskur og austurlenskur matur eru kjörnir félagar með þessu vinsælasta semillon-víni Ástrala.

**Kynningarverð á áströlskum dögum 1.090 kr.**

**Peter Lehmann Barossa Cabernet Sauvignon**

Við gerð þessa frábæra víns koma bæði við sögu frönsk og amerísk eik í tunnurnar sem vínið er geymt í. Karakter vínsins ber talsverðan keim af eikargeymslunni og með 5-8 ára geymslu er þetta orðið algjört eðalvín. Vínið er kraftmikið og berjaríkt, þroskuð sólber og brómber.

**Kynningarverð á áströlskum dögum 1.390 kr.**



# Ástralskir dagar í Vínbúðum

**25. APRÍL TIL 21. MAÍ**

Í vikunni hófust ástralskir dagar í Vínbúðunum sem standa næstu þrjár vikurnar. Þar eru 19 hvítvín og 40 rauðvín á kynningarverði og eru þau kynnt í í handhægum og fróðlegum bæklingi í Vínbúðunum.

Þó svo að áströlsk víngerð eigi sér ekki langa sögu, þá hefur hún haft mikil áhrif í vínheiminum. Öfugt við gamla heiminn þá hafa Ástralar engar hefðir né strangar reglur sem þarf að fara eftir. Því eru fáir þröskuldar í vegi víngerðarinnar og eru Ástralar óhræddir við að fara ótroðnar slóðir, og nýta sér jafnframt nýjustu tækni í víngerðinni. Ástralar vilja gera vínin aðgengileg og tilbúin til drykkjar, búa til vín sem falla að óskum neytenda, og er þar eflaust að finna skýringu á vinsældum ástralskra vína. Einkenni ástralskra vína eru kannski helst þau að víngerðarmennirnir taka bragðefnin og helstu einkenni þrúgunnar og koma þeim fyrir í flöskunni. Útkoman er ávaxtarík, oft mjúk vín með eikarkeim og sætum berjaríkum ávexti.

**Trompið shiraz**

Shiraz/Syrah má kalla trompþrúgu Ástrala, en vín úr þessari þrúgu hafa náð miklum vinsældum. Dökk rauðvín með allt frá meðalfyllingu til bragðmikilla og kröftugra vína. Ávaxtarík vín, oft kjarnmikil og kröftug með tóna af dökkum kirsuberjum, sólberjum, myntu, eucalyptus, oft mikilli eik og stundum tjöru, svo eitthvað sé nefnt. Shirazvín geta oft verið stöm eða tannísk, en slík vín passa vel með bragðmiklum og kröftugum mat, t.d. nautakjöti og villibráð með bragðmiklum sósum. Krydd eins og rósmarín og salvía og sósur sem innihalda smjör eða rjóma henta vel. Fitan í rjómanum og smjörinu eða önnur fita hefur mýkjandi áhrif á tannínin í víninu.




**Cabernet oft blönduð**

Cabernet sauvignon þrúgan er oft blönduð með shiraz, en ein og sér gefur hún af sér ávaxtarík, frekar dökk rauðvín sem hafa meðalfyllingu til bragðmikilla og kröftugra vína. Vínin eru oft með nokkuð sætan ávöxt með áberandi ilmi af sólberjum, myntu, eucalyptus og mikilli eik. Léttari vínin geta passað með grilluðum fiski og ljósu kjöti, en vín með meðalfyllingu ganga með rauðu kjöti og eru góð með lambakjöti og grilluðu kjöti.





> Coldplay



> Velvet Revolver

## Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

**Coldplay:** Speed of Sound, **Hal:** Hal, **Velvet Revolver:** Contraband, **British Sea Power:** Open Season, **Stereophonics:** Language, Sex, Violence, Other?, **Oasis:** Don't Believe the Truth.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# *Mugison á ferð og flugi*



Tónlistarmaðurinn Mugison, sem gaf út eina af bestu plötum síðasta árs, Mugimama is this Monkeymusic?, hóf tónleikaferð sína um Evrópu í Wales í fyrrakvöld.

Í kvöld spilar hann á The Windmill í London en fer síðan til Skotlands þar sem hann heldur þrenna tónleika. Í byrjun maí er ferðinni svo heitið til Noregs og Svíþjóðar en þar hitar Mugison upp fyrir bresku hljómsveitina Out Hud sem hefur vakið nokkra athygli upp á síðkastið. Eftir það fer hann til Þýskalands þar sem hann heldur tvenna tónleika, því næst til Belgíu og ferðinni lýkur síðan í París þann níunda maí.

Í spjalli við Fréttablaðið sagðist Mugison hlakka mikið til tónleikaferðarinnar. Flestir staðirnir sem hann spilar á eru á stærð við Grand rokk hérna heima og vonaðist hann eftir því að sem flestir myndu láta sjá sig. Auk þess að halda tónleika flest öll kvöldin í ferðinni mun hann spila eitthvað í útvarpi og því bjóst hann við nokkuð stífri dagskrá.

Mugison verður á ferð og flugi í sumar því hann ætlar einnig í tónleikaferð um Vestfirði 23. til 26. júní ásamt fleiri tónlistarmönnum og skömmu síðar heldur hann í víking til Danmerkur til að spila á Hróarskelduhátíðinni víðfrægu sem verður haldin dagana 30. júní til 3. júlí.

### > Plata vikunnar ...



**OUT HUD: Let Us Never Speak of It Again**

*„Elektróník fyrir þenkjandi fólk sem veit ekkert betra í heiminum en að tapa sér í dansi.“* **BÖS**

### > Popptextinn ...



*„If I had your love*
*I could live my dream*
*Flying high above*
*Everything.“*

- Selma flögrar um á ástarskýi í Eurovision-laginu If I Had Your Love. Smáskífa með laginu kemur út í næstu viku.

## [ X-Dominoslistinn ]

*TOPP 10 LISTI X-FM - 27. APRÍL*

| | | |
|---|---|---|
| 1 | **SYSTEM OF A DOWN** | B.Y.O.B |
| 2 | **WEEZER** | Beverly Hills |
| 3 | **WHITE STRIPES** | Blue Orchid |
| 4 | **COLDPLAY** | Speed of Sound |
| 5 | **AUDIOSLAVE** | Be Yourself |
| 6 | **NINE INCH NAILS** | The Hand That Feeds |
| 7 | **KASABIAN** | Í.S.F |
| 8 | **INTERPOL** | C'mere |
| 9 | **OASIS** | Lyla |
| 10 | **MODEST MOUSE** | The World at Large |



**SYSTEM OF A DOWN** Rokksveitin öfluga heldur toppsæti X-Dómínóslistans þrátt fyrir harða atlögu nýrra laga.

## [ SMS ]

**UM NÝJUSTU PLÖTURNAR**

### Michael Bublé: It's Time

„Bublé vill verða næsti Frank Sinatra. Hann er góður söngvari en of mikil eftirherma til að hægt sé að setja hann á háan stall.“ *FB*

### The Bravery: The Bravery

„The Bravery er líklegast hljómsveit sem þú átt annaðhvort eftir að elska eða hata. Frumraun þeirra er vandað sykurhúðað bílskúrsrokk sem ætti að koma rokkáhugamönnum í gott skap, a.m.k. að fá þá til að brosa.“ *BÖS*

### Moby: Hotel

„Moby gefur út enn eina plötuna, og hverjum er ekki sama? Merkilega sálarlaust, ódýrt og óáhugavert. Tími Moby er liðinn.“ *BÖS*

# Svona verður tónlistarsumarið

**Fjölmargar athyglisverðar íslenskar plötur verða gefnar út í sumar. *Freyr Bjarnason* stiklaði á stóru yfir það helsta sem er á leiðinni.**

Fjölmargar athyglisverðar íslenskar plötur koma út í sumar. Þó svo að eftirfarandi upptalning sé ekki tæmandi gefur hún góða mynd af því sem er í vændum fyrir tónlistarunnendur.

### Idol-keppendur með nýjar plötur

Af því sem er framundan hjá Senu, sem áður hét Skífan, ber fyrst að nefna smáskífu með Eurovision-lagi Selmu, If I Had Your Love, sem kemur út í byrjun næstu viku. Þar er um að ræða fína upphitun fyrir keppnina sjálfa sem verður haldin í Kíev dagana 19. til 21. maí.

Þann 5. maí kemur síðan út fyrsta plata sigurvegara Idol-keppninnar, Hildar Völu. Verður hún samnefnd söngkonunni, eins og svo oft er gert þegar nýir listamenn eru kynntir til sögunnar. Davíð Smári, sem einnig sló í gegn í Idol, gefur út sína fyrstu plötu um miðjan júní en gripurinn hefur enn ekki fengið nafn. Annar ungur og efnilegur piltur, trúbadorinn Helgi Valur Ásgeirsson, gefur að auki út frumburð sinn 30. maí sem ber heitið The Demise of Faith.



**BUBBI** Rokkkóngurinn fylgir í fótspor Idolkrakkanna og sendir frá sér tvær athyglisverðar endurútgáfur.

### Ísbjarnarblús 25 ára

Þrjár af frægustu plötum íslenskrar dægurtónlistar verða endurútgefnar hjá Senu. Ísbjarnarblús, frumburður Bubba Morthens, verður 25 ára 17. júní og af því tilefni verður gefin út viðhafnarútgáfa af plötunni með hvorki meira né minna en tólf aukalögum. Voru þau öll tekin upp áður en platan kom út. Meðal annars eru þarna tónleikaupptökur af þeim lögum sem eru á plötunni og hljóðverslög sem ekki komust þar inn á sínum tíma. Eitt til tvö þessara tólf laga hafa ekki verið gefin út áður.

Á þjóðhátíðardaginn verða einnig liðin 30 ár síðan Sumar á Sýrlandi með Stuðmönnum kom út. Af því tilefni verður platan endurútgefin með nokkrum aukalögum. Verður þar um að ræða nýjar upptökur Stuðmanna af þeim lögum sem fyrir eru á þessari sígildu plötu. Í júlí kemur síðan út endurútgáfa af Bubbaplötunni Konu, en þá verða 20 ár liðin frá útgáfu hennar. Á plötunni verða þrjú til fjögur aukalög, þar af tvö óútgefin.

Í sama mánuði koma út safnplöturnar Íslandslög 7, Pottþétt 38 og Svona er sumarið. Ekki má heldur gleyma safnplötunni Svona er Eurovision sem kemur út í maí en þar verður að mestu að finna erlenda slagara.



**HILDUR VALA** Idol-stjarnan gefur út sína fyrstu plötu 5. maí.

### Björk og Gargandi snilld

Smekkleysa gefur á mánudag út nýja plötu frá Björk, með endurhljóðblönduðum útgáfum tónlistarmanna á lagi hennar Army of Me. Á meðal þeirra sem koma við sögu er Dr. Gunni sem setur lagið í raftónlistarbúning sem verður að teljast óvenjulegt af hans hálfu. Síðar í mánuðinum stendur svo til að gefa út plötu með tónlist við kvikmynd Ara Alexander, Gargandi snilld, sem fjallar um íslenskt tónlistarlíf. Um mitt sumar gefur Smekkleysa síðan út aðra plötu rokksveitarinnnar Kimono, en sú fyrsta hét Mineur-aggressif og vakti töluverða athygli. Í seinni hluta júlí er að auki væntanleg ný plata frá hljómsveitinni Dr. Spock.

### Önnur plata Þóris

Fjórar plötur verða gefnar út á vegum 12 tóna í sumar. Kántrípoppsveitin Hudson Wayne gefur út plötu eftir um það bil þrjár vikur og Stórsveit Nix Noltes er væntanleg með sína fyrstu plötu í fyrri hluta júlí. Sú sveit spilar að mestu þjóðlög frá Búlgaríu í sínum eigin útsetningum. Trúbadorinn Þórir kemur með nýja plötu í ágúst eða september en upptökum á henni er að ljúka. Þórir gaf út eina af bestu plötum síðasta árs og því verður spennandi að sjá hvernig hann fylgir henni eftir. Einnig munu 12 tónar dreifa fyrstu EP-plötu rokksveitarinnar Hölt hóra í sumar.

### Nýtt frá Leaves og Hot Damn!

Af fleiri áhugaverðum plötum sem eru væntanlegar er önnur plata Leaves, The Angela Test, sem kemur út 30. maí á vegum Island/Universal útgáfufyrirtækisins. Fyrsta plata dúettsins Hot Damn!, The Big n' Nasty Groove O' Mutha, er svo væntanleg 11. maí, en lög af plötunni hafa náð töluverðri spilun í útvarpi upp á síðkastið. Hafnfirska rokksveitin Úlpa gefur síðan út sína aðra plötu, Attempted Flight By Winged, síðla sumars. ■




# Þungarokksveitin Megadeth til Íslands

Bandaríska þungarokksveitin Megadeth heldur tónleika hér á landi þann 27. júní næstkomandi. Þetta kemur fram á heimasíðu sveitarinnar og verða tónleikarnir að öllum líkindum í Kaplakrika.

Tónleikarnir eru hluti af Blackmail the Universe tónleikaferðinni sem hófst í Bandaríkjunum í október í fyrra. Evróputúr Megadeth hefst 3. júní og verða tónleikarnir á Íslandi þeir síðustu í þeirri reisu. Sveitin er að fylgja eftir sinni tíundu hljóðversplötu, The System Has Failed, sem kom út á síðasta ári og fékk góðar viðtökur.

Megadeth var stofnuð árið 1983 af forsprakkanum Dave Mustaine, David Ellefson, Kerry King og Lee Rausch. Mustaine hafði ári áður verið rekinn úr rokksveitinni Metallica, sem hélt einmitt eftirminnilega tónleika í Egilshöll síðasta sumar.

Liðsskipan Megadeth hefur breyst mikið í gegnum tíðina og núna er Mustaine eini upprunalegi meðlimurinn í sveitinni. Þeir sem nú starfa með honum eru Glen Drover, James MacDonough og Shawn Drover.



**MEGADETH** Þungarokksveitin Megadeth, sem var stofnuð fyrir 22 árum, heldur tónleika hér á landi 27. júní.

tmhusgogn.is



# Þægindi

## í fyrirrúmi

rúm

Jensen rúmin eru hágæða rúm frá Noregi.
Komdu í heimsókn til okkar og finndu þægindin.




### 6 góðar ástæður fyrir því að velja Jensen rúm

- Pokafjaðrir
- Svæðisskipt fjöðrun
- Hægt að þvo áklæði af yfirdýnu á 60°
- Valfrjáls stífleiki, mjúkar, meðalstífar, stífar
- Bólstruð úr vistvænum efnum
- Áklæði sem teygist og gefur betur eftir

**Opið**

Mán. - fös. 10.00 - 18.00 • Laugard. 11.00 - 16.00 • Sunnud. 13.00 - 16.00

**TM - HÚSGÖGN**
Síðumúla 30 - Sími 568 6822
*- ævintýri líkust*



**SELMA BJÖRNSDÓTTIR** Selma virðist vera að slá í gegn út um allan heim enda margir sem spá henni góðu gengi í Eurovision. Forkeppnin fer fram þann 19. maí en aðalkeppnin tveimur dögum seinna.

ÍSLENSKA EUROVISIONLAGIÐ: VINSÆLT ÚT UM ALLAN HEIM

# Æstir aðdáendur vilja Selmu

Fyrirspurnum um Selmu Björnsdóttir, fulltrúa Íslands í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í ár, og lagið *If I Had Your Love* hefur rignt inn til Sjónvarpsins síðustu vikur. Það eru bæði fjölmiðlar sem og æstir aðdáendur sem vilja fá upplýsingar, myndir og lagið sjálft sent til sín enda er búist við miklu af Selmu þegar keppnin í Kænugarði hefst um miðjan maí.

„Það er fólk alls staðar að sem hringir inn og er að spyrjast fyrir um Selmu og lagið,“ segir Jónatan Garðarsson hjá Sjónvarpinu. „Við erum búin að senda hátt í tvö hundruð diska út og það er eitthvað sem á eftir að bætast við.“

Jónatan segir að það sé aðallega fólk og fjölmiðlar frá þeim löndum sem keppnin er hvað vinsælust í sem hringi inn en einnig sé töluvert hringt frá löndum í Austur-Evrópu. „Það er mjög jákvætt að það séu svona margir að forvitnast um Selmu. Við finnum fyrir sterkum straumum hvað svo sem það þýðir,“ segir Jónatan hlæjandi.

